



**SKOÐUN** Við hendum árlega 60 tonnum af mat, skrifar Skúli Skúlason. **16**



**MENNING** Daninn Mikkel Harðer er nýr forstjóri Norræna hússins. **44**



**LÍFID** Íslensk fyrirsæta í aðalhlutverki í rússnesku tónlistarmyndbandi. **34**



**SPORT** Strákarnir kvöddu með sigri á heimavelli áttunda sinn í röð. **30**

**Opið allan sólarhringinn**  
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka

**OPÍÐ 24 TÍMA**

**Iceland**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Priðjudagur**  
6. janúar 2015  
4. tölublað 15. árgangur  
Sími: 512 5000

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\***

\*Samkvæmt þrenniMaksimum Content Gallup apríl-júní 2014

**FRÉTTIR**



**Uppruni hefur áhrif**  
Börn sem eiga erlenda foreldra hér á landi upplifa minni lífshamingju en önnur börn. **2**

**Prettándabrennum frestað** Vegna viðvörunar um óveður í kvöld hefur hátíðarhöldum vegna þrettándans víða verið frestað. **8**

**Efast um díoxínmengun** Bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar segir að ekki hafi verið sýnt fram á að díoxínmengun í dýrum, sem slátrað var vegna mengunar frá sorpbrennslunni Funa, hafi verið yfir viðmiðunarmörkum. **10**



Bolungarvík	-1°	S	8
Akureyri	-2°	S	7
Egilsstaðir	-2°	SSV	7
Kirkjubæjarkl.	-2°	S	5
Reykjavík	2°	S	10

**STORMUR** Suðvestan 8-15 m/s með éljum V-tíl í fyrstu en gengur í suðaustan 15-23 m/s síðdegis með úrkomu S- og V-lands og hlýnar. **4**

**2 SÉRBLÖÐ**  
Bílar | Fólk

**FÓLK**  
**RÍLAR**

ÁTTÍÐ TIL FRAMTÍÐAR

**RISA ÚTSALA**  
YFIR 2000 VÖRUTEGUNDIR  
ALLT AÐ 75% AFSL.  
OG ENGIN VÖRUGJÖLD!

**SJÓNVÖRP ÚTVÖRP**  
FERDATAEKI BÍLTÆKI  
DVD SPILARAR MAGNARAR  
HÁTALARAR MYNDAVÉLAR  
HEYRNARTÖL BÍLHÁTALARAR  
HLJÓMBÖRD MP3 SPILARAR  
REIKNIVÉLAR VÖFLUJÁRN OFMAR  
FRYSTIKISTUR BLANDARAR HÁFAR  
ÖRBYLJUOFMAR PRÁDLAUSIR SÍMAR  
SVOTTAVÉLAR STRAUJÁRN ISSKÁPAR  
SAMLUKUGRILL STRAUJÁRN  
HELLUBÖRD RYKSUCI  
UPPVOTTAVÉLAR

Sjá allt úrvalið á ht.is

**Heimilistæki**  
www.ht.is

SUBURLANDSBRAUT 26 - SÍMI 569 1500



**GULLFOSS Í VETRARSKRÚÐA** Það var kuldalegt en fallett við Gullfoss í gærmorgun. Í kvöld verður suðaustan stormur og rigning. „Svo verður þetta í kringum frostmark á miðvikudag og vægt frost á fimmtudag,“ segir Teitur Arason, veðurfræðingur á Veðurstofu Íslands. Um helgina verður svo meira frost. **FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM**

## Líklegt að passinn breytist hjá þinginu

Ólga er innan þingflokks sjálfstæðismanna vegna náttúrupassans. Ólíklegt þykir að frumvarpið verði afgreitt í óbreyttri mynd og eru aðrar hugmyndir ræddar.

**STJÓRNMÁL** Iðnaðar- og viðskiptaráðherra mun mæla fyrir frumvarpi um náttúrupassa þann 27. janúar næstkomandi. Í frumvarpinu er lagt til að passinn gildi í þrjú ár, fyrir 18 ára og eldri og kosti 1.500 krónur. Hefja á innheimtu næsta haust.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er ólga innan þingflokks sjálfstæðismanna vegna málsins. Þess er beðið að frumvarpið komist í þinglega meðferð og talið er ólíklegt að passinn verði afgreiddur af þingi í óbreyttri mynd.

Ingvar Pétur Guðbjörnsson, aðstoðarmaður Ragnheiðar Elínar Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, sem mælir fyrir frumvarpinu, segir enga vinnu í gangi í ráðuneytinu um að breyta úrfærslu þess.

Samtök ferðaþjónustunnar lögðust hart gegn náttúrupassanum þegar hann var kynntur í nóvember. Greint var frá því að samtökin hygðust þrýsta á ráðherrann að fara aðrar leiðir til tekjuöflunar fyrir ferðaþjónustuna, og lögðu til hækun á gistináttaskatti.

→ Sjálfstæðismenn hafa rætt um að taka gjald á bílastæðum náttúruperla.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er einnig verið að ræða útfærslu sem fæli í sér tekjuöflun með gjaldtöku á bílastæðum náttúruperla. Sú leið hefur ekki verið rædd sérstaklega í ráðuneytinu.

Samstarfsflokkurinn í ríkisstjórn, Framsókn, er einnig klofinn í afstöðu sinni til passans. - fbj

## Fjárfestir kvartar til ESB: Telur ESA vernda Íslendinga

**VIÐSKIPTI** Danski fjárfestirinn Lars Grundtvig sem fastur er með fjármuni innan hafta segir ESA leggja Íslandi lið í að viðhalda brotum á reglum um innri markað EES. Hann vísar málinu til ædstu stofnana Evrópusambandsins.

„Sjáum til hvort ráðherraráð Evrópusambandsins, ný framkvæmdastjórn eða þingmenn Evrópuþingsins eru til í að fallast á íslensku leiðina.“ - óká / sjá síðu 6

## Læknar eru í verkfalli á meðan inflúsa og RS-sýking herja á landsmenn: Skæðar pestir í miðju verkfalli

**HEILBRIGÐISMÁL** Í síðustu viku greindust nokkrir Íslendingar með inflúensu og RS-sýkingu. Þess utan veikjast margir af norðveirunni um þessar mundir. Ólafur Baldursson, framkvæmdastjóri lækninga, segir aðgerðir lækna skella á spítal-

anum á versta tíma en í janúar mánuði herja jafnan skæðar pestir á landsmenn. „Það gerist nánast alltaf á þessum árstíma að það er enn meiri aðsókn að spítalanum en venjulega. Verkefnið okkar aukast á þessum tíma og það gefur augaleið að þegar

um er að ræða verkfall lækna á sama tíma, þá fer þetta tvennt illa saman. Það eykur enn líkur á því að það verður erfitt fyrir okkur að tryggja öryggi sjúklinga. Það er barist við það á hverjum degi,“ segir Ólafur.

**Heilsuhúsið**

**DJÚSAÐU ÞIG UPP!**

**HEILSUFRÉTTIR**  
FYLGJA  
FRÉTTABLAÐINU Í DAG!

**Heilsuhúsið**



## SPURNING DAGSINS



Jón Arnar, gengur allt á aftur-  
endanum í ræktinni?

„Það verður að vara sig á honum.“

Jón Arnar Magnússon kírópraktor varar við því að fólk einblíni á einn líkamshluta í ræktinni. Um þessar mundir sé ofuráhersla lögð á rassinn.

Fyrirverandi ráðherra segir hugmynd um viðræðuslit setta fram til að draga athygli frá vandamálum:

## Segir Sigmund beita smjörklípuaðferð

**STJÓRNMÁL** Vilhjálmur Bjarnason, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segir að ný tillaga um að slíta viðræðum við ESB myndi koma sér illa, bæði fyrir Sjálfstæðisflokkinn og fólkíð í landinu. Hann muni ekki styðja slíkt í utanríkismálanefnd.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra sagði á Sprengisandi á Bylgjunni á sunnudag að von væri á nýrri tillögu um að slíta viðræðum við Evrópusambandið. Össur Skarphéðinsson, fyrirver-

andi utanríkisráðherra, segir þetta vera smjörklípu hjá Sigmundi.

„Hann er með flokk sem er búinn að tapa meira en helmingi af fylginu, hann er með læknaveikfall og hann er með mikla ólgu á vinnumarkaði,“ segir Össur. „Það getur vel verið að nú þurfi að fá einhverja sprengju til að ná upp fylgi,“ segir Vilhjálmur Bjarnason.

Össur segir að ummælin virki eins og rauð dula framan í evrópusinnaða sjálfstæðismenn. „Ég held að Sigmundur hafi komið

fram með þessa hugmynd í fljót-ræði. Hann hafi ekki rætt þetta við Sjálfstæðisflokkinn.

Við sjáum það að í fyrra nánast klofnaði Sjálfstæðisflokkurinn. Ég held að ef hann keyri þetta fram þá verði þetta til þess að Viðreisn, sem er fyrst og fremst búin til af evrópusinnuðum sjálfstæðismönnum, muni fá súrefni til þess að mynda flokk fyrir næstu kosningar og það mun gulltryggja það að þessi ríkisstjórn fellur,“ segir Össur.



**ÓSAMMÁLA SIGMUNDI** Össur Skarphéðinsson segir viðfangsefni ríkisstjórnarinnar erfið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**MÓTMÆLT** Þýski fáninn var áberandi í mótmælunum sem fram fóru í Berlín í gær. NORDIPHOTOS/AFP

Víðar er tekist á um byggingu mosku en á Íslandi:

## Moskubyggingum mótmælt

**ÞÝSKALAND** Það er víðar en á Íslandi sem deilt er um trúarlegar byggingar. Þjóðernissinnaðir Þjóðverjar mótmæltu moskubyggingum í Berlín, höfuðborg Þýskalands, í gær. Mótmælendur kenna sig ekki við nasisma og hafa bannað öll merki sem minna á Þriðja ríkið.

AP-fréttastofan segir að mótmæli af þessu tagi séu orðin vikulegur viðburður. Fjöldmargir taka þátt í þeim. En það eru líka margir sem hneykslast á þessari framkomu og vilja veita viðspyrnu. Það voru því haldin mótmæli í að minnsta kosti fjórum borgum í Þýskalandi í gær til að styðja við bakið á múslimum í Þýskalandi og mannréttindum þeirra.

Andvöku verður slitið:

## Fá ávísun senda í pósti

**VIÐSKIPTI** Tæplega 8.300 fyrirverandi tryggingartakar hjá Líftryggingafélaginu Andvöku fá á næstu dögum sendar ávísanir í pósti. Greiðslurnar verða í hlutfalli við iðgjaldgreiðslur á árunum 1989 og 1990, alls um 187 milljónir króna.

Greiðslurnar eru vegna slita á Eignarhaldsfélaginu Andvöku sem ljúka á á þessu ári. Arion Banki og Andvökusjóðurinn fá einnig greitt úr Andvöku í samræmi við eignarhlut sinn.

Skoðanakönnun í Noregi:

## Yfir helmingur biður bænir

**NOREGUR** Yfir helmingur kvenna í Noregi, eða 55 prósent, segir hafa beðist fyrir síðastliðið ár en 44 prósent karla. Þetta eru niðurstöður könnunar sem InFact gerði fyrir blaðið Dagen. Aðeins sex prósent biðja til æðri máttarvalda á hverjum degi.

Þeir sem biðja mest eru á aldrinum 45 til 64 ára. Á hæla þeim koma 65 ára og eldri. Aldurs hóparnir 30 til 44 ára og 18 til 29 ára biðja sjaldnast bænir.

## Börn nýbúa upplifa minni lífshamingju

Rannsókn sýnir að börn af erlendum uppruna búa við minni lífsánægju en börn af íslenskum uppruna. Minnsta lífsánægjan er meðal barna sem búa við blandaðar aðstæður, þ.e. annað foreldrið er af erlendum uppruna og hitt íslenskt.

**SAMFÉLAG** Börn sem búa á blönduðu heimili, þar sem annað foreldrið er íslenskt og hitt af erlendu bergi brotið, búa við minni lífsánægju en íslensk börn.

Þetta kemur fram í doktorsrannsókn Eyrúnar Maríu Rúnarsdóttur, aðjúnkt við uppeldis- og menntunarfræðideild Háskóla Íslands. Eyrún hélt erindi á fyrri degi ráðstefnu í líf- og heilbrigðisvísindum sem fram fór í Háskóla Íslands í gær. Eyrún hefur rannsakað lífsánægju innflytjendabarna á Íslandi og komist að þeirri niðurstöðu að hún sé almennt síðri en þeirra barna sem eru íslensk. Könnunin náði til barna sem eru 11, 13 og 15 ára.

„Þetta er í raun rannsókn sem vekur upp fleiri spurningar en hún svarar. Það getur verið svo margt sem hefur áhrif.“

Eyrún María Rúnarsdóttir, aðjúnkt í uppeldis- og menntunarfræði.

var skipt upp í fjóra hópa. Börn með pólskan og svo asískan uppruna, svo blandaðir hópar, þar sem annað foreldrið er af erlendu bergi brotið og hitt íslenskt.

Eyrún segir rannsóknina ekki skýra frá hvaða ástæðum lífsánægjan sé minni hjá þeim börnum sem eru af erlendu bergi brotin. Eflaust skýrist það af mörgum þáttum. „Þetta er í raun rannsókn sem vekur upp fleiri spurningar en hún svarar. Það getur verið



**MINNI LÍFSÁNÆGJA** Börn sem búa við blandaðar fjölskyldu- aðstæður búa samkvæmt rannsókninni við minni lífsánægju. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

svo margt sem hefur áhrif. Það sem kemur fyrst upp í hugann er hvort það séu einhverjir menningartengdir árekstrar á heimilinu.“

Eyrún setur þó vísu fyrirvara við niðurstöðurnar. „Það þarf alltaf að halda inni öllum fyrirvörum á svona rannsóknum, þetta eru tölfraðilegar upplýsingar, en þær skýra ekki orsök og afleiðingu.“

Eyrún býst við að gera frekari rannsóknir á því af hverju það stafi að lífsánægja þessara barna sé minni. „Mér finnst í raun og veru mikilvægt að fá umræðuna í gang um það hvaða aðstæður séu hér sérstakar.“

viktorja@frettabladid.is

**Við kynnum Philips Ambientlight 9000 sjónvörpin**

Engin venjuleg upplifun

Ultra HD með Android

**PHILIPS**

með Android

**Heimilistæki ht.is**

UMBODSMENN UM LAND ALLT

AKRANES • AKUREYRI • HÚSAVÍK • EGILSSTAÐIR • SELFOSS • REYKJANESBÆR • REYKJAVÍK

Bandarísk stjórnvöld veita þeim íslensku ekki aðgang að yfirheyrsluskýrslu:

## Fá ekki aðgang að CIA-skýrslu

**UTANRÍKISMÁL** Bandarísk stjórnvöld hafa svarað beiðni íslenskra stjórnvalda um aðgang að skýrslu öldungadeildar Bandaríkjaþings um yfirheyrsluáferðir CIA. Þetta staðfestir Úrður Gunnarsdóttir, upplýsingafulltrúi utanríkisráðuneytisins.

Í svari ráðuneytisins kemur fram að bandarísk stjórnvöld hafi skilning á áhyggjum íslenskra stjórnvalda vegna skýrslunnar. Þau geti hins vegar ekki veitt aðgang að þeim hluta skýrslunnar sem bundinn er trúnaði eða veitt upplýsingar um hvað þar kemur fram.

Skýrslan var opinberuð að hluta í desember og er meira en sex þúsund blaðsíður að lengd. Aðeins 480 voru birtar eftir ritskoðun.

„Bandarísk stjórnvöld hafi tjáð sig um þann hluta skýrslunnar sem er opinber en þau geti ekki tjáð sig um þann hluta sem ekki er birtur opinberlega. Þá undirstrika banda-



**LOKIÐ FYRIR LÖNGU** Bandarísk stjórnvöld segja að verkefninu sem skýrslan fjallar um hafi lokið fyrir mörgum árum. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

rísk stjórnvöld að því verkefni sem skýrslan fjallar um hafi lokið fyrir mörgum árum („the program ended long ago“),“ segir í svari ráðuneytisins.

Í svarinu segir enn fremur að utanríkisráðuneytið hafi vonast til að bandarísk stjórnvöld svöruðu með skýrari hætti. Skoðað verður í

framhaldinu hvort einhverjar frekari leiðir til að afla nánari upplýsinga séu færar.

Í skýrslunni kemur meðal annars fram að bandaríska leyniþjónustan beitti fanga sína langtum meira harðræði með yfirheyrsluáferðum en áður var gefið upp og logið til um.

-fbj





# Komdu með til Mallorca

Alcudia - Can Picafort - Playa de muro

Sumarferðir bjóða þér upp á einstaklega fjölskylduvænan áfangastað á norðurhluta Mallorca, með barnvænt og öruggt umhverfi.

Barnaklúbbar –  
Kvöldskemmtun  
Sundleikfimi – Skemmtigarðar  
Íslensk fararstjórn

Dagflug  
með Luxair!  
Mjög hentugt fyrir fjölskyldur.

ALCUDIA – MALLORCA

Sol Alcudia Center ☆☆☆

Netverð:

FRÁ 79.900 KR.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með einu svefnherbergi. Verð frá 93.800 kr. á mann m.v. tvo fullorðna í íbúð með einu svefnherbergi. Brottför: 26. maí – 1 vika.

ALCUDIA – MALLORCA

Viva Can Picafort ☆☆☆☆

Netverð:

FRÁ 95.500 KR.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með einu svefnherbergi. Verð frá 125.000 kr. á mann m.v. tvo fullorðna í íbúð með einu svefnherbergi. Brottför: 26. maí – 1 vika.

SUMAR  FERÐIR  
...eru betri en aðrar

Vertu meðlimur í netklúbbi Sumarferða. Þú gætir flogið frítt!

Fiskislóð 31, 101 Reykjavík | Sími 514 1400 | sumarferdir.is

Finndu okkur á Facebook



SVONA ERUM VIÐ



**206 milljónir króna var verðmæti ókembdrar ullar sem var seld úr landi á nýliðnu ári.**

Verðmætið var 168 milljónir árið á undan. Heimild: Hagstofa Íslands

# Dánarmein fólks á Suðurlandi var kannað í nýrri rannsókn Aðalbjargar Kristbjörnsdóttur doktorsnema: Tengsl milli jarðhitasvæða og krabbameins

**VÍSINDI** Fimmtíu og þrjú prósent meiri líkur eru á að einstaklingar á jarðhitasvæðum látist úr brjóstakrabbameini. Þetta kemur fram í rannsóknarniðurstöðum Aðalbjargar Kristbjörnsdóttur, doktorsnema í lýðheilsuvísindum, þar sem tíðni lífshættulegra krabbameina er rannsökuð á jarðhitasvæðum.

Í rannsókninni kannar Aðalbjörg dánarmein fólks yfir tuttugu og átta ára tímabil. Þýðing er þrjú sveitarfélög, Selfoss, Hveragerði, Húsavík, og sex minni sveitir.

Búseta þýðisins er á Suðurlands- undirlöndinu og á Norðausturlandi á jarðhitasvæðum. Notaðir voru samanburðarhópar á köldum og volgum svæðum. Útsett svæði úr fyrri rannsóknum Aðalbjargar voru notuð og borin saman við köld svæði. Þetta eru niðurstöðurnar:

53% prósent meiri líkur eru á að deyja úr brjóstakrabbameini. Líkurnar eru 74% prósent meiri á að deyja vegna krabbameins í blöðruhálsi. 78% prósent líkur eru á að deyja úr nýrnakrabbameini.

Það sem meira er, þá er tvöföld hættu á að deyja úr illkynja eitlafrumukrabbameini, líkur á að deyja vegna influensu eru þrefaldar og fjórtíu og níu prósent auknar líkur eru á að deyja vegna sjálfsvíga. Aðalbjörg segist þó ekki sjá neitt á þessum svæðum sem beri að óttast. „Þetta eru vísbendingar sem við erum að sjá. Við erum ekkert farin að sjá neitt hvað er að valda þessu eða hver orsökina er.“

- khn



**HVERAGERÐI** Niðurstöður rannsóknar Aðalbjargar eru að meiri líkur séu á að einstaklingar sem búa á jarðhitasvæðum látist úr brjóstakrabbameini.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Elín G. Ólafsdóttir látin

Elín G. Ólafsdóttir, fyrrverandi borgarfulltrúi og kennari, lést þann 2. janúar á Landspítalanum.



Elín fæddist í Reykjavík 28. nóvember 1933. Hún var einn af stofnendum Kvennaframbóðsins og sat í borgarstjórn fyrir Kvinnalistan í sex ár. Elín var um árabil í forystusveit kennarasamtakanna og sinnti þar mörgum trúnaðarstörfum. Aðalstarfsvettvangur Elínar var sem kennari og skólástjórnandi við Langholtsskóla í Reykjavík. Elínu voru veitt Íslensku menntaverðlaunin af forseta Íslands árið 2007.



**NÝR LANDLÆKNIR** Birgir Jakobsson er mættur til starfa FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Nýr landlæknir tekinn við: Veitir ekki viðtöl á þessari stundu

Birgir Jakobsson, nýr landlæknir, hefur tekið til starfa. Hann hefur um langt skeið sinnt stjórnunarstörfum við ýmis sjúkrahús í Svíþjóð, síðast sem forstjóri Karolínnska sjúkrahússins í Stokkhólmi. Birgir tekur við embættinu á erfðum tíma. Hann mun taka sér tíma til að kynna sér stöðu mála áður en hann veitir viðtöl.

- kbj

# Inflúensa og RS-sýking auka á vanda í verkfalli

Nokkrir Íslendingar hafa greinst með influensu og RS-sýkingu á síðustu dögum. Harðar verkfallsaðgerðir lama starfsemi spítalanna á meðan skæðar pestir herja á landsmenn. Janúarmánuður er talinn mesti annatíminn.

**HEILBRIGÐISMÁL** Um miðnætti í gær varð ljóst að hörðum verkfallsaðgerðum lækna yrði ekki afstýrt eftir árangurslausar samningaviðræður á milli lækna og ríkis.

Í gær var fimmtán aðgerðum frestað á aðgerðasviði Landspítalans. Í dag verður tuttugu til viðbótar frestað. Fyrirsjáanlegt er að 160 aðgerðum verði frestað í vikunni með ófyrirséðum afleiðingum fyrir sjúklinga.

Neyðarmönnum er á spítalanum á þeim sviðum sem verkfallið tekur til.

Í síðustu viku greindust nokkrir Íslendingar með influensu og RS-sýkingu. Ólafur Baldursson, framkvæmdastjóri lækninga, segir aðgerðir lækna skella á spítalanum á versta tíma en í janúarmánuði herja jafnan skæðar pestir á landsmenn. „Það gerist nánast alltaf á þessum árstíma að það er enn meiri aðsókn að spítalanum en venjulega. Verkefnið okkar aukast á þessum tíma og það gefur augaleið að þegar um er að ræða verkfall lækna á sama tíma, þá fer þetta tvennt illa saman. Það eykur enn líkur á því að það verði erfitt fyrir okkur að tryggja öryggi sjúklinga. Það er barist við það á hverjum degi,“ segir Ólafur.

Á síðustu dögum hafa nokkrir einstaklingar greinst með influensu (bæði influensa A og B) og RS. Þessar veirusýkingar ganga alltaf hér á landi á þessum árstíma og má búast við að fleiri einstaklingar greinist með þessar sýkingar á næstu vikum.

Inflúensa getur verið skæður sjúkdómur, einkum hjá fólki með undirliggjandi sjúkdóma.

RS sýkir einkum börn á fyrstu



aldursárum og getur valdið alvarlegum einkennum hjá yngstu börnunum. Engin bóluæfni eru til gegn RS-sýkingu.

Á bráðamóttökunni í gær var biðin löng og ljóst að aðgerðir lækna tefja starfsemina þar allverulega. Ólafur segir bráðamóttökuna ekki mega við neinum truflunum á starfsemi sinni. „Allt árið um kring er starfsemin viðkvæm og má ekki við neinum truflunum,“ segir hann og óskar þess að deilan leysist skjótt því ástandið sé varasamt. „Við á Landspítalanum erum klemmd á milli deiluaðila og óskum eftir því að þeir leysi deiluna. Ástandið eins og það er núna er gríðarlega varasamt og þetta geta verið skæðar pestir sem ganga á þessum tíma. Fréttablaðið greindi í gær frá sex konum sem


Það togast á í læknum ýmsar tilfinningar því við höfum skrifað undir eiða sem við viljum ekki bregðast.

biðu þess að fá að vita hvort þær komast í keisaraskurð. Fá þær að fara í aðgerðirnar? „Þær eru í mjög nákvæmu eftirliti og gætt vel að heilsu þeirra,“ segir Ólafur.

Andrúmsloft á spítalanum er þungt. „Maður hefur áhyggjur af starfsandanum við þessar aðstæður þegar samningar dragast og læknar fá á tilfinninguna að viðræður gangi hægt. Það togast á í læknum ýmsar tilfinningar því við höfum skrifað undir eiða sem við viljum ekki bregðast. Læknum

**ÓTTI VIÐ MISTÖK** Læknar hafa svarið eið um að hlúa af alúð að sjúklingum sínum. Þeim líður illa og finnst viðræður þokast of hægt. Framkvæmdastjórn á spítalanum funda nú daglega og taka stöðuna í verkfalli lækna.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**FLENSAN ER KOMIN** Álag eykst dag frá degi í viðkvæmri starfsemi Landspítalans.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR EYJÓLFSSON

finnst þetta óþægileg staða og óttast alvarlegar afleiðingar og mistök vegna verkfallsaðgerða í vikunni.“

- kbj

# TENNIS

er skemmtileg hreyfing


- Nú er rétti tíminn til að panta fastan tíma í tennis.
- Eigum nokkra tíma lausa.
- Skemmtilegu byrjendanámskeiðin fyrir fullorðna eru að hefjast.

TENNISHOLLIN Kópavogi

Skráning og upplýsingar í síma 564 4030 eða á tennishollin.is

## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



**HVESSIR SÍÐDEGIS** Snýst í suðaustan storm síðdegis með mikilli úrkomu, einkum sunnanlands. Úrkoman verður að mestu rigning með hlýnandi veðri og hitinn víðast 0-5 stig á láglendi í kvöld. Fremur stíf sunnanátt á morgun og kólnar smám saman.

**AUGLÝSINGAÐEILDIR FRÉTTABLAÐSINS - AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördis Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrir@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÓÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorlákssdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÓÐ EFNÍ:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarssdóttir vera@365.is **RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrnann Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **PIÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrun@365.is

Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður



**PFAFF**

# Ljósadýrð á lægra verði

STÓRÚTSALA Á ÖLLUM LJÓSUM – LÁGMARK 25% AFSLÁTTUR

ENNEM / NM6526

PFAFF **85** ÁRA



Naomi loftljós  
Verð áður: 39.900 kr.  
▶ Verð nú: 19.000 kr.



Cube veggjós  
Verð áður: 12.900 kr.  
▶ Verð nú: 8.000 kr.



Toledo loftljós - sýningareintak  
Verð áður: 110.900 kr.  
▶ Verð nú: 55.000 kr.



Tak Hive loftljós  
Verð áður: 55.900 kr.  
▶ Verð nú: 25.000 kr.



Neyon ljósakróna  
Verð áður: 49.900 kr.  
▶ Verð nú: 25.000 kr.



Loka loftljós  
Verð áður: 19.900 kr.  
▶ Verð nú: 5.000 kr.



## VEISTU SVARIÐ?



1. Innan hversu langs tíma verða skattskil eingöngu rafræn?
2. Með hvaða liði spilar Jón Arnór Stefánsson, íþróttamaður ársins?
3. Hvar býr séra Davíð Þór Jónsson?

**SVÖR:**  
 1. Innan tveggja ára. 2. Spænska liðinu. 3. A Eskitírói.

## Fljótsdalsþingur heldur áfram fjárhagsstuðningi við sjónvarpsþætti N4 um málefni Austurlands: Borga áfram Glettur Gísla Sigurgeirssonar

**FJÖLMIÐLAR** Fljótsdalsþingur ætlar að halda áfram að styrkja gerð sjónvarpsþáttanna Glettur sem N4 framleiðir og fjalla um málefni á Austurlandi. Sveitarfélagið sem styrkir þættina ásamt fleirum greiðir N4 600 þúsund krónur á þessu ári.

Í bréfi þáttastjórnandans Gísla Sigurgeirssonar segir að fyrsti Glettubátturinn hafi verið sýndur 17. júlí 2012 og nú séu þættirnir orðnir 117. Bakhjarlar hafi tekið þátt í fjármögnun. Nú séu samningar hins vegar lausir.

Gíslur segir viðbrögð áhorfenda hafa verið ákaflega góð. „Sérstaklega hefur það komið okkur á óvart, hvað við höfum fengið sterk viðbrögð af höfuðborgarsvæðinu og öðrum landslutum

utan Austurlands. Og það var nú einu sinni eitt af markmiðum okkar með þáttagerðinni, að kynna Austurland og Austfirðinga fyrir landsmönnum,“ segir Gíslur.

Áður hefur komið fram í Fréttablaðinu að sveitarfélög á Suðurlandi taka þátt í kostnaði N4 vegna gerðar sjónvarpsþáttaraðar sem bera á heitið Að sunnan.

Í bréfi Gísla er bent á að nýir eigendur hafi tekið við N4 í gegn um fjárfestingafélagið Tækifæri sem er í eigu fyrirtækja og sveitarfélaga á Norðurlandi eystra og vestra. KEA, Akureyrarbær og Lífeyrissjóðurinn Stapi eru stærstir af 33 hluthöfum.



**GÍSLI SIGURGEIRSSON** „Þáttastjórnandinn á erfitt með að slíta sig frá Austurlandi,“ segir í bréfi Gísla til Fljótsdalsþingar. MYND/HEIDA



**FORSTJÓRINN** Gylfi Sigfússon segir að verið sé að styrkja alþjóðlega frystiflutningsmiðlun Eimskips. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Efla frystiflutninga félagsins:

## Eimskip kaupir flutningamiðlun

**VIÐSKIPTI** Eimskip hefur keypt hollenska flutningsmiðlunar fyrirtækið Jac. Meisner. Hollenska fyrirtækið sérhæfir sig í móttöku og eftirliti á kældum og frystum vörum til innflutnings til Evróplanda.

Gylfi Sigfússon, forstjóri Eimskips, segir kaupin lið í að styrkja frekar alþjóðlega frystiflutningsmiðlun Eimskips. Þá muni Jac. Meisner einnig njóta góðs af alþjóðlegu flutninganeti Eimskips að sögn Gylfa.

Norðurál menntar starfsfólk:

## Útskrifast úr stóriðjuskóla

**MENNTAMÁL** Norðurál útskrifaði 34 nemendur úr stóriðjuskóla sínum í desember, sextán úr grunnnámi og átján úr framhaldsnámi.

Stóriðjuskóli Norðuráls hefur verið starfræktur frá árinu 2012 en þetta er í fyrsta sinn sem hópur útskrifast úr framhaldsnámi við skólann.

Sólveig Bergmann, upplýsingafulltrúi Norðuráls segir, að skólinn hafi hvatt nemendur sína til frekara náms. Dæmi séu um að nemendur skólans hafi farið í trésmíði, rafvirkjun, vélvirkjun og almennt bóknám eftir nám í skólanum.

# Fjárfestir segir ESA halda hlífiskildi yfir Íslendingum

Danski fjárfestirinn Lars Grundtvig sem fastur er með fjármuni innan hafta segir ESA leggja Íslandi lið í að viðhalda brotum á reglum um innri markað EES. Hann vísar málinu til æðstu stofnana Evrópusambandsins.

**UTANRÍKISMÁL** „Sjáum til hvort ráðherraráð Evrópusambandsins, ný framkvæmdastjórn eða þingmenn Evrópuþingsins eru til í að fallast á íslensku leiðina í aðild að innri markaði Evrópu,“ segir danski fjárfestirinn Lars Grundtvig, í niðurlagi bréfs sem hann ritar Óða Helen Sletnes, forseta ESA, eftirlitsstofnunar EFTA, annan janúar síðastliðinn.

Grundtvig kærði til ESA framkvæmd gjaldeyrishafta á Íslandi og fékk í desemberbyrjun lokasvar um að ESA myndi loka máli hans þar sem ekki væri að sinni séð að Ísland væri brotlegt við ákvæði Samningsins um evrópska efnahagssvæðið vegna fjármagnshaftanna. „Eftirlitsstofnunin heldur hins vegar áfram að fylgjast náið með fjármagnshöftunum í yfirstandandi eftirlitsmáli sem ESA opnaði að eigin frumkvæði og kann að taka málið upp eigi sér stað þróun sem málið varðar, á Íslandi eða varðandi lög á Evrópska efnahagssvæðinu,“ segir í bréfi Ólafs Jóhannesar Einarssonar, framkvæmdastjóra málefna innri markaðarins hjá ESA, til Grundtvigs.

Í erindi sínu til ESA vildi Grundtvig meina að þegar hafi verið uppfyllt þau skilyrði sem Seðlabankinn hafi sagt fyrir því að aflétta höftum.

Þá segir hann í bréfi sínu til formanns ESA nú í byrjun árs að ESA hafi ekki tekið tillit til athugasemda um að höft á Íslandi séu í raun algild. Uppboð Seðlabankans séu gagnslaus, svo sem vegna fæðar þeirra, lágra upphæða sem í boði séu sem og óhagstæðs gengis. Þá sé undanþáguleiðin ekki til þar sem öllum umsækjendum sé hafnað.



**SUMARFUNDUR EFTA-RÁÐHERRA Í VESTAMANNAEYJUM Í FYRRA**

Grundtvig segir Evrópuþingmenn hafa hvatt sig til að vekja athygli ráðherraráðs ESB á framkvæmd hafta á Íslandi. Í því endurspegl-ist hvernig ESA heimili EFTA-löndum að haga sér.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR



**ODA HELEN SLETNES**



**LARS GRUNDTVIG**

## Á ENN HLUT Í MAREL

Fjárfestingarfélag Lars Grundtvig og fjölskyldu hans eignaðist 18 prósent hlut í Marel þegar fyrirtækið tók í ágúst 2006 yfir Scanvægt, danskan keppinaut á sviði matvælavinnsluvéla. Lars Grundtvig tók í framhaldinu sæti í stjórn Marel. Frá því var greint í Markaðnum í nóvember síðastliðnum að breytingar dönskum lögum um erfðarétt þyrstu á um að hann flytti heim aftur pening sem hann hafði fjárfest utan heimalandsins. Höfnun Seðlabankans á undanþágubeiðni hans af þeim sökum sagði hann sýna að undanþáguférlíð væri sjónarspil. Um síðustu áramót átti Grundtvig Invest enn tæplega 8,4 prósent hlut í Marel.

Þá segir Grundtvig ESA hafa heimilað áframhaldandi höft eftir „yfirborðsskónnun“ á því hvort þau séu í samræmi við EES-samninginn. Höftin séu nú á sjöunda ári og hafi stöðugt verið hert fremur en losuð. Því sé verið að vekja athygli ráðherraráðs ESB, nýrrar fram-

kvæmdastjórnar, þingmanna Evrópuþingsins og fjölmiðla bæði inn- og erlendra, á stöðu mála.

„Þessi framvinda mála er til komin vegna þess að þú og samstarfsfólk þitt, hr. Frank J. Büchel og frú Helga Jónsdóttir, framkvæmdastjórnar ESA, hafið

heimilað framkvæmdastjóra málefna innri markaðarins, íslensk- ríkisborgara, að starfa eins og framlenging frá Íslandi með þeim afleiðingum að reglur innri markaðar Evrópu gilda ekki í tilfalli Íslands,“ segir Grundtvig.

oikr@frettabladid.is

**Alvöru FLUGELDAR Opið í dag þrettándann kl. 14-20**

**SÖLUSTADIR OKKAR ERU:**

<p><b>Skeifan 19</b> (við hlöðna á Myllunni) Einar ☎ 899 6005</p>	<p><b>Kleppsvetur 152</b> (við hlöðna á verskuninni Adam og Evi) Jóhann &amp; Ragnar ☎ 690 7424</p>	<p><b>Bæjarlind 14-16</b> (verskjunin Þeirri) Jóhann &amp; Ragnar ☎ 690 7424</p>	<p><b>Smíðjuvegur 6</b> (Beint á mótt íspari) Valdís ☎ 773 3714+</p>
<p><b>Lækjargata 2</b> (áður víðvöldlega) Hrafnhildur ☎ 867 2112*</p>			





140.000 kr.  
Í AFSLÁTTI!

Tilboð: 2.950.000 kr.

**Ford Focus Trend Edition** IIL11  
Skráður maí 2014, 1,0i bensín, beinskíptur.  
Ekinn 23.000 km.  
Ásett verð: 3.090.000 kr. Í ábyrgð

**BÍLADÍLL DAGSINS!**  
Hafðu samband  
strax!



900.000 kr.  
Í AFSLÁTTI!

Tilboð: 2.990.000 kr.

**Mercedes Benz E-Class 200** MAE668  
Skráður október 2008, 1,8i bensín/metan, sjálfsk.  
Ekinn 138.000 km.  
Ásett verð: 3.890.000 kr.



200.000 kr.  
Í AFSLÁTTI!

Tilboð: 890.000 kr.

**Ford Fusion Trend** KDF45  
Skráður júní 2008, 1,6i bensín, sjálfskíptur.  
Ekinn 101.000 km.  
Ásett verð: 1.090.000 kr.



Verð: 2.090.000 kr.

**Ford Escape Limited** YAA76  
Skráður nóvember 2007, 3,0i bensín, sjálfskíptur.  
Ekinn 109.000 km.

# NOTAÐIR BÍLAR

## MIKIÐ ÚRVAL OG GOTT VERÐ

*Gerðu betri bílakaup!*



400.000 kr.  
Í AFSLÁTTI!

Tilboð: 2.790.000 kr.

**Toyota Corolla Terra** PNT61  
Skráður júní 2012, 1,6i bensín, sjálfskíptur.  
Ekinn 29.000 km.  
Ásett verð: 3.190.000 kr.



400.000 kr.  
Í AFSLÁTTI!

Tilboð: 2.550.000 kr.

**BMW X5 AWD** YZT67  
Skráður maí 2006, 3,0i bensín, sjálfskíptur.  
Ekinn 147.000 km.  
Ásett verð: 2.950.000 kr.



260.000 kr.  
Í AFSLÁTTI!

Tilboð: 7.690.000 kr.

**Volvo XC60 Sumnum D4 AWD** ZHZ45  
Skráður maí 2014, 2,4TDi dísil, sjálfskíptur.  
Ekinn 32.000 km.  
Ásett verð: 7.950.000 kr. Í ábyrgð

### FINNDU BÍLINN ÞINN



### TÖKUM ALLAR TEGUNDIR BÍLA UPPÍ

SÝNDU OKKUR BÍLINN  
ÞINN OG VIÐ GERUM  
ÞÉR TILBOÐ Í MILLIGJÖF.  
ENGIN SKULDBINDING

# NOTADIR.BRIMBORG.IS

Ýmsar fjármögnunarleiðir í boði. Spyrðu ráðgjafa.



140.000 kr.  
Í AFSLÁTTI!

Tilboð: 2.950.000 kr.

**Ford Focus Trend Edition** ORK29  
Skráður nóvember 2013, 1,0i bensín beinskíptur.  
Ekinn 16.000 km.  
Ásett verð: 3.090.000 kr.



140.000 kr.  
Í AFSLÁTTI!

Tilboð: 1.050.000 kr.

**Toyota Avensis Sol** DP114  
Skráður júní 2006, 1,8i bensín beinskíptur.  
Ekinn 134.000 km.  
Ásett verð: 1.190.000 kr.



200.000 kr.  
Í AFSLÁTTI!

Tilboð: 3.950.000 kr.

**Volvo V40 Kinetic D2** AYH76  
Skráður desember 2013, 1,6TDi dísil, sjálfskíptur.  
Ekinn 30.000 km.  
Ásett verð: 4.150.000 kr. Í ábyrgð



150.000 kr.  
Í AFSLÁTTI!

Tilboð: 1.340.000 kr.

**Ford Escape XLT** MZ601  
Skráður maí 2007, 3,0i bensín, sjálfskíptur.  
Ekinn 126.000 km.  
Ásett verð: 1.490.000 kr.



200.000 kr.  
Í AFSLÁTTI!

Tilboð: 890.000 kr.

**Ford Fusion Trend** ALD03  
Skráður júní 2008, 1,4i bensín, beinskíptur.  
Ekinn 122.000 km.  
Ásett verð: 1.090.000 kr.



600.000 kr.  
Í AFSLÁTTI!

Tilboð: 8.490.000 kr.

**Volvo XC90 Momentum D5 AWD** EYG10  
Skráður apríl 2012, 2,4Di dísil, sjálfskíptur.  
Ekinn 69.000 km.  
Ásett verð: 9.090.000 kr.



420.000 kr.  
Í AFSLÁTTI!

Tilboð: 3.570.000 kr.

**Ford Kuga Titanium S** TKV42  
Skráður apríl 2012, 2,0TDCi dísil, sjálfskíptur.  
Ekinn 84.000 km.  
Ásett verð: 3.990.000 kr.

FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK

Notaðir bílar - Brimborg

Tilboðsbílarinn fara  
beint á Facebook!

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030  
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040  
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050





Tekist á um lögmati verðtryggingar fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Tilskipun ESB leggur ekki blátt bann við slíkum skilmálum:

# Segir almenning vera upplýstan um verðtrygginguna

**NEYTENDAMÁL** „Allur almenningur er upplýstur um verðtryggingu og hvað hún felur í sér,“ sagði Áslaug Árnadóttir, lögmaður Íslandsbanka, í máli sem Gunnar V. Engilbertsson, viðskiptavinur bankans, höfðaði gegn bankanum vegna fjögurra milljóna króna verðtryggðs fasteignaveðláns sem hann tók árið 2007.

Lögmaður Gunnars, Einar Páll Tamimi, sagði að Gunnar hefði ekki verið upplýstur um hvernig lánið gæti þróast á lánstímanum vegna verðtryggingarinnar. Í munnlegum málflytningi, sem fram fór í gær fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, sagði Einar Páll að í

lánaskjölunum væri ekki vísað til við hvaða vísitölu verið væri að binda lánið, ekki upplýst hvernig sú vísitala væri reiknuð og svo að minnst eins prósent ofmat væri á verðhækkunum á hverju ári samkvæmt vísitölunni.

Einar Páll sagði að bankinn ætti að hafa gert lántakandanum grein fyrir um hvaða vísitölu væri að ræða, hvernig hún væri samansett, og hver þróunin hefði verið á henni á einhverju tilteknu tímabili. Tók hann sem dæmi að bílaleigur væru með ítarlegri útskýringar á lögum og skilmálum um bíla sína en bankinn um verðtryggð lán sín.

Leitað var til EFTA-dómstólsins um ráðgefandi álit í málinu og var álit dómsins birt í lok ágúst. Þar kom fram að tilskipun Evrópusambandsins um óréttmæta skilmála í neytendasamningum leggi ekki almennt bann við skilmálum um verðtryggingu veðlána í samningum milli veitanda og neytanda. EFTA-dómstóllinn sagði það vera íslenskra dómstóla að taka afstöðu til þess hvort lánasamningurinn sé sanngjarn. Tekist er á um það fyrir héraðsdómi.

Lántakandi sagði fyrir dómi að hann hefði talið áhættuminna að taka verðtryggð lán en önnur sem í boði voru.



Í HÉRAÐSDÓMI Áslaug Árnadóttir lögmaður telur að almenningi eigi að vera ljóst hvaða þýðingu verðtryggingin hefur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



„Ég hafði komið víða við í vinnu. Síðasta starfið fyrir námið hjá NTV var kokkastarf. Eftir Kerfisstjórabrautina fékk ég frábært starf hjá Isavía.“

Guðni Thorarensen  
Kerfisstjóri hjá Isavía



## KERFISSTJÓRABRAUT

NÝR STARFSVETTIVANGUR Á EINU ÁRI!

**Helstu upplýsingar:**

Lengd: 371 stundir

Verð: 583.000.-

**Morgunnám**

Hefst: 27. janúar

Lýkur: 24. nóvember

Dagar: þri & fim: 8.30 - 12.30  
fös: 13.00 - 17.00

**Kvöld- og helgarnám**

Hefst: 26. janúar

Lýkur: 23. nóvember

Dagar: mán & mið: 18 - 22  
lau: 8.30 - 12.30

Nám fyrir þá sem vilja hasla sér völl sem kerfisstjórar hjá fyrirtækjum og stofnunum. Nemendur öðlast viðtækan skilning á uppsetningu netkerfa, viðgerðum og bilana-greiningu á vélbúnaði og uppsetningu stýrikerfa.

Námið samanstendur af 3 námskeiðum:

- Tölvuviðgerðir
- Win 7/8 & Netverk+
- MCSA Netsstjórnun

Gefinn er 10% afsláttur af öllum pakkanum. Þrjú alþjóðleg próf innifalín: „Microsoft Certified Solutions Associate“



NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN  
- VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI





**BRENNNA Á ÆGISÍÐU** Um hádegisbilið í dag verður tilkynnt hvort þrettándabrennur í Grafarvogi og við Ægisíðu verða haldnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Fresta brennum vegna óveðurs

Búið er að fresta þrettándabrennum í kvöld víða vegna óveðurs. Reykjavíkurborg er eina sveitarfélagið á höfuðborgarsvæðinu sem ekki tekur jólatré fyrir íbúa.

**SAMFÉLAGSMÁL** Óvíst er hvort þrettándaskemmtanir- og brennur sem á dagskrá voru í dag verði haldnar vegna veðurs. Veðurstofa Íslands hefur sent út viðvörðun um að búast megi við stormi um landið sunnan- og vestanvert í kvöld. Vindhraði verður 12-20 metrar á sekúndu auk þess að það spáir rigningu.

Þegar er búið að fresta þrettándabrennum í Grafarholti og á Akranesi, þrettándagleði HK í Digranesi og á Selfossi. Þrettándabrennur í Grafarvogi og við Ægisíðu og þrettándagleði Hauka eru enn á dagskrá. Endanleg ákvörðun um hvort þær verða haldnar verður tekin um hádegisbilið í dag.

Þór hyggst halda þrettándagleði á Þórsvellinum á Akureyri sem hefst klukkan fimm í dag. Leiki veðurguðirnir Akureyringa grátt verða hátíðahöldin færð inn í Bogann.

Reykjavíkurborg er eina sveitarfélag höfuðborgarsvæðins sem ekki safnar saman jólatrjáum fyrir íbúa sína.

Í öðrum sveitarfélögum eru



„Það kostaði borgina um tíu milljónir króna á ári að tína jólatrén upp.“

Bjarni Brynjólfsson, upplýsingafultrúi Reykjavíkurborgar.

Íbúðar beðnir að setja jólatré fyrir utan lóðamörk þar sem þeim verður safnað saman frá miðvikudeginum 7. janúar. Reykvikingar þurfa sjálfir að sjá um að koma jólatrjáum í endurvinnslustöðvar Sorpu óski þeir þess.

Bjarni Brynjólfsson, upplýsingafultrúi Reykjavíkurborgar, segir að söfnun jólatrjáa hafi verið hætt í sparnaðarskyni eftir jólin árið 2008. „Það kostaði borgina um tíu milljónir króna á ári að tína jólatrén upp,“ segir Bjarni og bætir við að almennt hafi fyrirkomulagið gefist vel. „Við sjáum að minnsta kosti ekki mörg tré á flækingi,“ segir Bjarni. ingvar@frettabladid.is

Ellefu prósent myndu skila auðu ef kosið væri nú:

## Píratar bæta við sig

**STJÓRN MÁL** Nær ellefu prósent aðspurðra segjast myndu skila auðu ef kosið yrði til Alþingis í dag. Þetta kemur fram í Þjóðarpólí Gallup. Píratar bæta við sig þremur prósentustigum og mælast með 10,7 prósentu fylgi.

Stuðningur við Vinstri-græna minnkar um tæplega tvö prósentustig og við Bjarta framtíð um tæpt prósentustig milli mánaða. Næstum þrettán prósent segjast myndu kjósa Vinstri-græna og sama hlutfall Bjarta framtíð.

Fylgi annarra flokka breytist lítið milli mánaða eða á bilinu 0,1 til 0,3 prósentustig. Líðlega 27 prósent segjast myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn, fimmtungur segist myndi kjósa Samfylkinguna og



**ALÞINGI** Stuðningur við ríkisstjórnarflokkana mælist innan við 40 prósent. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

rúmlega 11 prósent Framsóknarflokkinn. Líðlega fimm prósent segjast myndu kjósa aðra flokka en nú eiga sæti á Alþingi.

Um þrettán prósent taka ekki afstöðu eða gefa hana ekki upp.

- sáþ

Vissir þú að...

Það er bannað að mismuna börnum eftir litar hetti



**Barnaheill**  
Save the Children á Íslandi



# Útsalan er hafin!

## Allt að 50% afsl. af húsgögnum og gjafavöru!



### Islandia borðstofuhúsgögn

Mikið úrval af skápum, hillum, sjónvarpsskápum, sófaborðum, stækkanlegum borðstofuborðum o.fl. Fáanleg í eik og hnotu. Nú með 25% afslætti.  
 Borðstofuborð 100 x 200/300 cm kr. 319.000,-, nú **239.250,-**. Borðstofuborð 100 x 160/260 cm, kr. 298.000,- nú **223.500,-**. Glerskápur 110 x 200 cm, kr. 329.000,-, nú **246.750,-**.  
 Skenkur 3ja hurða 189 x 50 x 88 cm, kr. 323.000,-, nú **242.250,-**. Skenkur 4ra hurða 240 x 50 x 88 cm, kr. 429.000,-, nú **321.750,-**.  
 Borðstofustóll í leðri, 36.000,-, **tilboðsverð (-45%) kr. 19.800,-**.



### HTL 2776 tungusófi í leðri

Tvö rafstýrð hvíldarsæti, Stíllanlegir höfuðpúðar.  
 Litir: svart, brúnt og hvítt. Stærð: 300 x 162 cm  
 Verð 779.000,-. Tilboðsverð (-25%) **kr. 584.250,-**

### HTL tungusófi í leðri

Stærð: 260 x 165 cm. Litir: Svart, brúnt og hvítt.  
 Verð kr. 495.000,-. Tilboðsverð (-20%) **kr. 371.250,-**



### Islandia heilsudýnur (-30%)

90 x 200 cm, kr. 118.000,-, nú **kr. 82.600,-**  
 120 x 200 cm, kr. 156.000,-, nú **kr. 109.200,-**  
 140 x 200 cm, kr. 167.000,-, nú **kr. 116.900,-**  
 160 x 200 cm, kr. 175.000,-, nú **kr. 122.500,-**  
 180 x 200 cm, kr. 189.000,-, nú **kr. 132.300,-**



pokaflaðrir



áfóst  
lúxus yfirdýna



aukagag af  
smáum gormum



latex millilag

# HEIMAHÚSIÐ

Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - [www.heimahusid.is](http://www.heimahusid.is). Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11 -16.



Jens Garðar Helgason, formaður Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, telur að ríki og útgerðir eigi að einfalda reglur um byggðakvóta:

## Vilja funda með yfirvöldum um framtíð byggðakvóta

**SJÁVARÚTVEGUR** Jens Garðar Helgason, formaður Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS), vill að skoðað verði hverju byggðakvótakerfið skili þeim byggðarlögum sem slíkan kvóta fá.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra sagði í þættinum Sprengisandi á Bylgjunni síðastliðinn sunnudag, að byggðakvóti gegndi mikilvægu hlutverki í að halda byggð allt í kringum landið. Sagði hann byggðakvótann ekki vera umhverfisvænan en skipta sköpum í mörgum sveitarfélögum landsins.

Alls hefur 29 sveitarfélögum verið úthlut-

að byggðakvóta fyrir yfirstandandi fiskveiðiar. Auk þess er Byggðastofnun í samvinnu við tólf sveitarfélög um sértækan byggðakvóta.

Jens Garðar bendir á að hið opinbera sé þriðji stærsti útgerðaraðili landsins. Farsælt væri fyrir alla aðila að endurskoða fyrirkomulag byggðakvótans í heild sinni og ná meiri árangri með honum.

„Íslenska ríkið er þriðja stærsta útgerð landsins í dag með um 22 til 25 þúsund þorskiöldistonn á sinni könnu. Í dag er þessum tonnnum úthlutað með fernum hætti; með línuvöðum, strandveiðum, byggðakvóta

og sérstökum byggðakvóta Byggðastofnunar. Sjálfur hef ég nokkurra ára reynslu sem sveitarstjórnarmaður í sjávarplássi þegar kemur að byggðakvótanum og strandveiðum.

Ég tel að það sé kominn tími á að ríkið, Byggðastofnun og sveitarstjórnarstigið setjist niður og meti hvort núverandi fjögur kerfi séu raunveruleg viðspyrna fyrir þau byggðarlög sem hafa orðið fyrir aflasamdrætti eða er kominn tími á að einfalda og endurskilgreina nýtingu þessara þorskiöldistonna með hagsmuni þessara samfélaga að leiðarljósi,“ segir Jens Garðar.



JENS GARÐAR HELGASON formaður SFS.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

- 5a



**PYRLA LANDHELGISGÆSLUNNAR** Beiðni barst um aðstoð klukkan rúmlega fjögur.

MYND/LANDHELGISGÆSLAN

Lenti í alvarlegu óhappi:

## Pyrlan sótti 4 ára dreng

**BJÖRGUN** Pyrla Landhelgisgæslunnar var kölluð út á sunnudag til þess að sækja barn sem lent hafði í alvarlegu óhappi. Beiðni barst klukkan 16.16 frá lækni á Kirkjubæjarklaustri.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var barnið, sem er fjögurra ára drengur, með aðskotahlut í hálsi. Sjúkrabíll ók af stað með barnið en þyrlunni var flogið frá Reykjavík á móti sjúkrabílnum.

Vegna lélegs skyggnis var ákveðið að lenda við Eyvindarhólakirkju sem er rétt vestan við Skóga. Drengurinn var fluttur um borð í þyrluna sem lenti við Landspítalann í Fossvogi klukkan 18.31.

- vh

Nýr aðstoðarmaður formanns:

## Árni í starf hjá Bjartri framtíð

**STJÓRN MÁL** Árni Múli Jónasson hefur verið ráðinn pólitískur ráðgjafi þingflokks Bjartrar framtíðar og aðstoðarmaður formanns flokksins. Hann er hokinn af reynslu, lögfræðingur og hefur m.a. starfað sem fiskistofustjóri og bæjarstjóri á Akranesi og hjá umboðsmanni Alþingis.

Í tilkynningu segir að Árni Múli hafi sérhæft sig í mannréttindalögfræði og unnið að þeim málum í stjórn Íslandsdeildar Amnesty International og hjá Rauða krossi Íslands.

- jhh



ÁRNI MÚLI JÓNASSON

15 þúsund skrá sig inná dag:

## Rúmlega 150 þúsund Íslyklar

**SAMFÉLAG** Gefnir hafa verið út tæplega 148 þúsund Íslyklar til einstaklinga og rúmlega þrjú þúsund til fyrirtækja.

Þjóðskrá gefur Íslykilinn út. Hann er notaður sem rafrænt skilríki á vefjum stofnana, sveitarfélaga, félagasamtaka og fyrirtækja. Innskráningarþjónusta Ísland.is býður upp á innskráningu inn á vefi um 100 þjónustuveitenda og um 5-15 þúsund manns nýta sér þjónustuna.

- fbj

## Bæjarstjóri efast um díoxínmengun í kjöti

Skýrslur danskra rannsóknaraðila sýndu díoxínmagn í kjöti bænda í Engidal undir mörkum segir bæjarstjóri Ísafjarðar. Búpeningnum var slátrað, segir hann, þegar Matvælastofnun setti sölubann á kjötið og olli uppnámi með innköllun í Evrópu.

**UMHVERFISMÁL** Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri á Ísafirði, segir bæinn ekki viðurkenna skaðabótaskyldu vegna díoxínmengunar frá sorpbrennslunni í Engidal þótt bærinn ætli að taka þátt í að bæta tjón bænda á svæðinu.

„Það kann að hljóma undarlega, en ég hef aldrei séð gögn sem sýna fram á díoxínmengun í þessu kjöti úr Engidal, marktækt yfir mörkum. Þvert á móti þá sá ég á sínum tíma skýrslur frá danska rannsóknaraðilanum, sem sýndu að mengun í kjöti var í öllum tilfellum undir mörkum. Það er einmitt af þessum ástæðum sem Ísafjarðarbær hefur aldrei viðurkennt að vera valdur að því tjóni sem varð,“ segir Gísli.

Búpeningur í Engidal var felldur í kjölfar díoxínmengunar sem barst frá sorpbrennslunni Funa. Stöðinni, sem hafði verið á undanþágu, var lokað í árslok 2010.

Gísli segir að fróðlegt væri að sjá frumskýrslur með mengunarpplýsingum frá Matvælastofnun (MAST). „Ástæða þess að slátra þurfti búpeningi í Engidal var bannið sem MAST hafði sett á kjötið og uppnámið sem MAST olli með því að innkalla íslenskt lambakjöt frá Evrópu. Eina leið sláturleyfishafa og bænda til að losna úr þeirri klemmu var að útrýma gripunum í Engidal og tjónið stafaði af því,“ segir bæjarstjórnin.

Ekki fengust svör frá MAST í gær en í skýrslu stofnunarinnar um framtíð búskapar í Engidal segir að díoxín hafi mælst yfir mörkum í sýnum sem tekin voru úr kjöti af svæðinu í desember 2010. Díoxín hafi áður mælst yfir mörkum í mjólk.

Ísafjarðarbær hefur nú samþykkt gagntilboð Kristjáns Ólafssonar um bætur vegna tjóns sem hann varð fyrir. Samkomulag við Steingrím Guðmundsson, sem rætt var við í Fréttablaðinu í gær, er enn ófrágengið. „Við bíðum enn formlegra viðbragða frá Stein-



**FÖRNARLÖMB** Öllu sauðfé í Engidal var slátrað vegna díoxínmengunar frá sorpbrennslunni Funa.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

grími við tilboði okkar sem lagt var fram fyrir löngu síðan,“ segir Gísli.

Að sögn Gísla ákvað Ísafjarðarbær þrátt fyrir málavexti að bjóða bændunum bætur þannig að þeir þyrftu ekki að sitja sjálfir uppi með allt tjónið. „Engu að síður viðurkennir Ísafjarðarbær ekki bótaskyldu í málinu,“ undirstrikar bæjarstjórnin.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær vildi Ísafjarðarbær ekki upplýsa um þær bætur sem bæjarráðið samþykkti að greiða fyrir júl. Það mál varðar bæturnar til Kristjáns. „Ástæða þess að ekki er upplýst um bæturnar að sinni er að við teljum okkur þurfa leyfi frá Kristjáni. Við eigum enn



Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri á Ísafirði.

eftir að fá afstöðu Kristjáns til þess,“ segir Gísli Halldór Halldórsson.

gar@frettabladid.is

Það kann að hljóma undarlega, en ég hef aldrei séð gögn sem sýna fram á díoxínmengun í þessu kjöti úr Engidal, marktækt yfir mörkum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Minniháttar skemmdir: Flugeldur settur inn í bréfalúgu

**LÖGREGLUMÁL** Um hálf fimm aðfaranótt mánudags barst lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu tilkynning um að flugeldur hefði verið settur inn um bréfalúgu þar sem hann sprakk en skemmdir voru minniháttar. Sömu nótt var maður handtekinn er hann reyndi að komast um borð í skip við Örfirisey. Lögreglunni barst einnig tilkynning um líkamsárás í Lækjargötu á þriðja tímanum. Meisli fórnarlambins voru minniháttar en gerandi var farn af vettvangi þegar lögreglan mætti á staðinn. Nokkrir öku-menn voru stöðvaðir vegna gruns um akstur undir áhrifum áfengis eða fíkniefna.

- sáþ



ÁSTA ÞÓRARINSDÓTTIR Nýr stjórnarformaður FME.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ásta verður stjórnarformaður:

## Skipar nýja stjórn FME

**VIÐSKIPTI** Fjármála- og efnahagsráðherra hefur skipað nýja stjórn Fjármálaeftirlitsins til næstu fjögurra ára.

Ásta Þórarinsdóttir verður stjórnarformaður. Ásta starfaði í bankaeftirliti hjá Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitinu í ellefu ár. Með Ástu í stjórn verða Tómas Brynjólfsson, skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu, og Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri.

Halla Sigrún Hjartardóttir, fráfandi stjórnarformaður, ákvað að sækjast ekki eftir framlengingu á skipunartíma sínum eftir umræðu fyrr í vetur um persónuleg viðskipti hennar.

Meðal annars greindi Viðskiptablaðið frá því að Halla Sigrún hefði verið kærð til FME árið 2011.

- ih

Fjórir fyrrverandi yfirmenn norsks stórfyrirtækis fyrir rétti í stærsta spillingarmáli í sögu Noregs:

## Neita allri ábyrgð á háum mútugreiðslum

**NOREGUR** Fjórir fyrrverandi yfirmenn norska áburðarfyrirtækisins Yara segjast allir saklausir af ákærum um stórfelldar mútugreiðslur í Líbíu, Indlandi og Rússlandi.

Fyrirtækið hefur engu að síður viðurkennt að hafa verið meira en 70 milljónum norskra króna í mútugreiðslur, eða nærri 1.200 milljónum íslenskra króna.

Réttarhöld í málinu hófust í gær

í Ósló, en norskir fjölmiðlar segja þetta vera eitt stærsta spillingarmál Noregs. Reiknað er með að réttarhöldin standi yfir í nærri fimmtíu daga virka, eða meira en þrjú mánuði.

Meðal sakborninganna er Thorleif Enger, sem áratugum saman hefur verið í forystusveit norskra kaupsýslumanna. Hinir þrír eru Norðmaðurinn Tor Holba, framkvæmdastjóri hjá Yara, franskur

kaupsýslumaður að nafni Daniel Clauw og bandarískur lögmaður að nafni Kendrick Taylor Wallace.

Þeir Enger, Clouw og Wallace eru allir á sjötugs- eða áttræðisaldri, hættir að vinna en með háar tekjur. Holba er 58 ára gamall, enn á launaskrá hjá Yara en búsettur á Spáni.

Yara er einn af stærstu áburðarframleiðendum heims með starfsemi í um 150 löndum.

- gb



THORLEIF ENGER Einn helsti forystumaður í norsku viðskiptalífi er meðal sakborninga.

NORDICPHOTOS/AFP



# ÚTSALA

# 40%

# TIL

# 70%

## AFSLÁTTUR

af útsöluvörum í fatnaði, skóm og heimilivöru



## Ófullnægjandi merkingar: Hjólbarðaverkstæði sektuð

**NEYTENDUR** Neytendastofa hefur sektað fimm hjólbarðaverkstæði á höfuðborgarsvæðinu um 50 þúsund krónur vegna ófullnægjandi lagfæringa á verðmerkingum. Þau fyrirtæki sem fengu athugasemdir fengu fyrir mæli um að lagfæra verðmerkingar svo ekki þyrfti að koma til frekari aðgerða.

Verkstæðin sem voru sektuð eru Bíla-átan Smiðjuvegi, Bílkó Smiðjuvegi, KvikkFix Hvaleyrarbraut, MAX1-Bílavaktin Bíldshöfða og Vaka Skútuvogi.

- ibs

Evrán stóð um stund í lægsta punkti gagnvart dollar síðustu níu ár í gær:

## Vandræði Grikkja hafa áhrif

**PÝSKALAND** Evrán hafði um stund í gær ekki verið veikari gagnvart Bandaríkjadal síðan í mars 2006, að því er fram kemur í umfjöllun Financial Times. Veikingin er sögð hafa komið í kjölfar fregna Der Spiegel um helgina um að Þýskaland væri reiðubúið að heimila Grikklandi að ganga út úr evrusamstarfinu og vísbendingar væru um að seðlabanki Evrópu byggi sig undir frekari kaup á ríkisskuldabréfum.

Fram kemur að dollarinn hafi

styrkst gagnvart öllum gjaldmiðlum nema japönsku jeni og ekki verið sterkari í níu ár. Evrán hafi fallið um svo mikið sem 1,2 prósent gagnvart dollar en hún hafi aðeins rétt úr kútnum aftur í 1,1955 dollara á móti evru, og hafði þá ekki verið lægri í fjögur og hálf ár.

Gengissveifla evrunnar átti sér að sögn Financial Times stað áður en birtar voru tölur um að verðbólga hafði ekki verið minni á evrusvæðinu í fimm ár í desember.

- óká



**Í FRANKFURT** Financial Times hefur eftir Angelu Merkel Þýskalandskanslara að Þjóðverjar geri enn ráð fyrir að Grikkir standi við skuldbindingar sínar. NORDICPHOTOS/AFP

## Handtekinn um helgina: Missti dóp á lögreglustöð

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Suðurnesjum fann poka sem reyndist innihalda fimm grömm af amfetamíni í anddyri lögreglustöðvarinnar í Keflavík.

Lögreglan var fljót að hafa uppi á eigandanum sem hafði verið í anddyri lögreglustöðvarinnar skömmu áður. Hann hafði verið farþegi í bíli sem stöðvaður hafði verið vegna gruns um fíkniefna-akstur. Maðurinn hafði misst pokann sem hann geymdi í buxna-strengnum.

- ih

**OPEN FROM 11 AM EVERY DAY**

# Lebowski Bar menu

- 1. LEBOWSKI**  
Ostborgari <sup>150g</sup> 990 kr.  
Með frönskum og gosi 1450 kr.
- 2. WALTER**  
Beikonborgari <sup>150g</sup> 1290 kr.  
Með frönskum og gosi 1750 kr.
- 3. DONNY**  
Bernaiseborgari <sup>150g</sup> 1290 kr.  
Með frönskum og gosi 1750 kr.
- 4. THE OTHER LEBOWSKI**  
Steikarborgari <sup>150g</sup> 1590 kr.  
Búinn til úr nautalund.  
Með frönskum, bernaise og gosi 2090 kr.
- 5. BUNNY LEBOWSKI**  
Kjúklingaborgari 1290 kr.  
Með gráðastasósu og BBQ sósu.  
Með frönskum og gosi 1750 kr.
- 6. HONEY BOO**  
Beikonborgari <sup>150g</sup> 1290 kr.  
Hunangsgljáð beikon, BBQ sósa og japanskt mæjónes.  
Með frönskum og gosi 1750 kr.
- 7. THE NIHILISTS**  
Kjúklingavængir 10stk. 1390 kr.  
Gráðastasósa og BBQ sósa.

**Lebowski BAR**

Laugavegi 20a 101 Reykjavík  
552-2300 lebowskibar.is

# Líbanon lokar á sýrlenskt flóttafólk

Nýjar reglur um vegabréfsáritanir og dvalarleyfi tóku gildi í gær. Óljóst hvernig stjórnin í Líbanon ætlar að standa við loforð um að taka áfram við þeim sem berskjaldaðastir eru. Um fjórðri hver íbúi landsins er nú flóttamaður frá Sýrlandi.

**LÍBANON, AP** Líbanon hóf í gær framkvæmd fjöldatakmarkana á straumi flóttamanna frá Sýrlandi. Almenningsálitið hefur snúist gegn sýrlenska flóttafólkinu, sem streymt hefur þangað í stórum stíl síðustu misserin.

„Við erum búnir að fá nóg. Það er engin geta lengur til þess að hýsa fleira fólk á vergangi,“ segir Nohad Machnúk innanríkisráðherra.

Frá því borgarastríðið í Sýrlandi hófst árið 2011 hefur allt að ein og hálf milljón manna flúið til Líbanons. Fyrir voru í landinu um það bil fjórar og hálf milljón íbúa, þannig að nú er einn af hverjum fjórum íbúum landsins flóttamaður frá Sýrlandi.

Nýjar reglur tóku gildi í gær, þar sem Sýrlendingar fá vegabréfsáritun þegar þeir koma til landsins, auk þess sem dvalarleyfi verður bundið við mun styttri tíma en til þessa.

Vegabréfsáritanirnar eru í nokkrum flokkum eftir því hvaða erindi fólknið á til Líbanons. Meðal flokka má nefna ferðamennsku, viðskipti, menntun og lækniástoð. Ekki er sjáanlegt að þar sé gert ráð fyrir neinum hælisleitendum.

Gömlu reglurnar hafa verið í gildi áratugum saman, en samkvæmt þeim fengu Sýrlendingar án vandkvæða sex mánaða vegabréfsáritun. Þar að auki gátu flestir valsað fram og til baka yfir landamærin, athugasemdalaust.

„Við erum að skoða þessar nýju reglur af nokkrum áhuga, því þar er ekkert minnst á samkomulag við stjórnina um að þeir berskjölduðustu fái áfram að koma yfir landamærin,“ hefur AP-fréttastof-



**FLÓTTAMANNABÚÐIR** Risastórar flóttamannabúðir hafa risið á strjálbýlum svæðum í Líbanon. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**1,5** milljónir manna hafa flúið frá Sýrlandi til Líbanons á síðustu misserum.

an eftir Ron Redmond, talsmanni flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNHCR. Þar er meðal annars átt við einstæðar mæður, sem flýja með börn sín. Ennfremur þá sem þurfa á brýnni lækniástoð að halda og börn sem orðið hafa viðskila við fjölskyldur sínar.

Líbanon er lítið land, ekki nema tíu þúsund ferkílómetrar, eða lítið eitt stærra en Vestfjarðakjálkinn. Það munar því um hálfra aðra milljón flóttamanna, sem streymt hafa til landsins á örfáum misserum.

„Við erum búnir að fá nóg. Það er engin geta lengur til þess að hýsa fleira fólk á vergangi.“

Nohad Machnúk, innanríkisráðherra.

Risastórar tjaldborgir hafa risið á strjálbýlum svæðum, auk þess sem eftirspurn eftir húsnæði í borgum og bæjum hefur snaraukist. Leiguverð hefur hækkað verulega og álag á orku- og vatnsveitur hefur aukist gífurlega.

Heimamenn tóku flóttafólkinu í fyrstu fagnandi og buðu fram aðstoð sína, en eftir því sem stríðið í Sýrlandi hefur dregist meira á langinn hefur þolinmæðina þrotið hjá mörgum.

gudsteinn@frettabladid.is

Umboðsmaður danska þingsins skoðar aðstæður grænlenkra fanga:

## Í gæsluvarðhaldi án matar

**GRÆNLAND** Umboðsmaður danska þingsins hefur heimsótt gæsluvarðhaldshúsnæði á Grænlandi þar sem gæsluvarðhaldsfangar gátu ekki kallað í starfsmann, þar sem ekki var boðið upp á mat og drykk og þar sem ekki var hægt að fara á salerni nema starfsmaður lögreglunnar væri við. Sumir staðir voru ekki mannaðir allan sólarhringinn.

Í frétt á vef danska ríkisútvarpsins segir að í einu gæsluvarðhaldshúsnæðinu hafi allir gæsluvarðhaldsfangar verið látnir klæða sig úr öllum fötum nema nærbuxunum hvort sem ástæða var til þess eða ekki.

Á einum stað gat starfsmaður ekki heyrt í brunabjöllu. Að sögn umboðsmanns danska þingsins eiga fangar þar með á hættu að brenna inni. Umboðsmaðurinn vill fá svör fyrir 1. apríl hvers vegna aðstæður eru slíkar og öryggi fanga ógnað.

Hann vill einnig fá svör frá yfirvöldum í kjölfar heimsóknna í nokkrar stofnanir fyrir dæmda einstaklinga á Grænlandi, meðal annars um framkomu starfsmanna við konur og unga fanga.

- ibs



**Á GRÆNLANDI** Við höfnina í Ilulissat. NORDICPHOTOS/AFP



## ÚTSALAN ER HAFIN - 20-50% AFSLÁTTUR




-30%

PALMER hornsófi  
Stærð: 294X200cm - Verð: 255.000,-  
ÚTSÖLUVERÐ: 178.500,-



-25%

PALMER tungusófi í 2 stærðum:  
Stærð: 271X165cm - Verð: 226.00,-  
ÚTSÖLUVERÐ: 169.500,-  
Stærð: 316X174cm - Verð: 259.000,-  
ÚTSÖLUVERÐ: 194.250,-



-20%

CALISTO tungusófi  
Stærð: 290X188cm - Verð: 236.000,-  
ÚTSÖLUVERÐ: 188.800,-



-20%

LOGAN tungusófi  
Stærð: 292X170cm - Verð: 229.000,-  
ÚTSÖLUVERÐ: 183.200,-



Bar LADY ROCK  
Breidd: 120cm - Verð: 105.000,-  
ÚTSÖLUVERÐ: 52.500,-

-50%



-25%

Hvítt glerborð  
Stærð: 180X100cm - Verð: 98.000,-  
ÚTSÖLUVERÐ: 73.500,-



-30%

KENT 3ja sæta sófi og skemill  
Breidd: 235cm - Verð: 185.000,-  
ÚTSÖLUVERÐ: 129.500,-



-30%

MORGAN stóll  
ÚTSÖLUVERÐ: 16.730,-



-25%

DEVON stóll  
ÚTSÖLUVERÐ: 14.850,-



-20%

CHANARAL armstóll  
ÚTSÖLUVERÐ: 36.000,-



Fyrir dómi eiga allir að vera jafnir, líka á vefnum:

## Hentistefna

**S**tjórnarskráin kveður á um þrískiptingu ríkisvaldsins, það er að segja löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómvald. Hjá síðuðum þjóðum er passað upp á aðgreiningu og sjálfstæði hvers valds fyrir sig.

Hér má segja að svona og svona hafi gengið að koma skikk á hlutina og þurfti raunar inngrip frá síðaðri þjóðum í Evrópu til þess að hér kæmist að fullu á aðskilnaður framkvæmdarvalds og dómvalds. Fram til 1989 fóru nefnilega sýslumenn með dómvald og sátu beggja vegna borðs í rannsókn og dómi.

Þrískiptingin á að koma í veg fyrir spillingu og valdníðslu. Og jafnvel þótt valdið hafi verið takmarkað er ekki öllum gefið að kunna með það að fara. Koma þarf í veg fyrir spillingu innan hvers sviðs.

Hvað dómvaldið áhrærir eru til dæmis reglur dómstólaráðs um birtingu dóma á netinu skref í rétta átt. Almenna reglan er sú að þinghald fyrir dómi skuli vera öllum opið. Fyrir lögunum eiga allir að vera jafnir og ekkert hægt að pukrast með það jafnræði. Enda segir í reglum um birtingu dóma og úrskurði héraðsdómstólanna að með ákveðnum takmörkunum skuli þeir birtir á heimasíðu dómstólanna. „Dómsúrlausn skal að jafnaði birt innan tveggja daga frá uppkvaðningu dóms eða úrskurðar. Úrlausn skal þó ekki birt fyrr en liðin er ein klukkustund frá uppkvaðningu þannig að lögmanni/verjanda gefist ráðrúm til að upplýsa skjólstæðing sinn um niðurstöðu máls,“ segir þar. Dómar í málum sem snerta deilur um börn, brot á barnaverndarlögum og hjúskapardeilur eru til dæmis ekki birtir. Hvað nafnbirtingar varðar eru dómstólar og fjölmiðlar líka samstíga í að hafa vaðið fyrir neðan sig og gæta þess að auka ekki á áþján þeirra sem orðið hafa fyrir ofbeldisglæpum.

Undan þessum reglum grefur svo að hverjum og einum dómara virðist í sjálfsvald sett hverju þeir fara eftir í þessum reglum og hafa sína hentisemi um birtingu einstakra dóma og jafnvel eru dæmi um að mál hafi ekki ratað í dagskrá dómstólanna þar sem einhverjum hefur þótt ástæða til að hlífa sakborningi við slíkra birtingu. Í slíku framferði eru ekki allir jafnir.

Í gær birtist á Vísi viðtal við Halldór Halldórsson, dómstjóra við Héraðsdóm Norðurlands vestra. Þar er hraksmánarlega staðið að birtingu dóma og dagskrá dómsins og virðist dómari líta svo á að þessi mál komi engum við nema þeim sem að hverju máli koma. „Það eru alltaf vandræði í fásinninu í sveitinni ef maður setur eitthvað inn,“ segir Halldór við Vísi. Þar þekki allir alla og því valdi birting dóma einstaklingum vandkvæðum jafnvel þótt fólk sé ekki nafngreint. Þá sé galli við birtingu dóma á netinu að þar lifi allt um aldur og ævi. „Eg hef verið talsmaður þess að menn fari gætilega í birtingum því Google gleymir engu,“ ber hann fyrir sig.

Hentistefna dómara við birtingu dóma getur hins vegar ekki verið til góðs og grefur undan trausti á dómstólum. Furðulegt að ekki sé hægt að koma þarna á samræmingu þannig að allir sitji við sama borð.

Hvort birtingartregða í Héraðsdómi Norðurlands vestra er um að kenna sérreglur skagfirnska efnahagssvæðisins, tregðulög-málum smákóngahugarfarsins eða einhverju allt öðru er erfitt um að spá. Sérviskuleg vinnubrögð eru hins vegar ekki einsdæmi nyrðra. Við því þarf að bregðast.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Práinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir [kristin@frettabladid.is](mailto:kristin@frettabladid.is) **FRÉTTASTJÓRI:** Sigurjón M. Egilsson [sme@frettabladid.is](mailto:sme@frettabladid.is). Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

**SONOS FÁÐU ÞRÁÐLAUSAN AÐGANG AÐ TÓNLISTINNI Í ÖLLUM HERBERGJUM**



Sonos er kerfi þráðlausra hátalara og hljómþækja. Það sameinar stafræna tónlistarsafnið þitt og útvarpsstöðvar í einu appi sem þú getur stjórnað frá hvaða síma eða spjaldtölvu sem er.





**Sjónvarpsmiðstöðin**

RAFTAÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • [WWW.SM.IS](http://WWW.SM.IS)

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Skapar ófrið

Össur Skarphéðinsson, fyrrverandi utanríkisráðherra og þingmaður Samfylkingarinnar, skrifar langan pistil á Facebook-síðu sína þar sem hann fjallar um ummæli Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra um að ný tillaga um slit á aðildarviðræðum við ESB verði lögð fram snemma á árinu. Össur segir að ráðherrann telji sig „hugsanlega þurfa góða smjörklípu til að dreifa athygli þjóðarinnar frá erfiðum hlutum eins og algeru hruni Framsóknarflokksins, læknaveikfalli og yfirvofandi átökum á vinnumarkaði. Yfirleitt hafa þó forsætisráðherrar leitast við að skapa frið

í samfélaginu. Þessi hefur hins vegar gert að sérstöku listformi að leita uppi tilefni til að efna til stórfelldra deilna við sína eigin þjóð“.

#### Tryggir fall ríkisstjórnarinnar

Össur segir að víst sé að tillagan sem forsætisráðherrann boðar muni gefa nýrri Viðreisn, sem byggist á evrópusinnuðum sjálfstæðismönnum, nýtt súrefni til að „stofna flokk í tíma fyrir kosningar og kljúfa þannig Sjálfstæðisflokkinn. Er það kannski atburðarásin sem forsætisráðherrann er að hanna? Hún myndi án efa tryggja endanlega fall ríkisstjórnarinnar, og líklega leiða

til þess að eftir kosningar muni ný ríkisstjórn setja sem fyrsta mál á dagskrá að boða til þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort haldið skuli áfram með viðræður, eða hætt“.

#### Þjálfaður í þrennu

Utanríkisráðherrann fyrrverandi lýkur máli sínu á að tína til þjáringarfærslur í málflutningi forsætisráðherrans. Að því loknu segir Össur: „Eitt er að misskilja, vanþekking er annað, þriðja að fara beinlínis vísitandi fram með rangfærslur. Forsætisráðherra er orðinn býsna þjálfaður í að beita öllu þrennu eins og kom vel fram í orðum hans á Sprengisandi.“



Óli Kristján Ármannsson

[olkr@frettabladid.is](mailto:olkr@frettabladid.is)



### HALLDÓR



## Skattaskjólíð Ísland

### VIÐSKIPTI



Gunnar Þór Gíslason  
stjórnarformaður  
Langasjávar ehf.

Forstjóri Haga hefur nú gengist við því að kjúklingaeldi heyrir til landbúnaðar en ekki iðnaðarframleiðslu. Það er umtalsvert ánægjuefni. Sinnaskiptin voru gerð lýðnum heyrinkunn á sjálfum aðfangadegi jóla í grein hér í Fréttablaðinu.

Tilefni skrifa forstjórans var samt að gera tortryggilegt eignarhald fyrirtækis sem stundar kjúklingaeldi á Íslandi, Matfugls ehf., sem er að öllu leyti í eigu eignarhaldsfélagsins Langasjávar ehf. Langasjór ehf. á nokkur önnur íslensk félög sem sinna starfsemi af ýmsu tagi, hafa hátt í 300 manns í vinnu og standa við skatta sína og skyldur á sama hátt og önnur félög í íslenskum atvinnurekstri.

Hluthafar Langasjávar ehf. eru fjögur íslensk systkin og öll störfum við hjá dótturfélögum Langasjávar. Fimmth hluthafinn er Coldrock Investments Limited, félag skráð í Evrópusambandsríkinu Möltu. Forstjórinn kallar þennan eiganda Langasjávar „bændur í skattaskjólum“ og leggur síðan út af eigin fullyrðingu á kunnuglegan máta frá hans hendi í opinberri umræðu.

Skilja má af orðum forstjórans að erlend fjárfesting sé á einhvern hátt óeðlileg eða óæskileg í íslensku atvinnulífi, sem kemur samt í skyn að það sé skattalegt athugunarefni að félag á Möltu eigi hlut í íslensku

eignarhaldsfélagi, sem kemur á óvart líka!

Svo vill til að greinarhöfundur, Finnur Árnason, er velmenntaður viðskiptafræðingur héraðs og erlendis, einn af framámönnnum íslensks viðskiptalífs til margra ára og einn hæstlaunaði forstjóri Íslands. Hann ætti að vita betur en flestir að skattanna vegna er tæplega hagstæðara að eiga og reka eignarhaldsfélög en einmitt hér heima. Ísland er „skattaskjól“ í þeim skilningi! Ég þekki ekki skattakerfi Möltu í þau en vandséð er hvernig skattlagning félaga vegna tekna þeirra af eignarhlutum í öðrum félögum getur verið lægri en það sem íslensk eignarhaldsfélög greiða, 0% – núll! Þetta veit Finnur auðvitað en hann virðist samt ekki hafa staðist freistinguna til að nýta þetta tækifæri til að sverta íslenskan landbúnað og þá sem við hann starfa.

Við systkinin erum endanlegir eigendur að Coldrock Investments Limited. Skýringin á tilvist félagsins í hluthafahópi Langasjávar ehf. er að eitt af dótturfélögum Langasjávar ehf. þurfti fjárhagslegan stuðning árið 2011 og við nýttum fjármuni sem við áttum erlendis til að auka eigið fé fyrirtækjanna á Íslandi. Við biðjumst ekki afsökunar á því að leggja fjármuni í íslenskt atvinnulíf, hvorki gagnvart Haga-forstjóranum né öðrum.



# Agaleysi í ríkisfjármálum

Stjórnarliðar ýmsir tala gjarnan um nauðsyn þess að halda aga í ríkisfjármálum fyrir efnahag og kjör fólksins í landinu. Stjórnarandstæðingar taka margir undir þetta. Einn mælikvarði á aga í ríkisfjármálum er hversu vel tekst til við að halda fjárlög og að frávik frá fjárlögum í fjárukalögum sé sem minnst. Á síðasta kjörtímabili tókst að minnka það frávik verulega. Með fylgjandi mynd sýnir þessa þróun mjög vel.

**FJÁRMÁL**



Oddný G. Harðardóttir alþingismaður

fyrir slíkri vinnu í núverandi ríkisstjórn en það leiðir okkur að annarri vísbendingu um að fjárlög 2015 muni ekki standast.

**Framkvæmdasjóður ferðamannastaða**

Í fyrsta lagi er í fjárlögum aðeins gert ráð fyrir broti af því fjármagni sem þörf er á til að fjármagna uppbyggingu á ferðamannastöðum og á innviðum friðlýstra svæða. Aðeins er gert ráð fyrir 145 milljónum króna í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða á árinu 2015 þó hver maður sjái að það mun ekki nægja nema til örfárra af þeim aðkallandi verkefnum sem bíða víða um land. Vegna fjölgunar ferðamanna er átroðningur mikill á vinsælum stöðum og sums staðar er nauðsynlegt að bregðast skjótt við til að tryggja öryggi ferðamanna. Einnig ætti að leggja áherslu á að auka aðdráttarafl fleiri staða til að dreifa álagi. Skortur á stefnumótun og framtíðarsýn í þessari ört vaxandi atvinnugrein er himinhrópanði en á meðan bíða óafgreiddar umsóknir í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða upp á um tvo milljarða króna. Líklegt er að í næstu fjárukalögum verði beiddi um auknið fjármagn vegna þessa nema að ráðherra ferðamála hugsi sér að láta málefni greinarinnar reka áfram á reiðanum en þá mun illa fara.

**Greiðsluþátttaka í heilbrigðiskerfinu**


Í öðru lagi virðist sem svo að gagnrýni okkar í stjórnarandstöðunni á aukna greiðsluþátttöku einstaklinga í heilbrigðiskerfinu hafi borið árangur, því á heimasíðu

Sjúkratrygginga var skrifað 30. desember: „Einnig er vakin athygli á að skv. upplýsingum frá Velferðarráðuneytinu verða ekki gerðar neinar breytingar á reglugerð um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði við heilbrigðisþjónustu fyrr en eftir áramót.“ Að vísu er þetta skrifað á næst síðasta degi ársins en reglugerð um aukna gjaldtöku átti samkvæmt forsendum fjárlaga að taka gildi 1. janúar 2015 og sjúklingar áttu að bera allan kostnað vegna samninga við sérgreinalækna. Þeirri aðgerð hefur sýnilega verið frestað og ef hækkunin mun ekki eiga sér stað er um rúman milljarð í frávik frá fjárlögum að ræða. Stjórnarandstaðan lagði hins vegar til að gert yrði ráð fyrir kostnaði við samningana í fjárlögum upp á 1,1 milljarð króna en stjórnarliðar greiddu atkvæði á móti þeirri tillögu og vildu velta kostnaðinum yfir á sjúklinga.

**Ný Vestmannaeyjaferja**

Í þriðja lagi er ekki gert ráð fyrir fjármagni til byggingar nýrrar Vestmannaeyjaferju í fjárlögum. Í álit meirihluta fjárlaganefndar segir þó: „Þá er vakin athygli á því að áform um smíði nýrrar Vestmannaeyjaferju eru óbreytt. Unnið verður að fjármögnunarleiðum samhliða undirbúningi útboðs sem fyrirhugað er á fyrri hluta komandi árs.“ Áformin sem eiga að vera óbreytt samkvæmt þessu, eru um útboð í febrúar 2015 en ekki er gert ráð fyrir útgjöldunum í fjárlögum. Talið er að bygging nýrrar Vestmannaeyjaferju kosti nær fjórum milljórum króna. Bygging hennar er afar mikilvæg fyrir þróun atvinnulífs og mannlífs í Vestmannaeyjum. Skilningsleysi stjórnvalda á mikilvægi öruggra samgangna milli

**FRÁVIK FRUMÚTGJALDA Í FJÁRAUKALÖGUM án óreglulegra liða og verðlags- og launabreytinga ásamt meðaltali frávíka**



→ Fjölgun ráðherra og aðstoðarmanna getur ekki talist gott fordæmi í þessu tilliti. Agi í ríkisfjármálum byggir á samvinnu fjárveitingavaldsins, framkvæmdarvaldsins og ríkisstofnana. Þar þurfa að fara saman skýr markmið um gæði þjónustu og fjármögnun hennar. Áætlun um nauðsynlega uppbyggingu eða þróun mála til lengri tíma er lykilatriði.

lands og Eyja kemur á óvart því ef raunverulega ætti að tryggja fjármagn á árinu 2015 stæði fjárhæðin í nýsamþykktum fjárlögum. Verið getur að beiðnin komi í fjárukalögum sem staðfestir þá það agaleysi sem ríkir í ríkisfjármálunum.

**Helguvík**

Í fjórða lagi segist iðnaðar- og viðskiptaráðherra ætla að leggja fram á vörþingi frumvarp um ívilnandi sérlög vegna iðnaðarsvæðisins við Helguvík á Suðurnesjum en greiddi samt atkvæði gegn því að í fjárlögum yrði gert ráð fyrir framlagi til framkvæmda á því svæði.

**Blekkingar**

Hér hafa verið nefnd örfá dæmi en því miður er af fleiru að

taka. Í fjárlögum er gert ráð fyrir afgangi upp á 3,6 milljarða króna. Sá afgangur verður fljótur að fuðra upp þegar bregðast þarf við vegna slæmrar áætlunargerðar ráðherranna. Öllum má vera ljóst að agi í ríkisfjármálum næst ekki með þessu ráðslagi ríkisstjórnarinnar þar sem skortur er á vönduðum vinnubrögðum og langtímahugsun við undirbúning ákvarðana um opinber fjármál. Nauðsynleg útgjöld eru ekki sýnd í fjárlögum svo þau virðist hallalaus rétt á meðan þau eru samþykkt. Það er blekkingarleikur og fullyrðingar stjórnarliða um aga í ríkisfjármálum verða marklausar þar sem orðunum fylgja ekki athafnir.

# STJÖRNULJÓS

BYRJADU SÝNINGUNA HJÁ OKKUR!

PAKKAR

RAKETTUR

# FLUGELDASALA

# 50%

# afsláttur

NÚ ER TÆKIFÆRIÐ TIL AÐ BYRGJA SIG UPP FYRIR ÞRETTÁNDANN!

TERTUR

SMÁVARA

**SÖLU! STAÐIR!**

STÓRHÖFÐI  
VIÐ  
GULLINBRÚ

SKÓGARLIND  
PLANIÐ HJÁ ELKO  
OG KRÓNUNNI

REYKJANESBÆR  
DUUSTORG

DALBREKKA 17  
KÓPAVOGI

[www.stjornuljos.is](http://www.stjornuljos.is)

Opnunartímar 3. - 6. jan:  
Frá kl. 12:00 - 20:00

Borgaðu með  
**Netgíró**

**STJÖRNULJÓS**  
FLUGELDAR



# Árlega hendum við tæpum 60 tonnum af mat

Það var í eina tíð að mæður okkar lögðu áherslu á að við kláruðum alltaf allan matinn af diskunum. Nú er önnur tíð. Í dag leggjum við áherslu á hófsemi í mat og drykk. Við reynum að matreiða hæfilegt magn matar fyrir fjölskyldumeðlimi og að hver og einn fái sér hæfilegan skammt á diskinn. Allt í senn reynum við meðvitað og ómeðvitað að stunda hagkvæm matarinnkaup, heilbrigði með því að temja okkur hófsamlegt mataræði og síðast en ekki síst að lágmarka soun matvæla sem er því miður gríðarleg á heimsvísu.

Umræða dagsins í dag fjallar ekki bara um það hversu ósiðlegt það er að fleygja mat, í heimi þar sem 868 milljónir manna svelta, heldur líka um þann kostnað sem verður til við förgun matar og þau neikvæðu umhverfisáhrif sem sounin veldur. Því miður er þetta eitt af stærri viðfangsefnum alþjóðasamfélagsins og í því sambandi getum við sem upplýstir neytendur ekki látið hjá líða að taka þátt í þeirri baráttu sem soun matvæla veldur í allri virðiskeðjunni; uppskeru, meðferð, þökkun, vinnslu, dreifingu og neyslu.

## Ískyggileg þróun

Þróunin er ískyggileg. Sem dæmi má nefna að árið 2025 er áætlað að 30% jarðarbúa muni búa við vatnsskort. Á sama tíma er áætlað að 80% af vatnsforða jarðar verði nýtt til landbúnaðar, þar sem matvæli heimsins verða til. Alþjóðamatvælastofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO, áætlar að árlega séu 1,3 milljörðum tonna

## UMHVERFIS-MÁL




Skúli Skúlason  
formaður Kaupfélags Suðurnesja

af matvælum sóað, eða þriðjungi allrar matvælaframleiðslu til manneldis. Orsakir þessarar sounar eru margþættar og jafnframt breytilegar milli heimsálfa. Í þróunarlöndunum er talið að mesta sounin eigi sér stað í frumframleiðslu matvæla vegna ófullkomins tækjabúnaðar, ófullnægjandi geymsluaðferða og vanþróaðs flutningakerfis. Í iðnríkjunum er ástæðurnar hins vegar að finna í enda virðiskeðjunnar, það er í veitingaþjónustu og almennri matvælaneyslu mannfjöldans. Þá fléttast einnig inn alls kyns nútímavandamál, svo sem kröfur um staðlaðar stærðir, útlit og merkingar. Áætlað er að matvæli sem fargað er með urðun á Vesturlöndum séu allt að 222 milljónir tonna. Það jafngildir því matvælaframboði sem nú er í löndum sunnanverðrar Afríku.

## Soun sagt stríð á hendur

Samvinnuverslanakeðjan Coop í Evrópu hefur sagt þessari soun stríð á hendur og hafið herferð með fræðslu og samfélagslega ábyrgð að vopni. Félagsmenn, sem jafnframt eru eigendur samvinnufyrirtækja, eru um 30 milljónir talsins í Evrópu. Fyrirtæki samvinnuhreyfingarinnar eru nú að hefja kerfisbundna vinnu með félagsmönnum sínum til að bæta meðferð matvæla með fræðslu um aukna umhverfisvitund og hnitmiðuðum skilaboðum. Nálgun okkar hér á Íslandi ætti að vera sú sama, að auka fræðslu um þau verðmæti sem við soun með förgun matvæla. Hagstofa Evrópu-

## ÁÆTLUÐ UPPSPRETTA MATVÆLA-SÓUNAR Í EVRÓPU



→ Umræða dagsins í dag fjallar ekki bara um það hversu ósiðlegt það er að fleygja mat, í heimi þar sem 868 milljónir manna svelta, heldur líka um þann kostnað sem verður til við förgun matar og þau neikvæðu umhverfisáhrif sem sounin veldur.

sambandsins, EUROSTAT, áætlaði árið 2006 að á hverju ári henti hver einstaklingur í Evrópulöndunum um 180 kílóum af mat. Samkvæmt því hendum við Íslendingar tæpum 60 tonnum af mat á ári. Við höfum svo sannarlega verk að vinna.

# Áramótahugleiðing!

Árið 2014 var gjöfult ár fyrir Ísland frá náttúrunnar hendi, bæði til sjávar og sveita, og einnig streymdu ferðamenn til landsins sem aldrei fyrr. Ef við sætum ekki uppi með þessa „guðsvoluðu ríkisstjórn“ þá værum við sem þjóð í góðum málum og værum að komast út úr kreppunni, byggja upp innviði samfélagsins og auka jöfnuð í landinu.

Við værum að læra af biturri reynslu af því sem orsakaði Hrunið og snúa af leið graðgi, misskiptingar og einkavæðingar sameiginlegra auðlinda. En við erum þess í stað leidd aftur til slátrunar á altari Mammons, komin í sömu hringekjuna og við krössuðum í í Hruninu og vitum ekki hvar þessi ósköp enda. Nú þurfum við sem þjóð í upphafi nýs árs að hrista af okkur slenið og láta ekki teyma okkur aftur á asnaeyrum út í fenið. Við þurfum að losa okkur við þessa óláns ríkisstjórn sem fyrst áður en henni tekst að eyðileggja velferðar- og menntakerfið og innviði samfélagsins meir en þegar er orðið og koma hér á stjórn sem setur jöfnuð, réttlæti og sjálfbærni í forgang. Ég er að boða byltingu! Því hún byrjar ávallt í hjarta og huga hvers og eins og með samtakamætti getur þjóðin snúið af sér þá niðurriffsstefnu sem birtist í síðustu fjárlögum þar sem þungar byrðar eru lagðar á þá sem minnst mega sín og hlaðið er undir valda-

## STJÓRN MÁL



Lilja Rafney Magnúsdóttir  
alþingismaður  
Vinstri grænna í  
Norðvesturkjör-  
dæmi

→ Nú þurfum við sem þjóð í upphafi nýs árs að hrista af okkur slenið og láta ekki teyma okkur aftur á asnaeyrum út í fenið.

og fjármagnseigendur landsins.

Við stöndum á krossgötum sem þjóð. Við höfum öll tækifæri til að búa vel að öllum íbúum landsins

hvort sem þeir búa á Kópaskeri eða í Reykjavík, við höfum efni á að reka gott heilbrigðiskerfi, efla menntun, jafna kjör almennings óháð búsetu og bæta samgöngu- og vernda náttúru landsins. Núverandi stjórnvöld eru búin að sýna á spilin og þau eru að stefna í allt aðra átt með sinni grjóthörðu hægristefnu þar sem ójöfnuður eykst og allt er falt fyrir peninga, hvort sem það er náttúra landsins eða fiskurinn í sjónum.

Þjóðin er svo sannarlega búin að fá nasabefinn af því fyrir hverja þessi ríkisstjórn er að vinna og það er ekki almenningur í landinu sem er þar efstur á blaði heldur auðvaldið. Nú þurfum við að snúa bókum saman og losa þjóðina við þessa gæfalausú ríkisstjórn sem fyrst og koma hér á vinstri félagshyggjustjórn. Þegar það tekst þá eigum við að geta horft fram á betri tíma fyrir alla en ekki bara fyrir suma eins og nú er.

Með góðri nýárskevju.

# Náttúruverndar-gjald í stað náttúrupassa

Flestir virðast á þeirri skoðun að réttlætlanlegt sé að leggja einhvers konar gjald á ferðamenn til að kosta náttúruvernd á þeim stöðum sem verða fyrir mestum átroðningi þeirra. Ráðherra ferðamála hlýtur hins vegar að vera farin að átta sig á því að hugmyndin um innheimtu náttúrupassa í þeim tilgangi er vond og mun ekki ganga upp. Annars vegar vegna þess að stór hluti þjóðarinnar mun aldrei sætta sig við að þurfa að kaupa passa til að njóta náttúrunnar í eigin landi. Hins vegar vegna þess að innheimtuaðferðin er meingölluð.

Innheimtuaðferðin – sala náttúrupassa og eftirlit með kaupum hans – er flókin, kostnaðarsöm og fyrirfram óvinsæl. Miklu einfaldara og skilvirkara er að leggja þetta gjald á farmiða með skipum og flugvélum. Gjaldið mundi skila sér 100% og engan tilkostnað þyrfti við sölu eða óvinsælt eftirlit.

## Innanlandsflugið þarf ekki að vera fyrirstaða

Ráðherra ferðamála hefur hins vegar slegið þessa hugmynd út af borðinu á þeim forsendum að þá þyrfti líka að leggja gjaldið á innanlandsflug, til að mæta reglum Evrópusambandsins.

Ríkið leggur nú þegar sérstakan 1.200 kr. skatt á hvern farþega í innanlandsflugi. Enginn slíkur skattur er lagður á farþega í millilandaflogi eða skipaferðum. Til að hlífa innanlandsfluginu við verðhækkun vegna náttúruverndargjalds er einfaldast að hafa það innifalið í þessum 1.200 kr. skatti. Farþegar í innanlandsflugi mundu því engan mun finna. Þar að auki heimilur Evrópusambandið undanþágu slíkrar gjaldtöku af flugvélum sem bera 20 farþega eða færri.

## FERÐAÞJÓNUSTA



Ólafur Hauksson  
almannatengill

→ Hófllegt náttúruverndargjald, t.d. undir 1.000 kr., hefur engin áhrif á ákvörðun fólks um að ferðast hingað til lands.

## Skilar samt miklum tekjum

Náttúruverndargjald þarf ekki að vera hátt á hvern farþega ef það er lagt á alla sem ferðast með flugi og skipum. Á árinu 2013 fóru rúmlega 1,4 milljónir einstaklinga með skipum og flugvélum til og frá landinu og innanlands. Ef hver og einn hefði borgað 750 kr. í náttúruverndargjald við farmiðakaupin þá hefði það skilað rúmum milljarði króna í hreinar tekjur. Fyrir þann pening má svo sannarlega tryggja viðhald og vernd vinsælla ferðamannastaða.

Víða í Evrópu eru flugfarþegar skattlagðir. Sama gjald er lagt á farþega í innanlandsflugi og milli Evrópulanda. Í Bretlandi er þetta gjald tæplega 2.500 kr. og enn hærra þegar flogið er til annarra heimsálfa. Í Þýskalandi er þetta gjald rúmlega 1.000 kr.

Hófllegt náttúruverndargjald, t.d. undir 1.000 kr., hefur engin áhrif á ákvörðun fólks um að ferðast hingað til lands. Ef sú væri raunin, hvernig stendur þá á því að erlendum ferðamönnum hefur fjölgað jafn mikið og raun ber vitni á sama tíma og flugfarþegöld hafa hækkað vegna hækkandi eldsneytisverðs?

## Náttúrupassinn afturkallaður

Því fyrr sem ráðherra ferðamála afturkallar náttúrupassatillöguna, því fyrr verður hægt að ganga í nauðsynlega tekjuöflun með náttúruverndargjaldi til að tryggja að vinsælir en viðkvæmir ferðamannastaðir haldi aðdráttaraflinu.

# DALE CARNEGIE



// KYNNINGARFUNDIR  
Mánudaginn 7. janúar.

10 - 15 ára klukkan 19:00  
foreldrar mæta með á fundinn.  
16 - 25 ára klukkan 20:00.

Ármúli 11, þriðja hæð.

// Skráning á kynningarfund  
www.dale.is/ungtfolk

// WWW.NAESTAKYNSLÖD.IS

// NÁMSKEIÐ FYRIR 10 - 12 ÁRA  
Námskeið hefst 15. janúar,  
kennt einu sinni í viku í átta vikur  
klukkan 17:00 - 20:00.

// NÁMSKEIÐ FYRIR 13 - 15 ÁRA  
Námskeið hefst 14. janúar,  
kennt einu sinni í viku í átta vikur  
klukkan 17:00 - 21:00.

// NÁMSKEIÐ FYRIR 16 - 20 ÁRA  
Námskeið hefst 5. febrúar,  
kennt einu sinni í viku í átta vikur  
klukkan 18:00 - 22:00.

// NÁMSKEIÐ FYRIR 21-25 ÁRA  
Námskeið hefst 4. febrúar,  
kennt einu sinni í viku í átta vikur  
klukkan 18:00 - 22:00.

// Skráning á námskeið í síma  
555 7080 eða jon@dale.is







**20%**  
afsláttur af  
hágæða **AEG**  
eldhústækjum  
með kaupum á HTH  
eldhúsinnréttingum



INNRETTINGAR

**NÝTT**

Model Oslo · Verðdæmi kr. 338.400,- (sbr. mynd)



# Það er allt hægt!

- ⊙ eldhúsinnréttingar
- ⊙ baðinnréttingar
- ⊙ þvottahúsinnréttingar
- ⊙ fataskápar

**HTH** er einn stærsti framleiðandi innréttinga í Evrópu, enda er dönsk hönnun mikils metin og danskt handverk eftirsótt um allan heim.

Við teiknum tillögur að nýju draumaeldhúsi fyrir þig, án skuldbindinga, og gerum þér frábært verðtilboð.

Velkomin í ORMSSON LÁGMÚLA 8 og kynnist því nýjasta í innréttingum frá HTH – og því heitasta í AEG eldhústækjum.



# ORMSSON

**Opið:**

Mánudaga – föstudaga frá kl. 10-18 og á laugardögum frá kl. 11-15  
Á Akureyri er HTH sýningarsalur í ORMSSON, Furuvöllum 5

LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK · 2. HÆÐ · SÍMI: 530-2819 & 530-2821 · [www.ormsson.is](http://www.ormsson.is)





Okkar ástkæra

**GUÐRÚN JÓHANNA LÁRUSDÓTTIR (DÚNA)**

frá Syðra-Ási, Árskógsströnd, síðast til heimilis að Kársnesbraut 27, Kópavogi,

lést á Landspítalanum í Fossvogi að kvöldi Þorláksmessu. Útförin fer fram frá Fossvogskapelli föstudaginn 9. janúar kl. 11.00.

Fyrir hönd aðstandenda,  
Elínborg Jónsdóttir  
Sigrún Jónsdóttir

Elskuleg dóttir okkar, systir, barnabarn og barnabarnabarn,

**KOLBRÚN ÁSTA PÁLMAÐÓTTIR**

lést á Landspítalanum miðvikudaginn 17. desember. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 7. janúar kl. 13.00.

Elísabet Rósa Leifsdóttir Héðinn Hilmarsson  
Pálmi Grímur Guðmundsson Bjarney Katrín Gunnarsdóttir  
Leifur Pálmason Anton Máni Héðinsson  
Birgitta Líf Pálmaðóttir Rákel Ýr Pálmaðóttir  
ömmur, afar, langömmur og langafar.

Minn kæri eiginmaður, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**JÓN JAKOB FRIÐBJÖRNSSON**  
fyrirverandi handiðakennari,  
Fjólugötu 6,

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri 27. desember. Útförin verður gerð frá Akureyrarkirkju föstudaginn 9. janúar kl. 13.30. Þeim sem vildu minnst hans er bent á hjálparstofnanir.

Erla Friðjónsdóttir

Friðbjörn Jónsson Bogi Baldursson  
Steinunn Jónsdóttir  
Guðrún Jónsdóttir Erla Valdimarsdóttir  
Halldór Páll Jónsson barnabörn og barnabarnabörn.

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**JÓN GUÐMUNDSSON**  
húsasmíðameistari  
frá Kleifastöðum,  
Skúlagötu 20, Reykjavík,

lést 2. janúar.

Guðlaug Kristbjörnsdóttir  
Valgerður Kristbjörg Jónsdóttir Sigurjón Karlsson  
Margrét Jóna Jónsdóttir Ingi Þór Þórgímsson  
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, dóttir, systir og mágkona,

**SIF JÓNSDÓTTIR**  
nuddari,  
Viðarásí 21a, Reykjavík,

lést á Landspítalanum fimmtudaginn 1. janúar. Útförin fer fram frá Árbæjarkirkju föstudaginn 9. janúar kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir.

Guðmundur Ármann Eggertsson  
Arnar Jón Guðmundsson Katrín Ósk Guðmundsdóttir  
Jón Bjarnar Sigvaldsson  
Þórunn Ellertsdóttir  
Sigvaldi Jónsson Kristjana Jóhannesdóttir  
Ellert Jónsson Kolbrún B. Snorraddóttir  
Bjarnar Jónsson Noreen Jónsson  
og fjölskyldur.

Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**TRYGGVI ÞÓRHALLSSON**  
rafverktaki,  
Ystabæ 13,

lést á Landspítalanum í Fossvogi á nýársdag. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn 12. janúar klukkan 13.00. Þeim sem vildu minnst Tryggva er bent á MND félagið.

Kristín Ólív Björgvinsdóttir  
Helga Lilja Tryggvadóttir Sigurjón Magnússon  
Magnús Björgvin Tryggvason Elsa María Alexandrè  
Þórhallur Tryggvason Þórhalla Guðmundsdóttir  
Hanna Tryggvadóttir Torfi Vestmann  
barnabörn og barnabarnabörn.

# TÍMAMÓT

## Óskilahundurinn á fjalirnar syðra

Eiríkur Stephensen og Hjörleifur Hjartarson í sveitinni Hundur í óskilum stíga á Nýja svið Borgarleikhússins á föstudag, 9. janúar, með verk sitt, Öldin okkar.

Nýja svið Borgarleikhússins verður líflegt á föstudag þegar þeir félagarnir Hjörleifur Hjartarson og Eiríkur Stephensen, sem mynda hljómsveitina Hundur í óskilum, sýna þar nýjustu afurð sína, Öldina okkar. Þar fara þeir á hundavaði í tali og tónum yfir þann part 21. aldarinnar sem liðinn er. Þeir frumsýndu á Akureyri 30. október og fengu einróma lof áhorfenda. Nú eru þeir sem sagt á leið til höfuðborgarinnar.

Hundinum er náttúrlega ekkert íslenskt óviðkomandi; hann ræður í gjörðir stjórnmálamanna og spyr ýmissa spurninga sem brenna í brjóstum leikhúsgesta.

Öldin okkar er á ákveðinn hátt framhald á Sögu Þjóðar sem sýnd var 80 sinnum fyrir fullu húsi á Akureyri og í Borgarleikhúsinu árin 2012 og 2013, hlaut þrjár Grímutilnefningar og eina Grímu.

-gun



HUNDUR Í ÓSKILUM Þeim Eiríki og Hjörleifi er ekkert mannlegt óviðkomandi.



Ástkær móðir okkar, tengdamamma, amma og langamma,

**HJÖRDÍS SELMA SIGURÐARDÓTTIR**  
frá Hofi, Eyrarbakka,

lést á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni 31. desember. Útför hennar fer fram frá Seljakirkju í Reykjavík föstudaginn 9. janúar kl. 13. Jarðsett verður í kirkjugarðinum á Eyrarbakka 10. janúar.

Björgvin Konráðsson Jónína Konráðsdóttir  
Konný Breiðfjörð Leifsdóttir Hinrik SigurjónssonSigurbjörg Árnadóttir Gunnar Gunnarsson  
Einar Grétar EinarssonFriðrik Sigurjónsson Jessica Sigurjónsson  
Puríður Gunnarsdóttir  
barnabörn og langömmubörn.

Ástkær móðir okkar,

**SVAVA INGIMUNDARDÓTTIR**  
Hjúkrunarheimilinu Eir, áður Lynghaga 12,

lést á nýársdagsmorgun. Jarðarforin auglýst síðar.

Ágúst Ingólfsson Örn Ingólfsson  
Einar Ingólfsson

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**GÍSLI GUÐMUNDSSON**  
bífreiðasmíðameistari,  
Berjaríma 2,

lést 28. desember sl. Útför hans fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 9. janúar kl. 13.00.

Hulda Ragnarsdóttir Guðmundur Gíslason  
Sólveig Gísladóttir Ingveldur Gísladóttir  
barnabörn og langafabörn.Margrét Þorvaldsdóttir Einar I. Einarsson  
Ómar F. Dabney

Útför elskulegs eiginmanns míns, föður og afa,

**INGVARS JÓNASSONAR**

fer fram miðvikudaginn 7. janúar nk. í Nes Kirkju kl. 15. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vildu minnst hans er bent á Sinfóníuhljómsveit áhugamanna Reikn.: 0137 05 18182 - kennitala: 470497 2469.

Aðstandendur



Móðir okkar,

**GUÐBJÖRG GUÐBJARTSDÓTTIR**

frá Hjarðarfelli, lést á Hjúkrunarheimilinu Skjólí þann 3. janúar sl.

Sigrún, Guðný, Þorbjörg og Áslaug Helgadóttir



Bróðir okkar og mágur,

**HANNES PÁLSSON**  
ljósmyndari,  
áður til heimilis að Auðarstræti 11,

lést á Elliheimilinu Grund 31. desember sl. Útförin fer fram frá Fossvogskapelli miðvikudaginn 7. janúar kl. 13.00. Aðstandendur þakka starfsfólki Grundar fyrir frábæra umönnun.

Áróra Pálsdóttir Björn Pálsson Sigurlaug Björnsdóttir  
Lilja Jónsdóttir  
og fjölskyldur.

Innilegar þakki til allra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýju við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður og ömmu,

**GUÐRÚNAR SIGURÐARDÓTTUR**  
Fossvogsbrún 6, Kópavogi.Sigrún Alda Michaelsdóttir Bragi Michaelsson  
Snorri Guðlaugur Tómasson Margrét Sigríður Halldórsdóttir  
og aðrir aðstandendur.Guðjón Ágústsson Auður Ingólfssdóttir  
Jóna Björg Jónsdóttir



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## RÁÐ VIÐ ÞYNNKU

Ýmis ráð eru til við þynnku. Þrjú þeirra sem reynst hafa vel eru: Að drekka vatn milli drykkja og fyrir svefn, að sofa út, og að borða staðgóðan morgunverð daginn eftir.

## Öll kínvesk leikfimi

Jafnvægi líkama og sál!

- Heilsu Qi Gong 5000 ára tækni
- Heilsuþætandi Tai chi
- Hugræn teigjuleikfimi
- Kung Fu fyrir 4 ára og eldri

Einkatímar og hópatímar

Fullt af tilboðum í gangi

Fyrir alla aldurshópa



Í samstafi við Kínveskan íþróttaháskóla

Skeifan 3j | Sími 553 8282 | www.heilsudrekkinn.is



SIGRÚN EMMA BJÖRNSDÓTTIR



KAREN HAUKSÓTTIR



JÓHANNA SVERRISDÓTTIR

## 20 KÍLÓ FARIN

**GENGUR VEL KYNNIR** Raspberry Ketones frá Natures Aid sem hefur hjálpað fjölmörgum Íslendingum að losna við sykurþörfina og þar með aukakílóin.

**G**engur vel byrjaði að selja Raspberry Ketones í mars á síðasta ári. Viðtökurnar voru gríðarlega góðar enda er efnið eitt af mest seldu fitubrennslu- og þyngdarstjórnunarfnum í heiminum í dag.

**Karen Hauksdóttir** er 41 árs og starfar við garðyrkju á höfuðborgarsvæðinu. Hún hefur tekið Raspberry Ketones frá því það kom á markað hér á Íslandi og er alsæl. Eftir rúmlega tvær vikur uppgötvaði hún að sykurþörfin sem hún hafði glímt við lengi var alveg farin og í kjölfarið minnkaði mittismálið. Hún hefur misst rúmlega níu kíló frá því í vor.

**Sigrún Emma Björnsdóttir** er 27 ára íþróttakona og einkaþjálfari í hörkuformi. „Strax á fyrstu vikunni fann ég að sykurþörfin minnkaði sem mér fannst alveg ótrúlegt miðað við hvernig ég er að jafnaði. Í kjölfarið minnkaði sykurátið og blóðsykurinn varð mun jafnari sem auðvaldaði mér að borða bæði minna og hollari mat.

**Jóhanna Sverrisdóttir** er rúmlega sextug og býr í Garðabæ. Hún segist hafa reynt allt til þess að halda sér í kjörþyngd en ekkert gagnaðist. „Ég sá umfjöllun í Fréttablaðinu um Raspberry og ákvað að prófa. Það var eins og við manninn mælt, það fór allt að gerast, kílóin runnu af mér. Þetta efni hentar mér algjörlega enda hef ég misst um 20 kíló á skömmum tíma og er alsæl.“



### LOKSINS EITTHVAÐ SEM VIRK- AÐI

„Þetta efni hentar mér algjörlega enda hef ég misst um tuttugu kíló á skömmum tíma og er alsæl.“

Jóhanna Sverrisdóttir

### ÚTSÖLUSTAÐIR:

Flest apótek, heilsubúðir og verslanir. Nánari upplýsingar á [www.gengurvel.is](http://www.gengurvel.is)

## Meirapróf



Upplýsingar og innritun í síma 567 0300 / 894-2737

NÆSTA NÁMSKEIÐ HEFST 7. janúar

Ábendingahnappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)



iittala


10% afsláttur



Gjöf handa þér og þínum

Tékk [www.tk.is](http://www.tk.is)  
**KRISTALL**

Laugavegi 178 - Sími: 568 9955





# STÓRÚTSALA HAFIN

30-40% AFSLÁTTUR

VETRARFIRHAFNIR FRÁ CREENSTONE OFL.  
GERRY WEBER, SPARIDRESS OG KJÓLAR,  
PEYSUR, BOLIR OG BUXUR,  
FRANK LYMAN KJÓLAR OG M.FL.

Nú er tækifærið að versla gæða merkjavöru á góðu verði  
Laxdal Laugavegi - Dásamleg dömubúð



## Vantar þig orku ?

### Solaray Matcha grænt te er svarið

Grænt te er ekki bara grænt te, Matcha grænt te er kröftugur orkugjafi sem eykur brennslu. Matcha grænt te tekur allri annarri súperfæðu fram, það örvar efnaskiptin, dregur úr streitu, bætir ónæmiskerfið og lækkar kólesteról í blóðinu.

#### Matcha grænt te er talið :

1. Hjálpa gegn frumskemmdum vegna andoxandi eiginleika.
2. Hjálpa gegn bólgum, oxun og öldrun líkamans.
3. Hjálpa gegn hjartasjúkdómum með lækun á slæmu kólesteróli.
4. Örvu fitubrennslu, aukin brennsla ef drukkíð á meðan á æfingu stendur.
5. Hafa hreinsandi áhrif á líkamann.
6. Auka einbeitingu og og skerpa hugsun án streitunnar sem fylgir oft kaffidrykkju.
7. Fullt af trefjum, sem kemur í veg fyrir harðlífi og jafnar blóðsykurinn.
8. Frábær orkugjafi þegar þreytan fer að sækja á mann seinnipart dags, tilvalið í staðinn fyrir kaffi til að hressa sig við.

Telaufin vaxa í skugga, laufin eru handtínd, þurrkuð og möluð í fínt duft. Matcha grænt te má alls ekki setja í sjóðandi vatn þá bragðast það eins og gras.

Sjóðið vatn og látið biða í 5 mínútur áður en hellið yfir teið. Hrærið/þeytið kröftuglega blönduna áður en þið drekkið. Einn bollur af Matcha grænu tei inniheldur jafnmikið af andoxunarefnum eins og 10 bollar af venjulegu grænu tei.

Ef þú ert ekki að drekka Matcha grænt te frá Solaray þá ert þú að missa af stórkostlegum drykk til heilsu-bóta á allan máta.



Solaray fæst eingöngu í apótekum og heilsuvöruslunum.



Facebook Solaray Ísland

## HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið landsins með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.\*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi [fjlopstur@frettabladid.is](mailto:fjlopstur@frettabladid.is)

# FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!



\*Prentmiðlökönnun, Capacent október-december 2012 - höfuðborgarsvæðið 25-54 ára



FYRIR UNGA SEM ALDNA Skíðaganga er holl og skemmtileg útivera fyrir alla aldurshópa, ekki síst börn og unglina. MYND/ULLUR

# MESTU SKIPTIR AÐ FARA SEM OFTAST

**HOLL ÚTIVERA** Skíðaganga er mjög vinsæl keppnisíþrótt og heilsurækt meðal nágrennanþjóða okkar. Hún hefur þó ekki náð sömu útbreiðslu hér á landi þrátt fyrir að henta öllum aldurshópum og hægt sé að stunda hana víða.

Vetrariþróttir og skyld útivera eru áberandi þessar vikurnar enda nægur snjór víða um land. Ein þeirra vetrariþróttanna sem er furðu lítið stunduð hérlendis er skíðaganga sem þó hentar fólki á öllum aldri, bæði sem íþrótt og heilsurækt. Að sögn Þórodds F. Þóroddssonar, formanns skíðagöngufélagsins Ulls, er einn stór kostur íþróttarinnar sá að allir geta æft hana saman á „vellinum“ ólíkt mörgum öðrum íþróttum, óháð aldri og getu. „Þannig geta fullorðnir fengið mikið út úr einfaldri æfingu þar sem þeir eru að segja börnum til, fara fram og aftur í sporinu og sýna þeim hvernig á að ganga við mismunandi aðstæður. Fullorðnir hafa gott af einfaldri grunnþjálfun eins og börnin og hana má til dæmis fá með því að fara í leiki á skíðunum eða einu skíði og í þrautbraut. Það kemur einnig mörgum á óvart hvað börnin eru dugleg að ganga nokkurra kílómetra vegalengd með hæfilegum hléum. Það sem mestu skiptir þó fyrir alla er að fara sem oftast en ekki endilega fara langa leið eða vera marga klukkutíma í senn.“

Skíðaspor auðvelda stjórn á göngu-skíðum en við gerð þeirra þjappast snjóinn til hliðar svo skíðastafirnar sökkva takmarkað. Hvort tveggja auðveldar skíðagönguna að sögn Þórodds. „Því munar mjög miklu að hafa skíðaspor sem lögð eru með snjótroðara eða vélsleða en slík spor eru fyrst og fremst lögð á skíðasvæðunum í Bláfjöllum og Skálafelli. Á höfuðborgarsvæðinu hafa verið lögð spor á golfvöllinum í Vetrarmýri í Garðabæ og í Heiðmörk. Við Ullungar erum að vinna að því þessa dagana að spor verði lögð sem oftast á þessum svæðum og einnig í Fossvogsdal í landi Kópavogs.“

Skíðaganga er mjög vinsæl keppnisíþrótt og sem almenn heilsurækt í nágrennalöndum okkar Noregi, Svíþjóð og Finnlandi en hefur af einhverjum ástæðum ekki náð sömu vinsældum hérlendis. „Til þess að Íslendingar fari að ganga meira á skíðum þarf að leggja skíðaspor sem víðast og helst þurfa þau að vera í jafri þéttbýlis eða á opnum svæðum innan þess þannig að stutt sé að skreppa á skíði.“

Hann segir að víðast í nágrennalöndum



okkar sé stór hluti skíðaspora lagður af sjálfboðaliðum. „Sveitarfélög hér á landi mættu vinna að þessu verkefni með því að sjá til þess að sjálfboðaliðar hefðu aðgang að búnaði sem þarf til þess að leggja skíðaspor. Svo væri æskilegt að íþróttakennarar í skólum beittu sér í auknum mæli fyrir því að börn og unglingar kynntust skíðagöngu. Einnig væri gaman að sjá skíðaspor við skóla og þannig ætti að vera auðveldast að leggja þau við skóla á landsbyggðinni því þar eru opin svæði og tún og því oft betri aðgangur að vélsleðum til að draga spora.“ Umsjónaraðilar orlofshúshverfa mættu einnig að sögn Þórodds leggja skíðaspor því þannig gætu fjölskyldur og vinahópar tekið gönguskíðin með í helgarferðina rétt eins og golfpokann og veiðidótið á sumrin.

Á heimasíðu Skíðasambands Íslands má finna upplýsingar yfir öll stærstu mót sem eru fram undan. Þar vekur Þóroddur sérstaka athygli á Íslandsgöngu sem hefst með mótum á Akureyri og Ólafsfirði næstu helgi. „Við viljum helst sjá nokkur hundruð manns taka þátt í Íslandsgöngu og fólk á ekki að líta á hana sem keppni heldur almenningskíðagöngu hliðstæða hinum fjölmörgu almenningshlaupum sem fara fram víða um land árlega.“

■ [starri@365.is](mailto:starri@365.is)

**DUGLEGIR KRAKKAR** Það kemur mörgum á óvart hvað börnin eru dugleg að ganga nokkurra kílómetra vegalengd með hæfilegum hléum.

MYND/ULLUR



**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson**  
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir**, [bryndis@365.is](mailto:bryndis@365.is), s. 512 5434  
**Jón Ívar Vilhelmsson**, [jonivar@365.is](mailto:jonivar@365.is), s. 512 5429  
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**



Eygló Ósk Gústafsdóttir

Íþróttakona Reykjavíkur 2014

# VIRKAR fyrir mig

## Afrekalisti

Íþróttakona Reykjavíkur 2014  
Ólympíuleikar 2012, 20. sæti  
10. sæti á HM-25 2014  
7. og 8. sæti á EM-25 2013  
44 Íslandsmet í einstaklingsgreinum  
65 Íslandsmeistaratitlar



## Lífræn fæða

Ég stefni ótrauð á Ólympíuleikana 2016. Lifestream vörurnar henta mér best vegna þess að þær eru hrein lífræn fæðunæring. Næringarríkt fæði er mikilvægt. Með Lifestream fæðunæringu hef ég betra úthald og hreysti til að takast á við erfiðar æfingar og áskoranir.



Umboðsaðili: Celsus ehf  
Fæst í apótekum, heilsubúðum, Krónunni, Hagkaup og Nettó.

 **lifestream**  
náttúruleg uppspretta bætiefna



# SPENNANDI NÝJUNG Í DANSFLÓRUNA

**KLASSÍK Í BLAND VIÐ NÝJUNGAR** BRYN Listdansskóli og DanceCenter Reykjavík hefja árið á splunkunýju samstarfi. Boðið verður upp á alþjóðlega viðurkennt dansnám í klassískum ballett frá Royal Academy of Dance í Bretlandi, ásamt djass- og nútímadansi. Sömuleiðis allt það nýjasta í hiphoppi, djassfönki og reggaetone. Dómarar og danshöfundur úr virtustu dansþáttum heims verða gestakennarar, en þeir eiga það sameiginlegt að hafa unnið fyrir skærustu stjórnur tónlistargeirans.

Þær Nanna Ósk Jónsdóttir, framkvæmdastjóri DanceCenter, og Bryndís Einarsdóttir, skólastjóri BRYN Ballett akademíunnar, leiða saman styrkleika sína úr ólíkum áttum undir heitinu BRYN DanceCenter. Starfsemin hefst 12. janúar. Nemendur eru á aldrinum þriggja til 20 plús. Kennslan mun fara fram á hinum ýmsu stöðum í Garðabæ, Kópavogi og Reykjavík og verður boðið upp á allt það besta í dansheiminum í dag.

## GÓÐUR GRUNNUR OG FJÖLBREYTTIR DANSSTÍLAR

„Við Bryndís erum með óbilandi ástríðu fyrir dansi og öllu sem viðkemur honum og þetta er að okkar mati spennandi nýjung í dansflórana hér á landi. Hjá okkur verður hægt að læra grunntækni ásamt fjölbreyttum dansstílum,“ segir Nanna Ósk. Bryndís telur að samstarfið eigi eftir að skerpa styrkleika skólanna, bæta úrvalið og ýta enn frekar undir metnað og dansgleði nemenda.

„Þegar byrjað er að innleiða grunntækni hjá nemendum, sést árangurinn um leið. Til þess að verða atvinnudansari þarf

að vera með sterka undirstöðu í klassískum ballett. Hún eykur jafnframt hæfni þeirra sem vilja ná langt í öðrum danstegundum eins og nútímadansi, djassdansi, djassfönki og hiphoppi. Ef nemendur vilja öðlast góðan og fjölbreyttan grunn og kynnst jafnframt öllu því nýjasta úr báðum dansheiminum er BRYN DanceCenter staðurinn,“ segir Bryndís.

„Í gegnum árin hefur það sýnt sig að dansari sem á auðvelt með að skipta á milli dansstíla, fær fleiri verkefni í afþreyingargeiranum erlendis,“ segir Nanna. „Stærstu nöfnin sem hafa unnið virtustu dansþættina í heiminum, eins og So you think you can dance?, hafa oftast en ekki slíkan bakgrunn. Okkar markmið er að bjóða upp á það allra besta fyrir nemendur sem vilja ná langt.“

## HAFI BREIÐAN BAKGRUNN

Báðar hafa þær Nanna og Bryndís breiðan dansbakgrunn.

Bryndís stofnaði og rak eigin listdansskóla, BRYN Ballet Academy, í Lundúnum þegar hún var búsett þar í nokkur ár. Eftir að hún flutti heim stofnaði



**SPENNANDI SAMSTARF** BRYN DanceCenter er fyrir nemendur sem vilja fá góðan grunn og kynnst jafnframt öllu því nýjasta í dansheiminum.

MYND/ANDRI MARINO

hún BRYN Ballett akademíuna í Reykjanæsbæ. Þar er áfram kennt eftir aðalnámskrá mennta- og menningarmálaráðuneytisins fyrir listdansskóla á grunn- og framhaldsskólastigi.

Bryndís byrjaði að kenna ung að aldri og hefur kennt dans víða um heim. Hún er sérhæfð í klassískum ballett, nútímadansi og mörgum öðrum dansstílum. Hún er skráður kennari hjá Royal Academy of Dance og meðlimur International Dance Teachers Association og Félagi íslenskra listdansara. Fyrir utan að kenna hefur Bryndís heilmikla reynslu af sýningum, dansi og leiklist. Hún útskrifaðist frá California Institute of the Arts með BFA-gráðu og í klassískum ballettkennslufræðum frá Royal Academy of Dance í Bretlandi. Einnig er hún útskrifuð með M.Art.ed.-gráðu frá listkennsludeild Listaháskóla Íslands með áherslu á dans. Hún hefur unnið við leikhús, dansleikhús, kvikmyndir, auglýsingar, tónlistarmyndbönd og svo mætti lengi telja. Þá hefur hún bæði leikstýrt og samið fjölda danssýninga og

starfað sem dansari í óteljandi danssýningum og verkefnum. Hún hefur þjálfað fjölmarga kennara víðsvegar um heiminn í ýmsum dansstílum og kennt nemendum á öllum aldri.

Nanna Ósk hefur unnið mikið frumkvöðlastarf í danskennslu á Íslandi og sett mark sitt á dansmenningu landsins. Hún hefur til fjölda ára flutt inn virtustu danshöfundana frá Bandaríkjunum, sem hafa unnið fyrir skærustu stjórnurnar í tónlistarheiminum og fengið þá til að kenna íslenskum dönsurum. Þá hefur hún fengið til liðs við sig fjölmarga dómarar og danshöfundar ásamt vinningshöfum So you think you can dance? til að kenna við skólann og koma fram á sýningum.

Nanna byrjaði ung að aldri að kenna og hefur landað fjölmörgum Íslandsmeistaratitlum, líkt og Bryndís. Hún hefur ástríðu fyrir nýjungum í dansi og hefur lært fjölbreytta dansstíla. Má þar nefna ballett, djassdansi, nútímadans, hiphopp, krump, afró, reggaetone, stepp, samkvæmisdans og flamenco.

Nanna setti á laggirnar og rak dansdeildina í World Class í Laugum við góðan orðstír á árunum 2004-2007 en stofnaði síðan DanceCenter Reykjavík. Hún er með M.Sc. í markaðsfræði og alþjóðdæmiðskiptum og býr yfir 15 ára reynslu úr atvinnulífnum. Hún hefur meðfram eigin rekstri unnið fyrir stærstu fyrirtæki landsins við markaðssetningu, verkefnastjórnun, fjölmiðlun, almanna- og viðburðastjórnun.

Fyrir utan að kenna hefur Nanna jafnframt heilmikla reynslu af sýningum og leiklist. Þá hefur hún bæði samið fjölda danssýninga og starfað sem dansari í óteljandi danssýningum og verkefnum. Nanna hefur þjálfað fjölmarga kennara og kennt nemendum á öllum aldri.

## VORÖNNIN HEFST 12. JANÚAR

Vorönn BRYN DanceCenter hefst mánudaginn 12. janúar. Frekari upplýsingar er að finna á [www.bryndancecenter.is](http://www.bryndancecenter.is). Einnig er hægt að senda tölvupóst á [info@bryndancecenter.is](mailto:info@bryndancecenter.is) eða hringja í síma: 777 3658 eða 772 1702.

## STÓRÚTSALA HAFIN

30-40% AFSLÁTTUR

VETRÁYFIRHAFNIR FRÁ CREENSTONE OFL.  
GERRY WEBER, SPARIDRESS OG KJÓLAR,  
PEYSUR, BOLIR OG BUXUR,  
FRANK LYMAN KJÓLAR OG M.FL.

Nú er tækifærið að versla gæða merkjavöru á góðu verði  
Laxdal Laugavegi - Dásamleg dömubúð



**HLÚÐU AÐ VIÐKVÆMRI HÚÐ Í FROSTINU**  
HÁGÆÐA HÚÐVÖRUR FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA Á FRÁBÆRU VERÐI.  
ENGIN ILM- EÐA LITAREFNI.

FÆST Í NÆSTA APÓTEKI





# AFTUR TIL FRAMTÍÐAR! LAND CRUISER 70

Toyota Land Cruiser 70 hefur verið framleiddur nánast óbreyttur í 30 ár og nú er Ísfar ehf. komið með umboð fyrir þennan alvöru jeppa með heilli grind og framhásingu. Sívaxandi eftirspurn eftir duglegum ferðabílum.

Rúm 20 ár eru síðan fyrirtækið Ísfar ehf. var stofnað af nokkrum galvöskum drengjum til að standa að útflutningi breyttra jeppa til Þýskalands, einkum Toyota Hilux. Einn aðstandenda þessa fyrirtækis, Jón Baldur Þorbjörnsson, nýtti sér þar sína bíltæknifræðikunnáttu, en hann menntaði sig í München. Eftir að hafa stýrt tæknideild Bifreiðaskoðunar um nokkurra ára skeið reyndi hann fyrir sér á þennan hátt, en afraksturinn var heldur dræmur, nokkrir bílar seldir til Þýskalands og að auki tveir mikið breyttir bílar til ríkasta manns Lettlands á þeim tíma.

**Einfaldur, sterkur og endingargóður**  
Í dag hefur dæmið snúist við og Ísfar ehf. er orðinn innflutningsaðili fyrir einn af fáum alvöru jeppum sem enn eru framleiddir í heiminum – hvað annað

en Toyota?! Nú er það 70-gerðin svokallaða, sem framleidd hefur verið nánast óbreytt í 30 ár, einkum fyrir Mið-Asíu, Afríku og Ástralíu. Þessi gerð er með heilla grind og framhásingu, sem þótti sjálfsagt mál þá, en síðan hefur saxast verulega á þessa útfærslu fjórhjóladrifinna bíla. Bílar af 70-gerðinni voru fluttir inn til Íslands í nokkru magni í kringum aldamótin 2000 og urðu mjög vinsælir vegna einfaldleika, endingar og styrks. Vegna hertra mengunarreglna var þeim innflutningi þó hætt árið 2001.

#### Endurlífgaður í Evrópu

Sívaxandi eftirspurn eftir duglegum og vandræðalausum ferðabílum og atvinnubílum fyrir erfðustu aðstæður hefur valdið því að Þjóðverjar hafa núna á síðustu árum smíðað búnað fyrir dísilvélar þessara bíla, sem gerir 6 strokka 4,2 línuvélinni með gamla, ódreppandi stjörnuolíuverk-

inu kleift að uppfylla þær kröfur um útblástur sem Euro 5 staðallinn mælir fyrir um. Það þýðir að í Þýskalandi, og þar með öllum öðrum Evrópuríkjum, fæst bíllinn nú skráður á ný. Segja má að hann hafi með þessu verið endurlífgaður í Evrópu og nýtur þar strax mikilla vinsælda. Það má sjá af því einu að nánast ógerningur er að fá þessa bíla keypta notaða erlendis.

#### Hagnýtur til allra verka

Sú þróun í framleiðslu 70 gerðarinnar hefur orðið í millitíðinni að auk þriggja dyra háþekjunnar, sem fyrst og fremst var flutt til Íslands á sínum tíma og ber gerðarheitið J 78 og skúffubílsins J 79, var hafin framleiðsla á 5 dyra 76-gerðinni 2007. Sá bíll er með ekta jeppalagi og mikið notaður af fríðarsveitum og rauðakrossdeildum í Mið-Asíu og Afríku. Má segja að hér sé um arftaka gömlu J 60-gerðarinnar að ræða. Stóra

nýjungin í framleiðsluninni er þó Double Cab-inn, eða skúffubíll með tvöföldu ökumannshúsi. Hann kom á sjónarsviðið 2012 og virðist sem þar sé kominn ákaflega hagnýtur bíll til allra verka þar sem flutningur á farmi og fólki er málið.

#### Bensín í stað dísil

Nokkur ár eru síðan bensínvélin braust inn í þessi helgu vé dísilbíllanna hjá Toyota. Fyrir valinu varð 4 lítra V6-vélin (Tacoma og FJ Cruiser) sem með sínum 228 hestöflum er nokkru öflugri en dísilvélin, þrátt fyrir um 40% aflaukningu dísilins með ísettri túrbínu og millikæli. Þriggja dyra háþekjan er enn eingöngu framleidd með dísilvélinni en hinar gerðirnar eru í dag jafnt boðnar með bensín- sem dísilvélum.

#### Frá 7,5 til 13,5 milljónir

Verð bíllanna ræðst af misjöfnum vörugjöldum vegna mismunandi

gerða yfirbyggingar og vélargerð. Þar sem bensínvélin krefst minni búnaðar til að uppfylla evrópskar kröfur um mengunarvarnir er sú útgáfa um 7.000 evrum ódýrari í innkaupi heldur en sambærilegir bílar með dísilvél. Þannig mun verð þessara bíla, sem allir eru þó af sama meidi, spanna 7,5-13,5 milljónir króna, skráðir og tilbúnir til aksturs á íslenskum vegum – og vegleysum.

Tiltölulega auðvelt er að breyta þessum bílum, t.d. fyrir 38" dekk. Slík breyting kostar hjá Arctic Trucks um þrjár milljónir króna. Þeir eru einnig fáanlegir með ýmsum aukabúnaði s.s. driflæsingum frá Toyota að framan og aftan, rafmagnsspili og túrbínu og millikæli frá þýskum framleiðendum. Eins og innflutnings-tölur fyrir bíla hafa sýnt og sannað í gegnum árin er Toyota greinilega bíll fyrir Ísland. En Ísland er líka land fyrir Toyota, a.m.k. fyrir 70-gerðina!

# ÖRUGGT START

## MEÐ EXIDE RAFGEYNUM

Endingargóðir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir bifreiða. Veldu þaulreynda vöru frá gæðaframleiðanda.



Exide rafgeymarnir fást hjá:







## Bílaframleiðendur innkölluðu 60 milljónir bíla í fyrra

Aldrei fyrr hafa bílaframleiðendur innkallað jafnmarga bíla á einu ári vegna galla og í fyrra. Alls nema innkallanir 60,5 milljónum bíla. Fyrra met var 30,8 milljónir bíla árið 2004. Fáir búast við því að þetta met í fyrra verði slegið í bráð. Afar víðtækir gallar í ræsibúnaði bíla frá General Motors og gallaðir öryggisþúðar sem japanski framleiðandinn Takata seldi fjölmörgum bílaframleiðendum eiga stóran þátt í þessu metári innkallana. Sífellt harðari sektir sem lagðar hafa verið á bílaframleiðendur sem bíða með að innkalla gallaða bíla sína hafa að auki haft þessi áhrif og tók hver framleiðandinn af öðrum þá ákvörðun í fyrra að innkalla bíla sína áður en að sektum eða slysum kæmi.



## 19 milljarðar fyrir 10 gamla bíla

Á nýliðnu ári var sett met í sölu eldri bíla sem boðnir voru upp í uppboðshúsum sem sérhæfa sig í sölu eldri bíla. Aldrei hefur einn bíll selst fyrir meira fé en í ár, en í Bonhams-uppboðshúsinu í Monterey í Bandaríkjunum seldist Ferrari 250 GTO af árgærd 1962 fyrir 38.115.000 dollara, eða 4,8 milljarða króna. Af þeim 10 bílum sem seldust fyrir hæstu upphæðirnar á árinu voru 9 þeirra af gerðinni Ferrari. Það var einungis bíllinn í 10. sætinu sem ekki var af Ferrari-gerð, en Ford GT40 Prototype seldist fyrir 880 milljónir króna á uppboði. Næstýrasti bíllinn sem seldist á árinu var Ferrari GTB/C Speciale af árgærd 1964 en fyrir hann fengust 26.400.000 dollarar, eða ríflega 3,3 milljarðar króna. Sá í þriðja sætinu var Ferrari 375-Plus Spider Competizione og seldist hann á 18.400.177 dollara en það samsvarar 2,3 milljörðum króna. Það að 9 dýrustu bílarnir séu af Ferrari-gerð sýnir glögglega hve góð kaup geta verið í Ferrari-bílum, sem ekki bara halda verði sínu vel heldur margfalda í mörgum tilvikum virði sitt með árunum.



## Forseti Gabon keypti 29 bíla fyrir 2,3 milljarða á einum degi

Einræðisherrar í Afríku hafa sjaldan haldið aftur að sér er kemur að kaupum á lúxusvarningi fyrir sjálfa sig og fjölskyldu sína, burt séð frá því hvernig þegar þeirra hafa það. Í grein frá frönsku fréttastofunni France 24 er greint frá því að Ali Bongo, núverandi forseti Gabon og sonur Omars Bongo sem ríkti þar lengi, hafi dag einn árið 2010 keypt 29 bíla fyrir 14.882.000 evrur. Það samsvarar rúmlega 2,3 milljörðum króna. Þessir bílar bættust í um 1.000 bíla safn Bongo-fjölskyldunnar. Eru þeir flestir lúxusbílar og svo margir eru þeir að flestum þeirra er afar sjaldan ekið.

Ekki verður annað sagt en að Ali Bongo hafi góðan smekk á bílum en á meðal þessara nýju bíla voru 2 Maybach-bílar, 2 Bentley, 3 Mercedes Benz CL 63 AMG-sportbílar, BMW M3, M5 og M6 Coupe og 2 Rolls Royce Ghost í mismunandi lit og einn Rolls Royce Drop Head. Einnig keypti hann tvær rútur og fjóra Mercedes Benz Viano-sendibíla. Rúturnar tvær hafa ekki verið af verra taginu því þær kostuðu samtals 2,5 milljónir evra, eða 390 milljónir króna, enda sérinnréttaðar. Ólíklegt má telja að almenningur í Gabon muni sitja mikið í þessum farartækjum forsetafjölskyldunnar.



**Toyota FT-1** var ekki hannaður í Japan heldur hjá hönnunardeild Toyota í Kaliforníu þar sem bílar Toyota fyrir Bandaríkjamarkað eru hannaðir. Hann var sýndur á bílasýningunni í Detroit seint í fyrra. Ekki kæmi á óvart að þessi bíll yrði lagður til grundvallar nýjum Toyota Supra og víst er að fáum myndi leiðast það.

# ATHYGLIVERÐIR HUGMYNDA-BÍLAR SÍÐASTLIÐINS ÁRS

Bílar sem eyða nánast engu, sportbílar og bílar sem marka nýja hönnunarstefnu bílaframleiðenda.



**Volkswagen XL Sport** er með yfirbygginguna frá hinum straumlínulagaða XL-1 en með Ducati V-twin mótörhjólamótör. Volkswagen XL-1 er einn sparneytnasti bíll heims og eyðir aðeins einum lítra eldsneytis á hverja hundrað kílómetra. Volkswagen á ítalska mótörhjólafyrirtækið Ducati og því full ástæða til að sameina það besta frá báðum fyrirtækjum og skapa með því físléttan sportbíl sem góð eftirspurn gæti orðið eftir.



**Renault Eolab** er líkt og Volkswagen XL-1 bíll sem eyðir aðeins einum lítra og var sýndur á bílasýningunni í París sl. haust. Eolab er hugarfóstur tæknimanna Renault sem höfðu það að markmiði að búa til bíl sem eyddi sem minnstu eldsneyti. Því var ekki einblínt á ytra útlit bílsins, nema hvað varðar litla vindmótstöðu hans, en þessi bíll er í grunninn Renault Clio. Vonandi kemst þessi eyðslugrana útgáfa hans af teikniborðinu og í fjöldaframleiðslu.



**Renault KWID** vakti mikla athygli á bílasýningunni í Nýju-Delí á Indlandi í febrúar í fyrra. Hann er ætlaður fyrir Indlandsmarkað og verður framleiddur sem næst þessu útliti í sameiginlegri verksmiðju Nissan og Renault í Indlandi strax á þessu ári. Bíllinn er það breiður að þrjár farþegar sitja hlið við hlið frammí en aðeins er pláss fyrir tvo afturi. Bíllinn er mjög stuttur, innan við 4 metrar að lengd. Hann er með 1,2 lítra bensínvél með forþjöppu og 120 hestöfl.



**Volvo Concept Estate** sem sýndur var á bílasýningunni í Los Angeles seint á síðasta ári þótti einstaklega fallegur bíll, í senn sportlegur sem tignarlegur með sínar faguðu og fáu línur. Af þeim gullfallegu þremur hugmyndabílum sem Volvo hefur sýnt á síðustu misserum, Volvo Coupe, XC Coupe og Estate, er talið líklegt að þessi Estate-hugmyndabíll rati í fjöldaframleiðslu, en hann er notadrjúgur langbakur, eins og Volvo hefur verið þekkt fyrir að framleiða gegnum árin.



**Audi Prologue** var sýndur á bílasýningunni í Los Angeles. Hann verður ekki framleiddur nákvæmlega eins og hér sést, heldur gefur hann tóninn fyrir næstu kynslóðir Audi A6-, Audi A7- og Audi A8-bíllanna. Auk þess gæti Audi sett á markað A9-bíl, sem fyrirtækið hefur lengi dreymt um í samkeppninni við S-Class-bíla Benz og hann yrði ef til vill líkastur þessum tilraunabíli. Þarna þykir Audi hafa tekist einkar vel upp og spennandi verður að sjá bílana sem af honum fæðast.



**Kia GT4 Stinger** var sýndur á bílasýningunni í Detroit og þykir fagur bíll. Bílaá hugamenn hafa vonað að með honum sé Kia loksins að stimpla sig inn í framleiðslu sportlegra bíla með krafta í kögglum, en Kia hefur hingað til verið þekktast fyrir framleiðslu ódýrra fjölskyldubíla. Það var yfirhönnuður Kia, hinn þýski Peter Schreyer, sem áður vann fyrir Audi og Volkswagen, sem hannaði þennan bíl. Hann er með 315 hestafla 2,0 lítra forþjöppudrifna vél.



FIND **NEW** ROADS™

CHEVROLET



# AÐEINS 10% ÚTBORGUN LÆKKAÐ VERÐ

Nú er ennþá auðveldara að eignast nýjan Chevrolet



AÐEINS 10% ÚTBORGUN:  
**542.000 KR.**  
VERÐ FRÁ: 5.424.000 KR.

**CAPTIVA - SJÖ SÆTA, FJÓRHJÓLADRIFINN SPORTJEPPI**  
Captiva er rúmgóður jeppi sem hentar vel fyrir alla fjölskylduna. Hann er fjórhjóladrifinn með öflugri díselvél og hlaðinn staðalbúnaði. Komdu og skoðaðu fjölhæfan jeppa á frábæru verði.

Lækkað verð á öllum nýjum bílum

AÐEINS 10% ÚTBORGUN:  
**176.900 KR.**  
VERÐ FRÁ: 1.769.000 KR.



#### CHEVROLET SPARK

Spark er skynsamlegt sparnaðarráð sem verður að veruleika í minni útgjöldum heimilisins. Hann er sparneytinn, umhverfisvænn og fæst á afar hagstæðu verði.

AÐEINS 10% ÚTBORGUN:  
**295.000 KR.**  
VERÐ FRÁ: 2.955.000 KR.



#### CHEVROLET CRUZE

Glæsilegur Cruze með staðalbúnaði sem setur ný viðmið. Hann er einn sá fallegasti á götunum í dag og er betur búinn en margir mun dýrari bílar.

AÐEINS 10% ÚTBORGUN:  
**434.000 KR.**  
VERÐ FRÁ: 4.338.000 KR.



#### CHEVROLET TRAX

Trax þjónar kröfum nútímafólks með fjölbreyttan lífsstíl. Komdu og mátaðu þig við ríkulega búinn, sparneytinn og sprækan Trax - þið eigið örugglega margt sameiginlegt.



Bílabúð Benna og Lykill gera þér kleift að eignast nýjan Chevrolet á þægilegan máta. Útborgun er að lágmarki 10% af verði bílsins og Lykill lánar þér afganginn til allt að sjö ára. Þú velur þér nýjan bíl hjá Bílabúð Benna og sölumenn sjá um að ganga frá lánum. Lánshlutfall ræðst af lánshæfis- og/eða greiðslumati hvers umsækjanda og getur hæst orðið 90%. Skyllt er að kaskótryggja bifreiðina á lánstímanum.

Opið alla virka daga frá 9 til 18  
og laugardaga frá 12 til 16.  
Verið velkomin í reynsluakstur.

benni.is | chevrolet.is | Finndu okkur á Facebookk

Reykjavík  
Tangarhófa 8  
Sími: 590 2000

Reykjanesbær  
Njarðarbraut 9  
Sími: 420 3330

Akureyri  
Glerárgötu 36  
Sími: 461 3636

**Bílabúð  
Benna**  
Sérfræðingar í bílum





## Ferrari, Red Bull og McLaren vilja frjálsta vélarhönnun

Reglurnar í Formúlu 1 kappaksturseríunni eru margar og sumar ansi stífar. Ein þeirra er sú að liðin sem eiga þar rétt á keppni megi ekki breyta vélum sínum fyrir næsta ár og var það ákveðið til að halda niðri kostnaði liðanna. Vélararnar eru V6 með forþjöppum og rafmagnsmótörum og eftir að liðin höfðu öll þróað slíkar vélar fyrir síðasta keppnistímabil var meiningin að þannig ættu þær að vera óbreyttar fyrir næsta keppnisár einnig. Þetta eru lið Ferrari, Red Bull og McLaren ósátt við þar sem Mercedes Benz tókst að þróa sína vél svo vel að keppnisbílar þeirra höfðu algera yfirburði yfir önnur lið í keppninni. Mercedes Benz vann allar nema þrjár keppnir síðasta keppnistímabils og náði á pall í öllum keppnum þess. Þannig vilja þau ekki hafa næsta tímabil og tækju margir undir að það væri nú ekki æskilegt eitt ár enn. Mercedes Benz segir hins vegar að ef reglum verður breytt fyrir næsta tímabil muni það kosta liðin óheyrilegt fé. Hvort þessum þremur liðum verður ágeengt í beiðni sinni verður tíminn einn að leiða í ljós, en óspennandi keppnir gera lítið fyrir keppnina og áhorfendur.



## Audi RS3 er 362 hestafla kraftaköggull

Audi er þekkt fyrir framleiðslu á öflugum langbaksbílum sínum og Audi RS6 ef til vill sá þekktasti með 560 hestafla ógnarafi. Nú er kominn nýr meðlimur í þessa fjölskyldu, þ.e. Audi RS3 langbakur sem skartar 362 hestöflum sem koma frá 2,5 lítra og fimm strokka bensinvél sem skilar 465 Nm tugi. Hann er aðeins 4,3 sekúndur í hundraðið og hámarks hraðinn er takmarkaður við 250 km/klst. Kaupendur bílsins geta hins vegar valið um það að hámarkshraði bílsins sé ekki rafrænt takmarkaður og þá er hámarkshraði hans 280 km/klst. Audi RS3 er með 7 girja S-tronic sjálfskiptingu með tvöfaldrí kúplingu og aflíð fer til allra hjóllanna og quattro-fjór hjóladrif bílsins sendir allt frá 50% til 100% afslisins til afturhjóllanna. Audi RS3 er með lægri fjöðrun en hefðbundinn Audi A3 Sportback. Kaupendur geta valið um karbon-koltrefja-keramik bremsubúnað. Nýr Audi RS3 hefur farið í 55 kílóa megrun frá fyrri gerð, sem eykur enn á aksturshæfni bílsins. Í bílnum eru sætin úr nappa-leðri og stýrið er bæði með leðri og alcantara-áklæði. Kaupendur geta einnig valið um körfusportsæti sem vege sjö kílóum minna en hefðbundin framsæti. Bíllinn fer í sölu næsta sumar.



## Gera OPEC-ríkin bandaríska olíuvinnslu óarðbæra?

Athygli hefur vakið að OPEC-ríkin fyrir botni Miðjarðarhafs hafa ekki dregið úr framleiðslu sinni á olíu í kjölfar þeirrar miklu lækkunar sem orðið hefur á olíu. Ein kenningin um ástæðu þess er sú að ráðamenn OPEC vilji með því losna við „fracking“-vinnslu á olíu í Bandaríkjunum með því að gera hana óarðbæra. Vinnsla með þeirri aðferð, þ.e. að vinna olíu úr sandi sem inniheldur mikla olíu er talsvert kostnaðarsamari en sú auðveldi vinnsla sem fer fram í olíuríkjunum í arabaheiminum, en þar vellur olían nánast upp úr olíubrunnunum og þar er til nóg af henni. Því geta OPEC-ríkin dælt henni upp í langan tíma en grætt samt vel, en á meðan ef til vill sett „fracking“-olíuvinnsluna lóðrétt á höfuðið. Við það minnka olíubirgðir heimsins og verðið hækkar aftur. Olíuverð lækkaði um 46% í Bandaríkjunum á síðasta ári og gæti lækkað enn meira. Olíubirgðir þar hafa ekki verið meiri síðan árið 1982. Talið er að offramleiðsla olíu í heiminum nemi tveimur milljónum tunna á dag og því hlaðast upp olíubirgðir, þ.e. ef allir olíuframléiðendur halda áfram framleiðslu í óbreyttu magni.



Þétt umferð í Reykjavík.

# BÍLASALA JÓKST UM 32,2% ÁRIÐ 2014

Alls seldust 10.462 bílar samanboreið við 7.913 bíla árið 2013 og bjartsýni ríkir með góða sölu í ár og von um 10% aukningu.

Mikið lifnaði yfir sölu nýrra bíla á nýliðnu ári en alls seldust 10.462 bílar samanboreið við 7.913 bíla árið 2013. Nemur aukningin 32,2%.

Eins og á undanförunum árum keyptu bílaleigur flesta bíla, eða 4.470 og jókst sala til þeirra um 45,1%. Hlutfall bílaleiga af heildarmarkaði var því 42,7% árið 2014. Þessi mikla sala til bílaleiga skýrist af auknum fjölda ferðamanna til Íslands.

Mikill vöxtur var einnig í sölu til annarra fyrirtækja og jókst sala til þeirra 34,7% og nam 2.008 bílum. Einstaklingar juku bíla-

kaup sín um 19,2% og keyptu 3.984 nýja bíla í fyrra. Kaup einstaklinga fóru rólega af stað en upp úr miðju ári tóku kaup einstaklinga mikið við sér og var ágætur vöxtur út árið.

### BL söluhæsta umboðið en Toyota söluhæsta merkið

Af einstaka bílaumboðum seldi BL mest, eða 2.305 bíla og var með 22,0% heildarmarkaðarins. Næstflesti bíla seldi Hekla, 2.037 (19,5%) og Toyota/Lexus seldi 1.656 bíla (15,8%). Brimborg seldi 1.282 bíla (11,2%) og Askja 1.169 bíla (11,2%). Af einstaka bíla-merkjum seldist mest af Toyota bílum, eða 1.629 og Volkswagen-

bílar seldust í 1.142 eintökum. Kia-bílar seldust í 824 eintökum, 738 Skoda, 700 Chevrolet, 656 Ford, 613 Suzuki, 602 Hyundai, 575 Renault og tíunda mest selda bíla-merk- ið var Nissan með 515 bíla.

### Bjartsýni með nýhafid ár

Egill Jóhannsson, forstjóri Brimborgar, segir þá miklu aukningu sem var í sölu nýrra bíla á síðasta ári gleðiefni, ekki síst í ljósi þeirrar dræmu sölu sem hefur verið á bílum frá hruni. Þessi ágæta sala felur einnig í sér bjartsýni hvað varðar sölu bíla í ár og spáir Egill 10% söluaukningu á árinu. Færi salan þá í um 11.500 bíla.

# ÓSKAÐ EFTIR RANNSÓKN Á IÐGJÖLDUM BÍLATRYGGINGA

Lækkun virðisaukaskatts kemur ekki fram í lægri iðgjöldum.

FÍB hefur ástæðu til að ætla að afnám vörugjalda af varahlutum bíla og lækkun virðisaukaskatts eftir áramót komi ekki fram í lægri iðgjöldum bílatrygginga. Margir eru með endurnýjun á tryggingum um áramótin og iðgjöld eru ákveðin ár fram í tímann. Lausleg könnun FÍB meðal bíleigenda gefur til kynna að iðgjöld hafi ekki lækkað eins og lög gera ráð fyrir, heldur ýmist hækk- að eða staðið í stað. Á árinu sem var að líða hækkðu iðgjöld ökutækja-trygginga langt umfram verðbólgu þrátt fyrir fækkun alvarlegra umferðarslysa.

### Jákvæðar ytri aðstæður skila sér ekki til neytenda

FÍB telur tilefni til að iðgjöld tryggingafélaganna verði tekin til rannsóknar, þar sem ástæða er til að óttast að jákvæðar ytri aðstæður í ökutækjatrýggingum séu ekki að skila sér til neytenda.

FÍB beinir því til innanríkisráðherra að fela Neytendastofu að hefja rannsókn á tryggingafélagunum þegar í stað. Alla jafna ætti slík rannsókn heima hjá Fjármálaeftirlitinu (FME) en sú stofnun er í mjög óeðlilegri stöðu. FME á að tryggja að tryggingafélagin séu fjárhagslega burðug til að mæta áföllum en jafnframt á stofnunin að sjá til þess að ekki sé verið að innheimta of há



iðgjöld af lögbundnum tryggingum. Fyrra hlutverkið virðist vege þyngra en það síðara hjá FME. FÍB telur eðlilegt að svona rannsókn sé framkvæmd af Neytendastofu enda snertir þetta hagsmuni neytenda.

### Iðgjöld hækkad umfram vísitölu neysluverðs

Vísitala neysluverðs hefur hækk- að um 0,81% síðustu 12 mánuði. Á sama tíma hafa iðgjöld ábyrgðar-trygginga ökutækja hækkad um 4,28% og iðgjöld kaskótrygginga um 1,62%. Á nýbyrjuðu ári lækkar kostnaður tryggingafélaganna vegna ökutækjatjóna, þar sem 15% vörugjald af innfluttum varahlut-

um verður aflagt og virðisauka- skattur á viðgerðarvinnu, vara- hluti og nýja bíla lækkar um tæp 6%. Ekkert bendir til að trygginga- félagin hafi tekið tillit til þessarar kostnaðarlækkunar við útgáfu ið- gjalda fyrir næsta ár. Ekki þarf að hafa mörg orð um áhrif þess þegar afnám vörugjalda og lækkun virð- isaukaskatts skilar sér ekki til neyt- enda. Þessum breytingum er ætlað að vege upp á móti hækkun í neðra þrepi skattsins. Tryggingaiðgjöld vege einnig þungt í vísitölu verð- tryggingar. Af þessum ástæðum er mikilvægt að ítarleg rannsókn fari fram sem fyrst á hegðun trygginga- félaganna í þessum efnun.



5 ára ábyrgð  
Ótakmarkaður akstur

# LÆKKAÐ VERÐ Á ÖLLUM HYUNDAI

[www.hyundai.is](http://www.hyundai.is)



Hyundai i10  
Verð frá 1.970.000 kr.  
Eyðsla 4,7 l/100 km\*

Hyundai ix35



Fjór hjóladrif / Dísil beinsk.  
Verð frá 5.590.000 kr.  
Eyðsla 5,7 l/100 km\*

Hyundai Santa Fe



Fjór hjóladrif / Dísil sjálfsk.  
Verð frá 7.050.000 kr.  
Eyðsla 6,7 l/100 km\*

Hyundai i30



Verð frá 2.940.000 kr.  
Eyðsla 6,0 l/100 km\*

Umboðsaðilar:

GE Bílar  
Reykjanesbæ  
[www.bilahusid.is](http://www.bilahusid.is)  
420 0400

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
[www.bilas.is](http://www.bilas.is)  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
[www.bilaka.is](http://www.bilaka.is)  
461 2533

Bílaverkstæði Austurl.  
Egilsstöðum  
[www.bva.is](http://www.bva.is)  
470 5070




iB ehf.  
Selfossi  
[www.ib.is](http://www.ib.is)  
490 9090



**HYUNDAI**

Kauptúni 1 / Beint á móti IKEA / 575 1200



<b>AUDI A3 LIMOUSINE</b> 	<b>1,4 L BENSÍNVEL, 150 HESTÖFL FRAMHJÓLADRIF</b> <b>Eyðsla 4,7 l/100 km í bl. akstri</b>	<b>Mengun 109 g/km CO<sub>2</sub></b> <b>Hröðun 8,2 sek.</b> <b>Hámarkshraði 224 km/klst.</b> <b>Verð 4.950.000 kr.</b> <b>Umboð Hekla</b>	 <ul style="list-style-type: none"> <li>● Aksturshæfni</li> <li>● Innrétting</li> <li>● Vélar</li> </ul>	 <ul style="list-style-type: none"> <li>● Fóta- og höfuðrymi í aftursæti</li> </ul>
---	--	--	---	--



Audi A3 Limousine er laglegur bíll í C-stærðarflokki

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# HEIMSBÍLLINN STENDUR UNDIR NAFNI

Núverandi kynslóð Audi A3 hefur sópað til sín verðlaunum. Er heimsbíll ársins og alþjóðleg dómnefnd bílblaðakvænna kaus nýverið Saloon-útfærslu hans fjölskyldubíl ársins og S3-útgáfu hans sportbíl ársins.

## JEPPADEKK

Vönduð og endingargóð vetrardekk sem koma þér örugglega hvert á land sem er

**Dick CEPEK**  
TIRES & WHEELS

AT315 AT405



Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | 540 4900 | [www.arctictrucks.is](http://www.arctictrucks.is)

**nokian TYRES**

**ARCTIC TRUCKS**

### AUDI A3 LIMOUSINE

Finnur Thorlacius reynsluekur

Að reyna bíl sem nýkjörinn hefur verið heimsbíll ársins er eitthvað til að hlakka til og sú tilhlökkun breyttist í breiðara og breiðara bros við hvern kílómetra sem hann át upp með stæl. Það er í sjálfu sér hálfskritið að aka svo smáum bíl sem lagt er svona mikið í, því flestir bílar af þessum gæðum eru mun stærri. En af hverju ekki í smábíl og þá með þeim meðfylgjandi kosti að hann kostar ekki mikið? Það er sem sagt hægt að aka um á glæsiglegum lúxusbíl með frábæra aksturseginnleika fyrir ekki nema 4.950.000 krónur. Ekki slæmt það. Audi A3 er nú af þriðju kynslóð frá árinu í fyrra, en Audi kynnti A3 fyrst til sögunnar árið 1996. Núverandi kynslóð Audi A3 hefur sópað til sín verðlaunum um allan heim. Til dæmis kaus alþjóðleg dómnefnd bílblaðakvænna nýverið Saloon-útfærslu hans fjölskyldubíl ársins og S3-kraftaútgáfu hans sportbíl ársins. Það er því ljóst að Audi er að gera eitthvað mjög rétt með Audi A3.

### Magnaður akstursbíl

Audi A3 fæst í fjöldamörgum útfærslum í Sportback- eða Saloon-útliti, með mikið val um vélbúnað. Sú allra öflugasta er S3-kraftaútgáfa A3 með 300 hestafla vél. Reynsluakstursbíllinn var með 1,4 lítra og 150 hestafla bensínvél með 7-gíra S-tronic-sjálfskiptingu. Þar fer afar sparneytinn bíll sem gefinn er upp með 4,7 lítra eyðslu. Þeirri tölu var ekki náð í

reynsluakstri í kuldanum hér, auk þess sem sparastur var ekki viðhafður. Hann var nær því að vera með um 6 lítra eyðslu og er það alls ekki slæmt fyrir bíl sem er 8,1 sekúnda í hundraðið. Akstur þessa bíls er alger draumur. Frábær og frekar stíf fjöðrun, endalaus rásfesta og nákvæm stýring virkilega gleður bílaáhugamann og hefur greinarritari ekki prófað betri akstursbíl í þessum flokki. Sú litla vél sem er í bílnum er alger kraftaköggull og hjálpar þar forþjappa mikið til. S-tronic-sjálfskiptingin er sem fyrr hrikalega skemmtileg með sínar tvær kúplingar. Eitt var það sem vakti verulega athygli okumanns. Þegar lítills afsls er krafist frá vélinni slekkur hún á tveimur af fjórum strokkum sínum og sparar með því mikið eldsneyti.

### Sérlega fágúð innrétting

Ytra útlit Audi A3 Limousine er eitthvað til að gleðja eigendur bílsins, afar sportlegt en klassískt. Þessi gerð bílsins er mun laglegri en Sportback-hlaðbaksgerð A3 og munar þar miklu. Það verður þó að segja að A3 Limousine sverji sig mjög sterklega í ætt annarra og stærri Audi-bíla, svo stundum mætti ímynda sér að mynd af Audi A4 hafi bara verið smækkuð örllítið, en þessar línur finnast einnig í A6 og A8. En þá má spyrja, af hverju að breyta því sem er svo fallegt og líkar svo vel hjá kaupendum? Hér gildir greinilega reglan; „If it ain't broken, don't fix it.“ Innrétting bílsins hefur mikið verið mærd af þeim sem fjalla um bíla og ekki að ástæðulausu því hún er í einu orði sagt gullfalleg. Eiginlega ▶





Eins og fyrri daginn er innréttingin í Audi A3 sérlega vönduð og leit er að betri frágangi í bílum í þessum stærðarflokki.



► er hægt að lýsa innréttingunni í bílnum með einu orði, fágun! Sérstaka gleði vekur skjár sem sprettur upp úr miðju mælaborðinu, en á honum er fjölmörgum stjórnækjum bílsins stjórnað. Sætin í reynsluakstursbílnum voru með geggjuðu leðri, en fyrir það þarf að borga sérstaklega.

#### Lítið fóta- og höfuðrými afturi

Audi A3 Limousine er ekki stór bíll, en samt fer vel um framsætisfarþega. Ekki má þó segja það sama um aftursætin, en þar er

hvorki mikið fótarými né höfuðrými og fer þar aðalókostur bílsins, því leit er að öðrum ókostum hans. Helst væri þó að nefna skottrými, en það er skiljanlega af sama meiði í ekki stærri bíl, þó 425 lítrar. Stór kostur er hins vegar að skottopið er mög stórt, sem auðveldar að hlaða bílinn. Þessi bíll er náttúrulega ekki helst gerður fyrir lengstu ferðalög með mikinn farangur. Þetta er borgarbíll þar sem oftast er einn eða tveir í bílnum. Ekki færi þó illa um börn í aftursætinu á ferða-

lögum. Audi A3 Limousine á helst samkeppnisbíla í formi BMW 1-línunnar og Mercedes Benz A-Class. A3 Limousine kostar frá 4.950.000 til 5.790.000 krónur. BMW 1-línan kostar frá 4.290.000 til 5.090.000 krónur og Mercedes Benz A-Class frá 4.690.000 til 6.490.000. Hafa verður í huga að báðir þessir samkeppnisbílar eru minni en A3 Limousine og því er þessi verðsamanburður hæginn. Víst er þó að aksturshæfni A3 Limousine er þeirra mest og innréttingin vönduðust.

## Gott úrval af notuðum bílum



**SUZUKI Swift GL.**  
Skr. 06.2009, ekinn 95 P.KM, bensín, sjálfskiptur.  
**Verð 1.450.000.**  
Rnr.100813.



**SUZUKI Swift GL**  
4x4. Skr. 06.2010, ekinn 95 P.KM, bensín, 5 girar.  
**Verð 1.650.000.**  
Rnr.100802.



**TOYOTA Aygo.**  
Skr. 12.2012, ekinn 11 P.KM, bensín, 5 girar.  
**Verð 1.790.000.**  
Rnr.100809.



**SUZUKI SX4 GLX.**  
Skr. 01.2008, ekinn 137 P.KM, bensín, 5 girar.  
**Verð 1.480.000.**  
Rnr.100798.



**SUZUKI Jimny**  
JLX. Skr. 05.2012, ekinn 53 P.KM, bensín, 5 girar.  
**Verð 2.450.000.**  
Rnr.100801.



**HONDA Jazz Elegance.**  
Skr. 06.2013, ekinn 43 P.KM, bensín, sjálfskiptur.  
**Verð 2.580.000.**  
Rnr.100817.



**SUZUKI Grand Vitara Premium.**  
Skr. 06.2012, ekinn 45 P.KM, bensín, sjálfskiptur.  
**Verð 4.380.000.**  
Rnr.100514.



**SUZUKI Kizashi AWD.** Skr. 01.2013, ekinn 26 P.KM, bensín, sjálfskiptur, leður, sóllúga o.fl.  
**Verð 4.780.000.**  
Rnr.100670.



**SUZUKI Grand Vitara.**  
Skr. 06.2005, ekinn 175 P.KM, bensín, sjálfskiptur.  
**Verð 1.090.000.**  
Rnr.100764.



Suzuki bílar hf • Skeifan 17 • 108 Reykjavík • Sími 568 5100 • www.suzuki.is

**Komdu og skoðaðu úrvalið**





## 87% Frakka vilja ótakmarkaðan hámarkshraða

Í könnun sem gerð var meðal franska ökumanna kom í ljós að 87% vilja ótakmarkaðan ökuhraða á betri hraðbrautum landsins. Franskir ökumenn hafa lengi öfundað nágretta sína í Þýskalandi þar sem víða er ótakmarkaður ökuhraði og komið hefur í ljós að á þeim vegum eru slyss ekki tíðari en á þeim vegum þar sem ökuhraðinn er takmarkaður. Vildu margir frönsku ökumanna meina að takmörkun á ökuhraða leiði til þess að þeir séu frekar utangátta og aki allir á sama hraðanum, alveg sama á hvaða akrein þeir séu og því komist enginn leiðar sinnar á þeim hraða sem hentar þeim best. Þeir sem mæltu á móti ökuhraða án takmarkana bentu á að Frakkar séu ekki nógu agaðir til að leyfa ótakmarkaðan hraða. Þeir myndu ekki nota stefnuljósinn á jafn agaðan hátt og Þjóðverjar og að akreinaskeipti þeirra yrðu of tíð og óöguð. Spennandi verður að sjá hvort þessi könnun hefur einhver áhrif á ákvarðanir samgönguráðuneytisins í Frakklandi.



X6



Pulsar

## BL kynnir tvo nýja bíla í byrjun árs

Nýja árið byrjar af krafti hjá söluhæsta umboði ársins í fyrra, BL. Tveir nýir bílar verða frumsýndir á næstu dögum hjá BL, Nissan Pulsar og BMW X6. Nissan Pulsar verður frumsýndur næsta laugardag, þann 10. janúar og BMW X6 viku seinna, þ.e. 17. janúar. Nissan Pulsar stíllir sér upp sem einn best útbúni bíllinn í sínum flokki, en hann er bíll C-stærðarflokki bíla, er hlaðbakur og á stærð við Ford Focus og Volkswagen Golf. Pulsar þykir mjög rúmgóður bíll þar sem rými fyrir aftursætisfarþegar dugar fullorðnum. BMW X6 er coupe-gerð BMW X5 jeppans og á flest sam- eiginlegt með þeim ágæta jeppa, en þó helst ekki ytra útlit afturhluta hans. Er þar á ferð lúxusjeppi með frábæra aksturseginnleika sem samt er einkar duglegur í ófærum. Um margar vélargerðir má velja í BMW X6.



## Puritalia 427 er 605 hestafla smábíll

Hann ætti að verða snöggur þessi litli bíll með 605 hestöfl undir húddinu. Framleiðandi þessa bíls er ítalskur og heitir Puritalia. Þar á bæ er meiningin að framleiða 427 eintök af þessum snaggarelega bíl og selja þau á 220.000 dollara, eða um 28 milljónir króna. Grunngerð bílsins er 445 hestöfl sem kemur frá Ford Coyote V8-vél með 5,0 lítra sprengirými. Bíllinn verður einnig hægt að fá með 605 hestafla útfærslu vélarinnar sem fær stóran keflablásara til aflaukningarinnar. Bíllinn er afturhjóla- drifinn og er með 6 girja beinskíptingu. Til stendur að selja bíllinn í Evrópu, Bandaríkjunum og í Miðausturlöndum þar sem nóg er af forríkum kaup- endum svona bíla. Puritalia ætlar í kjölfar smíði þessa bíls að framleiða sportbíl með miðjusetta vél sem fær aukið afl með rafmóturum.



Jaguar XE kemur til með að auka heildarsölu Jaguar stórlega.

# JAGUAR SMÍÐAR NÝJAN XE Í KÍNA OG VILL STÓRAUKA SÖLU

Jaguar XE er nýr bíll á stærð við BMW 3 og hefst sala hans í maí.

Fleiri og fleiri bíla- framleiðendur smíða nú þá bíla sem þeir selja í Kína þarlendis og sleppa fyrir vikið við skattlagningu sem fylgir innfluttum bílum. Jaguar/Land Rover eiga eina verksmiðju í Changshu í Kína og þar eru aðallega smíðaðir Land Rover- og Range Rover-bílar. Brátt verður þar þó hafin smíði á Jaguar XE, en hann er minnsti og ódýrasti bíllinn sem Jaguar framleiðir og á stærð við BMW 3-línuna. Jaguar XE er nýr bíll og hefst sala hans í Evrópu í maí og mun jeppi brátt bætast í fjölskyldu Jaguar-bíla, auk þess sem ný gerð XF-fólksbílsins kemur einnig á markað eftir riflega ár.

### Vilja auka sölu

**Jaguar um 150% á þremur árum** Stóraukið framboð Jagu- ar er áætlað að færi fyrirtæki- nu 200.000 bíla sölu á árinu 2017, en sala þess í ár verður um 80.000 bílar. Sala Jaguar- bíla í Kína stefnir í 20.000 bíla og eru þeir allir innfluttir frá Bretlandi. Þessi sala er þó að- eins einn fimmti af heildarsölu Jaguar/Land Rover þar í landi, en mjög góð sala er í Land Rover- og Range Rover-bílum þar. Verksmiðja Jaguar/Land Rover í Changshu verður komin í full af- köst árið 2016 og verður hægt að framleiða 130.000 bíla í henni á ári. Á næsta ári mun fyrirtækið bæta við verksmiðjuna og verða í þeirri viðbót eingöngu smíð-

aðar vélar í bíla Jaguar/Land Rover.

### Tvöföldun Jaguar/ Land Rover árið 2020

Eigandi Jaguar/Land Rover, ind- verski bílaframleiðandinn Tata, hefur hug á því að tvöfalda sölu JLR til ársins 2020 og selja þá 850.000 bíla á ári. Í þeirri við- leitni ætlar JLR með annars að opna verksmiðju í Brasilíu sem getur framleitt 24.000 bíla á ári og verður fyrsti framleiðslubíll- inn þar Land Rover Discovery Sport, sem einmitt er verið að kynna bílblaðamönnum heims- ins á Íslandi. Jaguar/Land Rover hyggur einnig á byggingu sam- setningarverksmiðju í Sádi- Arabíu.

## Volkswagen seldi 4% minna í nóvember en Audi 11% meira

Sala Volkswagen-bíla í nóvem- ber var 4% minni en í sama mánuði í fyrra, eða 508.400 bílar samanborið við 529.500. Dræm sala í austurhluta Evrópu og Suður-Ameríku dró söl- una niður að þessu sinni. Sala Volkswagen minnkaði einnig í október, um 0,4% og stóð svo til í stað í ágúst og september. Volkswagen segir að tilkoma nýs Passats hafi dregið niður söluna í nóvember, en kaupend- ur bíða eftir nýrri áttundu kyn- slóð bílsins, sem ekki er enn komin til söluaðila og kaupir því ekki eldri kynslóðina á meðan. Salan í Rússlandi heldur áfram að minnka og er hún 20% minni en í fyrra ef allar bílgerðir eru taldar.

Minnkun hjá Volkswagen í A-Evrópu nam 8% í nóvem- ber. Þá minnkaði salan um 6% í Norður-Ameríku og um heil 18% í Suður-Ameríku. Salan í



Volkswagen Passat af 8. kynslóð mun vafalaust aftur rífa upp söluna hjá Volkswagen.

Kína jókst hins vegar um 12% og er nú komin í 2,26 milljón bíla á árinu.

### Audi gengur allt í haginn

Allt aðra sögu er að segja af systurfyrirtækinu Audi, en sala þess jókst um 11% í nóvem- ber og hefur sá mánuður aldrei verið betri í sögu fyrirtækis- ins. Heildarsala Audi á árinu er

komin í 1,59 milljónir bíla, sem einnig er met. Mercedes Benz sló þó Audi við með 13% vexti í nóvember og hefur nú náð 1,49 milljóna bíla sölu á árinu. Sala Audi-bíla í Kína jókst um 19% í nóvember, en salan jókst aðeins um 2% í Evrópu. Sala Audi-bíla í Bretlandi jókst um 22%, en hún minnkaði um 4% í heimalandinu Þýskalandi.





7 ára ábyrgð á öllum  
nújum Kia bílum.

www.kia.com

Umfram allt eyða litlu. 300.

### Einkamál

#### VILTU KOMA Á STEFNUMÓT?

Var að koma til landsins. Væri til í að hitta þig  
á Krókhálsi í dag. Skellti mér í lagningu  
og puntaði mig sérstaklega í tilefni dagsins.  
Endilega láttu sjá þig.

HRESS KONA Í FÉLÖGUBORGinni



soul



The Power to Surprise

## Magnaður sálufélagi

Við kynnum Kia Soul, magnaðan nýjan sálufélaga. Hann fæst bæði sem raf- og dísilbíll og hefur ótal spennandi eiginleika. Þú situr hátt í honum, hann er afar rúmgóður og rafbíllinn er einn langdrægnasti bíll í sínum flokki. Kia Soul hefur þegar unnið til fjölda verðlauna, m.a. sem besti borgarbíllinn á cars.com.

Komdu á stefnumót með mögnuðum sálufélaga. Við tökum vel á móti þér.

Verð **4.750.777 kr.**

Kia Soul EV Luxury — rafbíll

Einnig fáanlegur í dísilútgáfu á verði  
frá 3.890.777 kr.



ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is  
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.



Fylgdu okkur á Facebook.  
facebook.com/kiamotorsisland



## NISSAN PULSAR



**1,5 L. DÍSLVÉL, 110 HESTÖFL  
FRAMHJÓLADRIF**

**Eyðsla 3,6 l/100 km  
í bl. akstri**

**Mengun 94 g/km CO<sub>2</sub>  
Hröðun 11,5 sek.  
Hámarkshraði 190 km/klst.  
Verð 3.650.000 kr.  
Umboð BL**



- Mikið innanrými
- Ljúfur í akstri
- Hljódlátur



- Lágstemmt ytra útlit og innrétting



Hönnun Nissan Pulsar er hófstíll og þar hefur Nissan getað verið djarfari með pennann.

# INNANRÝMI ENDURSKILGREINT

Loksins kominn bíll frá Nissan í C-stærðarflokki og hann er með mesta innanrými sem sést hefur í þessum flokki bíla. Er einstaklega þægilegur í umgengni og ljúfur í akstri.

## NISSAN PULSAR Finnur Thorlacius reynsluekur

Sjálfu sér er undarlegt að hið stóra bílafyrirtæki Nissan hafi ekki í mörg ár boðið bíl í sama C-stærðarflokki og magnsölubílar Volkswagen Golf og Ford Focus. Svo hefur það verið síðan Nissan hætti framleiðslu Almera-bílsins árið 2006 og alveg kominn tími til að tefla fram bíl sem keppt getur við ádurtaða bíla um hylli kaupenda. Nafnið Pulsar er ekki nýtt af nálinni hjá Nissan heldur er það nú að ganga í endurnýjun lífdaga, en Nissan framleiddi Pulsar frá 1978 til 2005. Leysti sá bíll af hólmi Nissan Cherry sem mörgum bílaáhugamönnum er kunnur. Nissan notaði reyndar Cherry-nafnið á Pulsar-bílinn á ýmsum mörkuðum, svo sem í Evrópu, og breytti því síðan í Sunny. Bæði Cherry og Sunny seldust vel hér á landi á sínum tíma og spurning hvort Pulsar feti ekki í þeirra spor nú.

## Lágstemmd hönnun en mikið innanrými

Nissan hefur greinilega ætlað að taka forystuna í þessum flokki bíla hvað innanrými varðar. Til dæmis er fótarymi fyrir aftursætisfarþega með hreinum ólíkindum og aldrei hefur sést annað eins í bíl í þessum stærðarflokki. Það er vart minna en í Skoda Superb, sem er þó þekktur fyrir magnað fótarymi afturí. Höfuðrymi afturí er líka rífllegt og það fyrir fullorðna. Rými fyrir þá sem frammi sitja er líka til fyrirmyndar og vel hefur tekist við að nýta sem best þá rúmmetra sem ytri skel bílsins býður upp á. Innrétting bílsins er þó fremur lágstemmd, líkt og segja má einnig um ytra útlit hans. Þar er farin varfærnisleg leið og lítil áhætta tekin. Óhætt er að segja að ekkert nýtt sjáist í línunum eða hönnun bílsins, þ.e. ekkert sem ekki hefur sést í bílum Nissan áður. Efnisnotkunin í innréttingu Pulsar er einnig fremur lágstemmd og þar ræður plast mikið ríkjum.

Í reynsluakstursbílunum var líta-skali innréttingarinnar nokkuð einsleit, eða nokkur tilbrigði frá dökkgrá yfir í kolsvart. Meiri frískleiki hefði verið vel þeginn þar og fyrir vikið er of mikil jarðarfarastræmning yfir innréttingunni. Er þetta reyndar alltof algengt í nútímabílum og engu líkara en að framleiðendur hræðist mjög ljósari liti eða umboðin séu hrædd við að panta bíla með innréttingar í léttari litum.

## Ljúfur akstur og lítil eyðsla

Nissan Pulsar býðst í upphafi aðeins með tveimur vélargerðum, 1,2 lítra og 115 hestafla bensínvél og 1,5 lítra og 110 hestafla díslvél, báðar með forþjöppu. Þessar vélar tvær finnast einnig í hinum vinsæla Nissan Qashqai. Reyndur var bíll með díslvélinni og var hann með 6-gíra beinskíptingu. Bensínbíllinn má bæði fá með sjálf-skíptingu og beinskíptingu en díslbíllinn aðeins með beinskíptingu. Það fannst reynslu-

ökumanni enginn ókostur þar sem beinskípting hentar vel í ekki stærri bíl en þetta. Díslvélina passar þessum bíl skrambi vel, er nægilega öflug þó svo hún geri bílinn ekki að neinni spyrnkerru. Hún hefur þann kost að eyða afar litlu, eða 3,6 lítrum í blönduðum akstri á meðan bensínvélina eyðir 5,0 lítrum. Beinskíptingin er með þeim ljúfari og með góðum fetlum og ágætu framsæti varð aksturinn mjög þægilegur, áreynslulaus og beinlínis skemmtilegur. Bíllinn er allur hinn ljúfasti í akstri og strax eins og ökuð er hafi átt þennan bíl lengi. Það er ekki fyrr en lagt er hressilega á bílinn sem ánægjubrosið fer aðeins af ökuðum, en hann á nokkuð í land með akstursgetu bíla eins og Golf og Focus. Útsýni um framrúðuna er afar gott og þægilegt hvað húddið er lágt og færir það ökuðum meiri tilfinningu fyrir veginum. Annað eftirtektarvert er hvað hljóðeingrun er góð í bílunum og lítið heyrir frá vél eða vegi.

## Mikill staðalbúnaður

Líkt og með innanrýmið ætlaði Nissan að hafa yfirhöndina hvað keppinautana varðar þegar kemur að staðalbúnaði. Pulsar er afar vel búinn bíll. USB- og Bluetooth-tengi eru staðalbúnaður, sem og lykillaust aðgengi, skriðstillir, hitastýrt miðstöð, LED-ljós, leðurklætt aðgerðastýri, bakkmyndavél, viðvörunarkerfi um loftþrýsting í dekkjum og margt fleiri sem of langt mál er að telja upp. Á þessu sviði vinnur Pulsar alla samkeppnisbíla sína. Nissan Pulsar má fá frá 3.550.000 kr. en reynsluakstursbíllinn með díslvél kostar 3.650.000 kr. VW Golf má fá frá 3.370.000, Ford Focus frá 3.490.000, Toyota Auris frá 3.310.000, Hyundai i30 frá 2.940.000 og Kia cee'd frá 3.240.777. Hafa verður þó í huga að þessir bílar eru ekki með eins miklum staðalbúnaði, mun minna innanrými og flestir með aflminni vélum.



# Snjór. Frost. Ís. Skiptir engu!

Quattro er yfirburða fjórhjóladrif og gefur meiri kraft og grip. Með quattro tækninni getur þú tekist á við hvaða áskorun sem þú kannt að mæta. Audi Q5 er sérstaklega vel búinn og tilbúinn fyrir íslenskar aðstæður.







## Lokaútgáfa Lancer Evo er 473 hestöfl

Mitsubishi ætlar að hætta að framleiða hinn öfluga Lancer Evo og hefur það legið fyrir lengi. Mitsubishi hafði einnig sagst ætla að framleiða lokaútgáfu bílsins sem yrði öflugri en fyrri gerðir hans. Það ætla þeir svo sannarlega að standa við því lokaútgáfa bílsins verður ógnaröflug. Lancer Evo verður áfram með aðeins 2,0 lítra vél, en Mitsubishi hefur tekist að kreista út heil 473 hestöfl úr henni með því að stækka keflablásarana og loftflæði til vélarinnar og með breytingum á kælikerfinu og pústkerfinu. Þetta er ekki lítil aflaukning, en hún nemur heilum 183 hestöflum, sem þætti bara ágætt afl fyrir bíl sem ekki er stærri en Lancer Evo. Nýi bíllinn fær stillanlega loftpúðafjöðrun frá HKS og stendur á 19 tommu felgum. Þessi lokaútgáfa bílsins heitir Lancer Evo X Final Edition og kemur á markað á næsta ári og það í takmörkuðu upplagi, eða aðeins 2.000 bílar. Því er hætt við því að um þessi eintök verði slegist.



## Aðeins 8 Bugatti Veyron eftir

Það eru næstum tíu ár síðan Bugatti kynnti ofurbílinn Veyron og hefur hann nú selst í 442 eintökum. Það þýðir að aðeins eru eftir átta slíkir bílar hjá Bugatti, en frá upphafi var gefið upp að aðeins yrðu framleiddir 300 bílar, en sú tala breyttist í 450 bíla með tilkomu Veyron Grand Sport árið 2008. Ef taldar eru vikurnar frá kynningu bílsins kemur í ljós að svo til einn Bugatti Veyron hefur selst á viku hverri frá upphafi. Það þýðir að eftir um það bil átta vikur verða þeir allir uppseldir. Þessi bíll er sannarlega einstakur og hefur þótt verkfræðileg snilld, enda hefur hann sett mörg hraðametin. Hann á enn hraðamet meðal fjöldaframleiddra bíla, 431 km/klst. og það tekur hann aðeins 2,2 sekúndur að ná 100 km hraða. Fyrir Bugatti Veyron Super Sport þarf að greiða skildinginn, en í Bretlandi kostar hann 379 milljónir króna. Bugatti vinnur nú að arftaka Veyron og hefur hann fengið nafnið Chiron og á að skarta 1.500 hestöflum, en Bugatti Veyron Sport er 1.200 hestöfl.

## Porsche Panamera Exclusive seldist upp á 48 tímum

Það tók Porsche ekki langan tíma að selja upp hina rándýru viðhafnarútgáfu Porsche Panamera Exclusive og seldist hún upp á einungis 48 tímum. Það stóð því ekki í einum 100 kaupendum að tryggja sér eintak þó svo að verð bílsins sé 264.895 dollarar, eða 33 milljónir króna. Þeir hjá Porsche eru líklega glaðastir yfir þessum viðbrögðum og Exclusive-deild þeirra mun vafalaust bjóða fleiri svona viðhafnarútgáfur Porsche-bíla á næstunni. Reyndar eru þeir nú þegar farnir að sjá eftir því að hafa

ekki boðið fleiri bíla af Porsche Panamera Exclusive en 100, þar sem þeir hefðu líklega hvort sem er selst upp hratt. Bíllinn er með 570 hestafla vél eins og er í Porsche Panamera Turbo S. Það er bara svo margt annað góðgæti sem fylgir Porsche Panamera Exclusive sem skýrir þann mikla verðmun sem á bílunum er, svo sem tveggja tóna metallakk, dýrari lítaðar felgur, Nappa-leður í innréttingunni, tvítóna valhnetuviður og hreint ótrúlegt Burmeister-hljóðkerfi sem aldrei hefur sést áður.



# DEKKVERK

Nýbýlavegur 2 Kópavogi & Lyngás 20 Garðabæ

Sími: 578 7474 [www.dekkverk.is](http://www.dekkverk.is)

Opnunartímar: Nýbýlavegur 8:30-19:00 mán - fös - 10:00 - 19:00 lau - sun

Lyngás 10:00 - 19:00 mán - fös. Lokað í Lyngási um helgar

# BREMSUBOMBA Í JANÚÁR

Nú dustum við af klossunum og tökum alla vinnu af bremsuviðgerðum út janúar. Þú kaupir varahlutina hjá okkur og við setjum þá frítt í fyrir þig.

Komdu með bílinn í framrúðuskipti hjá Dekkverk  
Þá fylgir frír lánsbíll með.

(fyrir þá sem þurfa að nýta sér það)

Hringdu og pantaðu tíma í síma 578 7474

**WEST LAKE**<sup>®</sup>  
HARÐKORNADEKK

"AF ÞVÍ ÞAU ERU GÓÐ"





Verð áður 9.900 kr.  
Verð nú 6.930 kr.



Verð áður 9.900 kr.  
Verð nú 6.930 kr.



Verð áður 12.900 kr.  
Verð nú 9.030 kr.



Verð áður 12.900 kr.  
Verð nú 9.030 kr.

## Glæsileg útsala 30-50% afsláttur



Verð áður 16.900 kr.  
Verð nú 11.830 kr.



Verð áður 13.900 kr.  
Verð nú 9.730 kr.



Verð áður 16.900 kr.  
Verð nú 11.830 kr.



Verð áður 11.900 kr.  
Verð nú 7.140 kr.



Verð áður 8.900 kr.  
Verð nú 5.340 kr.



Verð áður 9.900 kr.  
Verð nú 5.940 kr.



Verð áður 9.500 kr.  
Verð nú 6.650 kr.



Verð áður 14.900 kr.  
Verð nú 8.940 kr.



Verð áður 11.900 kr.  
Verð nú 8.330 kr.



Verð áður 5.900 kr.  
Verð nú 3.540 kr.



Háar í mittið - stretch.  
2 snið: slim og regular.

Verð áður 15.900 kr.  
Verð nú 9.540 kr.



Verð áður 11.900 kr.  
Verð nú 8.330 kr.

**black pepper**  
FASHION  
Laugavegi 178 (Bolholtið) | Sími 555 1516

f Kíkið á myndir og verð á Facebook

Opið virka daga kl. 11-18  
Opið laugardaga kl. 11-16



# HOLL MÁLTÍÐ Í GLASI

**MATARMIKILL DJÚS** Jón Arnar Guðbrandsson matreiðslumaður gefur uppskriftir að þremur ljúffengum söfum sem eru tilvaldir á fyrstu dögum ársins þegar fólk hugar að heilsusamlegum lífsstíl.



## LÖNG HVÍLD EKKI BETRI

Löng hvíld eftir heilahristing er ekki endilega betri en styttri hvíld

### ■ NÝ RANNSÓKN

Sérfræðingar ráðleggja ungu fólki sem hefur fengið heilahristing að hvíla sig heima í einn til tvo daga, þar til einkenni eru horfin. Hins vegar eru ekki margar vísindalegar rannsóknir sem styðja þessi ráð og hafa nokkrir læknar mælt með því að hvíld eftir heilahristing sé enn lengri. Rannsókn hefur nú verið gerð á þessum ólíku ráðleggingum og kom í ljós að sá hópur sjúklinga á aldrinum 11 til 22 ára með heilahristing, sem ráðlagt var af starfsfólki bráðamóttöku að halda sig heima í hvíld í fimm daga, kvartaði yfir fleiri einkennum en þeir sjúklingar sem hvíldu í einn til tvo daga. Þeir voru einnig lengur að jafna sig en sjúklingar sem fyrirskipað var að hvíla sig skemur. Þetta kemur fram í tímaritinu Pediatrics.

Niðurstöðurnar eru því að lengri hvíld eftir heilahristing hefur enga kosti umfram styttri hvíld.

Jón Arnar á langan feril að baki sem matreiðslumaður. „Ég útskrifaðist sem slíkur árið 1993 og vann í kjölfarið sem kokkur á skemmtiferðaskipi á Miðjarðarhafi. Gerðist síðan yfirkokkur á fimm stjörnu hóteli á vesturströnd Bandaríkjanna áður en ég flutti heim og stofnaði Kokkana ásamt vini mínum,“ segir Jón Arnar, en Kokkarnir voru áberandi á sínum tíma enda með sjónvarpsþætti á RÚV sem hétu Heima er best og gáfu út uppskriftabók með Hagkaup.

Jón Arnar tók sér frí frá matreiðslu í nokkur ár til að stunda versunarrekstur með eiginkonu sinni en kokkastarfið togaði hann til sín á ný. Á vordögum 2013 opnaði hann veitingastaðinn Lemon með vini sínum Jóni Gunnari Geirdal.

„Hugmyndin hjá okkur var að vera með hollari skyndibita en samt í veitingahúsaumhverfi,“ segir Jón Arnar en þeir félagar skoðuðu margt sem var í boði í þessum geira bæði í Bandaríkjunum og Evrópu. „Ég varð strax hrifinn af þessari djúshugmynd, sér í lagi að geta búið til ferska og góða máltíð beint fyrir framan kúnnann á innan við hálfri mínútu,“ upplýsir Jón Arnar. Í hverjum djús eru aðeins fá hráefni sem er úthugað. „Þannig látum við ferskleikann njóta sín,“ útskýrir hann. Í flesta djúsana eru notuð bleik epli sem grunnur. „Þau eru með mjög jafnt sýrustig og þannig fá hin hráefnin í drykknum að stýra bragðinu.“ Jón Arnar segir að stór djús geti vel komið í staðinn fyrir máltíð í hádeginu ef fólk er í aðhaldi. Þeir sem æfi mikið geti bætt við einhverju meira.

Jón Arnar og fjölskylda hans eru með djús á sínum matseðli á heimilinu. „Við reynum alltaf að djúsa um helgar og á morgnana ef það er hægt. Við erum með þrjá gaura sem eru í mikilli hreyfingu og því mjög gott að djúsa þegar þeir koma heim eða senda þá með djús í nesti. Þetta tekur samt sinn tíma,“ lýsir Jón Arnar. Ef fólk býr til djús heimavið mælir Jón Arnar með því að vanda valið á djúsvélinni. „Það er mikilvægt að velja vélar sem nýta mjög vel ávextina og sem auðvelt er að þrifa.“

Þeir Jón Gunnar hafa nýlega gefið út bókina Djúsbók Lemon þar sem er að finna margar uppskriftir að djús og skyrþeytingi. Hann gefur hér þrjár þeirra. „Ég valdi tvo matarmikla djúsa sem heita Good times og Bad times en í þeim er avókadó sem er mjög feitur ávöxtur en gerir okkur mjög gott. Sá þriðji heitir Ramble on, þar nota ég C-vítamínríka ávexti sem er gott á þessum dimmu vetrarmánuðum.“



**DJÚSARI** Jóni Arnari og fjölskyldu hans finnst gott að djúsa um helgar og helst alla virka daga líka. MYND/GVA



### Good times með spínati

- 2 epli
- 1/2 avókadó, vel þroskað
- 1/4 sitróna
- Þumalfingursstór bita af engifer
- 1 bolli ferskt spínat
- 3 klakar

Eplin erum pressuð ásamt engiferinu og sitrónunni. Safinn er síðan settur í blandara ásamt avókadóinu, spínatinu og klökum. Blandað í 20 sekúndur.



### Bad times

- 2 epli
- 1/2 gúrka
- 1/6 límóna
- 1/2 avókadó
- 3 klakar

Eplin, gúrkann og límónan eru pressuð og síðan er safinn settur í blandara ásamt avókadóinu og klökum. Blandað á fullum hraða í 20 sekúndur. Gott er að bæta við naglarstórum bita af chili, þá verður hann alveg hrikalega kröftugur.



### Ramble on

- 2 epli
- 2 gulrætur, meðalstórar
- 1 bolli frosið mangó
- 1 klaki

Eplin og gulræturnar eru pressuð og síðan er safinn settur í blandara ásamt mangóinu og klakanum og blandað á fullum hraða í 20 sekúndur. Eplin sem við notum eru bleik epli eins og til dæmis pink lady og honey crunch.

# ÚTSALA HAFIN !

WEEKEND MaxMara persona

PENNYBLACK MARINA RINALDI

## B|A|S|L|E|R Parisar

TÍZKAN

Skipholtí 29b • S. 551 0770



# BIO-KULT CANDÉA BREYTTI LÍFINU

**ÁRANGURSRÍKT** Bio-Kult Candéa er blanda af vinveittum gerlum, hvítlauk og þrúgukjarnabykkni sem virkar sem öflug vörn gegn Candida-sveppasýkingu í meltingarvegi kvenna og karla.

**K**olbrún Hlín Hlökkversdóttir var gjörn á að fá sveppasýkingar, hún var mjög viðkvæm og fékk kláða og óþægindi ef hún notaði dömubindi eða túrtappa. „Ég varð himinlifandi þegar ég áttaði mig á því að ég fékk ekki kláða og þirring þegar ég var á sýklalyfjakúr, blæðingum eða eftir samfarir eins og ég var von, og það eina sem ég hafði breytt út af vananum með var að nota hylkin frá Bio-Kult Candéa,“ segir Kolbrún. „Venjulega þegar ég hef ég verið á sýklalyfjakúr hef ég tekið inn margfalda skammta af mjólkursýrugerlum (acidophilus), en það virkar miklu betur fyrir mig að nota Bio-Kult Candéa-hylkin. Eftir að ég kynntist Bio-Kult Candéa hef ég ekki notað neina aðra mjólkursýrugerla þar sem það virkar langbest fyrir mig. Ég er mjög ánægð með árangurinn af Bio-Kult Candéa.“

## HELDUR MÉR Í JAFNVÆGI

Bio-Kult Candéa hefur hjálpað mörgum sem hafa átt við meltingarvandamál að stríða eða barist við candida-sveppasýkingar. „Fyrir einu og hálfu ári keypti ég fyrsta pakkann af Bio-Kult Candéa. Ég hafði í fjöldamörg ár glímt við mikla uppþembu og meltingarvanda. Mér leið oftast hálfilla eftir máltíðir og var búin að reyna eitt og annað. Fljótlega eftir að ég byrjaði á Bio-Kult hvarf þessi vanlíðan.“



**ALMA LILJA ÆVARSDÓTTIR** er afar ánægð með Bio-Kult Candéa, enda hefur líðan hennar breyst mikið til batnaðar eftir að hún fór að taka inn hylkin.

Ég tek inn tvö hylki á dag í hádeginu. Kláði og þirringur í húðinni hefur stórbatnað og nánast horfið, kláði sem var virkilega að gera mér lífið leitt auk mikilla þurrkubletta í húðinni heyrir sögunni til. Sykurlöngun hefur horfið eftir að ég byrjaði á Bio-Kult Candéa-hylkjum.

Ég hef farið á sterka sýklalyfjaskammta án þess að þurfa að stríða við sveppasýkingu í kjölfarið.

Ég hef aldrei hætt að taka inn Bio-Kult

Candéa á þessum tíma, það er orðið hluti af rútinu hjá mér og ég get heilshugar mælt með því við alla og geri það,“ segir Alma Lilja Ævarsdóttir.

## MIKILL MUNUR Á LÍÐAN

Lilja Dröfn Kristinsdóttir hefur notað Bio-Kult Candéa-hylkin undanfarna mánuði og finnur mikinn munur á líðan sinni. „Ég var með exem í hársverðinum, meltingin var í ójafnvægi og einnig fékk ég þvagfærasýkingar reglulega. Eftir að ég byrjaði að taka hylkin frá Bio-Kult Candéa fann ég fljótlega mikinn munur á mér. Ég var alltaf með magaverki en vissi ekki hvað olli þeim. Bio-Kult Candéa-hylkin vinna á Candida-sveppasýkingu í meltingarvegi. Candida-sveppurinn er eðlilegur íbúi í þörmum en þegar hann fjölgar sér um of veldur hann ýmsum óþægindum eins og meltingartruflunum, húðvandamálum, skapsveiflum, liðverkjum, kláða á kynfærasvæði og höfuðverk. Candida-sveppurinn þrífst vel á sykri og hveiti og því minnkar löngun í slíkt þegar fólk hefur notað hylkin í nokkra daga. Það var frábært að finna svona góðan munur á sér. Ég tek tvö hylki á dag með morgunmat og mun örugglega nota Bio-Kult Candéa áfram,“ segir Lilja Dröfn.

## FANN BREYTINGU TIL BATNAÐAR

Fjöltnir Kvaran Brynjarsson var með mikil óþægindi vegna mataróþols og ristilkrampa til margra ára. Hann breytti mataræðinu en fann ekki þá breytingu sem hann vonaðist eftir. „Eftir að ég byrjaði að taka inn Bio-Kult Candéa breyttist líðanin til mikilla muna, ristilkrampinn hvarf og ég þoli glúten og sykur betur en áður. Ég tek tvö hylki á dag með morgunmatnum. Ef það kemur fyrir að ég gleymi að taka hylkin koma gömlu einkennin aftur,“ segir Fjöltnir. „Ég er ekki lengur algjörlega upptekinn af því hvað ég set ofan í mig og finnst mikinn munur á mér.“



**ÁNÆGÐ MEÐ ÁRANGURINN** Kolbrún fær ekki sveppasýkingar eftir að hún hóf að nota Bio-Kult Candéa.

MYND/GVA

## BIO-KULT FYRIR ALLA

Bio-Kult Candéa-hylkin virka sem öflug vörn gegn candida-sveppasýkingu í meltingarvegi kvenna og karla og sem vörn gegn sveppasýkingu á viðkvæmum svæðum hjá konum. Candida-sveppasýking getur komið fram með ólíkum hætti hjá fólki, svo sem munnangur, fæðuóþol, þirringur og skapsveiflur, þreyta, brjóstsviði,

verkir í liðum, mígreni eða ýmis húðvandamál.

Innihald Bio-Kult Candéa-hylkjanna er öflug blanda af vinveittum gerlum ásamt hvítlauk og Grape Seed Extract. Bio-Kult Candéa hentar vel fyrir alla, einnig fyrir barnshafandi konur, mjólkandi mæður og börn. Fólk með mjólkur- og sojaóþol má nota vörurnar. Mælt er með Bio-Kult í bókinni Meltingarvegurinn og geðheilsa eftir Dr. Natasha Campbell-McBride.

## ÁNÆGÐ MEÐ BIO-KULT CANDÉA

Bio-Kult Candéa-hylkin virka sem öflug vörn gegn candida-sveppasýkingu. Candida-sveppasýking getur komið fram með ólíkum hætti hjá fólki, svo sem munnangur, fæðuóþol, þirringur og skapsveiflur, þreyta, brjóstsviði, verkir í liðum, mígreni eða ýmis húðvandamál.

„Ég mæli með Bio-Kult Candéa fyrir skjólstæðinga mína.“

**Sigríður Jónsdóttir,**  
DHD markþjálfari og fíkniráðgjafi (ICADC)

„Bio-Kult Candéa virkar vel á sveppasýkinguna.“

**Linda Andrésardóttir**

„Rósroðinn hvarf með notkun á Bio-Kult Candéa.“

**Sigrún Þorsteinsdóttir**

„Exemið, sprungnir hælur og sykurbörfin horfin.“

**Bára Árný**

„Loksins er ég laus við ristilkrampaköstin.“

**Jóhanna Þorvaldsdóttir**

„Ég mæli hiklaust með Bio-Kult Candéa-hylkjum, þau hafa gjörbreytt lífi mínu til hins betra.“

**Silja Ívarsdóttir**



## SÖLUSTADIR OG UPPLÝSINGAR

Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, [www.icecare.is](http://www.icecare.is).

**IceCare**  
þín heilsa





# Skrifstofuhúsnæði til leigu



Um 680 fermetra skrifstofuhúsnæði í Grímsbæ til leigu í lengri eða skemmri tíma.

Nánari upplýsingar gefur Viktor í síma 696-9420.



## » Ráðningarþjónusta

# Leitar þú að starfsmanni?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

### ■ Vinnusparnaður

Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.

### ■ Markviss leit

Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.

### ■ Þriggja mánaða ábyrgð

Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.

### ■ Ekkert staðfestingargjald

Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavinum okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.

### ■ Fjöldi hæfra umsækjenda

Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.

### ■ Fjölbreyttar þjónustuleiðir

Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.

### ■ Reynsla og þekking

Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.

### ■ Sanngjarnt verð

Þjódum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

HH Ráðgjöf er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: [hhr@hhr.is](mailto:hhr@hhr.is)



**HH**  
RÁÐGJÖF  
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA



## BÍLAR & FARARTÆKI



**TOYOTA**  
Toyota Kletthálsi  
Sími: 570 5220  
www.toyotakletthalsi.is



TOYOTA Hiace 4wd langur. Árgærd 2004, ekinn 240 PKM, dísel, 5 girar. Verð 1.750.000. Rnr.270334.

Toyota Kletthálsi  
Kléttháls 2, 110 Reykjavík  
Sími: 570 5220  
Opíð virka daga 9-18, lau 12-16.  
www.toyotakletthalsi.is



Kia Sorento EX Luxury 197 hö. Árgærd 2012, ekinn 92 PKM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.980.000. Rnr.990723. 4 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



MERCEDES-BENZ ML 500 4matic. Árgærd 2005, ekinn 174 PKM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.890.000. Rnr.991010.



TOYOTA Yaris terra. Árgærd 2013, ekinn 83 PKM, bensín, 5 girar. Verð 1.890.000. Rnr.991115.



VW Passat highline. Árgærd 2008, ekinn 159 PKM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.790.000. Rnr.240533


ASKJA notaðir bílar  
Klétthálsi 2, 110 Reykjavík  
Sími: 590 2160  
www.notadir.is

## ISABAND.IS



**2015 NÝJIR GMC 3500**  
Nýtt útlit að utan sem innan, Dísel, Komdu og kynntu þér málið, erum að taka niður pantanir, Verð frá 9.350þkr m/VSK, Kíktu á síðuna okkar www.isband.is

Íslensk-Bandaríska ehf  
Pverholt 6, 270 Mosfellsbæ  
Sími: 534 4433  
Opíð virka daga 10-18.00 og lau 11-15  
http://www.isband.is



**PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**  
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bilauppboð - Krókur  
Sími: 522 4610  
www.bilauppbod.is



Toyota Yaris Terra, árg. 5/2005, ek 149þkm, bensín, beinskjöttur, Góður bill og gott eintak, Ásett verð 690þ.kr, Er á staðnum hjá okkur,

100 bílar ehf  
Pverholt 6, 270 Mosfellsbær  
Sími: 517 9999  
Opíð virka daga 10-18.00, Lau 11-15  
www.100bilar.is

## Bílar til sölu



Chevrolet Suburban 4x4 1982 V-8 350, ekinn 73þ.km. Toppstand, ryðlaus. Skoðaður 16" Verð nú 590þ.kr. Uppl. 820-5181



Nissan Almera 1,6 vél. Árg. ,99. V. 250 þús. Tilboð. S. 616 2597.



**100KM - TILBOÐ 390ÞÚS**  
Renault Clio árg. ,03 ek. 100þús sjálfsk. nýleg tímareim. Góður bill sem eyðir engu. Tilboð 390þús. S. 788 5780



## KAUPUM BÍLA HÆRRA UPPÍTÖKVERÐ

Við staðgreiðum bílinn þinn og þú getur þar með fengið staðgreiðsluafslátt af nýja bílnum. Sendu okkur upplýsingar í gegnum www.seldur.is og við sendum þér staðgreiðslutilboð.



Ford Focus árg 03 1,6 vél station beinskjött ek159 þús ný kúpling ný tímareim vetrardekk góður bíll. Verð aðeins 480 þús gsm 8927852

## 250-499 þús.



**FOCUS - TILBOÐ 400 ÞÚS!**  
Ford Focus árg ,05, ek. 200 þús, bsk, sko ,16. aksturtalva, hiti í framrúðu. Rúmgóður og eyðslugrannur. V. 400þ. S. 891 9847

## 500-999 þús.



**690.000.- VÍSA LÁN Í BOÐI!**  
Chevrolet Lazetti station. árg ,07. ek. 141þús km. bsk. sk ,15. mjög rúmgóður og sparneytinn bíll. ásett verð 890þús. Tilboðsverð aðeins 690þús stgr. 100% vísalán í boði. s:659-9696



**DÍSEL SPARIBAUKUR**  
Peugeot 307 Diesel. árg ,05. ek.167þús km. bsk. 5d, nýleg vetrardekk, ótrúlega sparneytinn og góður bíll. Ásett verð 1.290þús. Tilboðsverð aðeins 890þús. 100% vísaláni í boði. uppl í s:659-9696



**4X4 FRÁBÆR Í SNJÓINN !**  
MMC Outlander 2.0 árg ,05. ek aðeins 135þús km. 4x4. bsk. glæný vetrardekk. mjög heill bíll. ásett verð 1.190þús. Tilboðsverð aðeins 890þús. 100% vísalán í boði. uppl í s:659-9696



**VÍSA LÁN - 21 ÞÚS Á MÁN!**  
NISSAN MICRA 2005 ek.142 þús, 5 dyra, beinsk, sk.15 tímakeðja, heill og góður bíll sem eyðir litlu (ca 5ltr/100) ásett verð 790 þús TILBOÐ 599 ÞÚS möguleiki á vísaláni í 36 man s.841 8955

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**  
Má þarfnast lagfæringa.  
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

## Sendibílar



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Varahlutir

**JAPANSKAR VÉLAR BÍLAPARTASALA**  
Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum flestar tegundir bíla. Opíð 8-18 virka daga. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

## ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**  
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

**VY-PRIF EHF.**  
Öll almenn þrif fyrir heimili, húsfélag, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 662 4010 www.vy.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafi., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Miikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald



## Tölvur

Allar almennar tölvuviðgerðir og vírusheinsanir. Kem á staðinn. S. 699 6735 Baldvin.

## Múrarakar

Múraramestari getur bætt við sig verkenfum við ahlíða múrverk, flotun og flísalagnir. Uppl. í s. 897 6655 Karl.

## Spádómar



**661 3839 - SÍMASPÁ**  
Opíð frá kl. 14 alla daga.

## Rafvirkjun



## Trésmíði

**INNRETTINGAR.IS**  
Sérsmíðum innréttingar eftir þínum þörfum. Sérsmíði ehf s. 587 0777.

## tilkynningar

Reykjavíkurborg  
Umhverfis- og skipulagssvið

### Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

#### Kjalarnes Skrauthólar7

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi jarðarinnar Skrauthóla á Kjalarnesi. Í breytingunni felst m.a. að byggja við núverandi hús á lóð nr. 4 við Skrauthóla ásamt stækkun á lóðarskika sem skipt verður upp í þrjá hluta, Skrauthóla 1, 5 og 6, sem eingöngu verða notaðir til landbúnaðar án mannvirkja. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

#### Eddufell 2 - 8

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 2-8 við Eddufell. Í breytingunni felst m.a. fjölgun íbúða, niðurfelling bilageymslu, breyting á bílastæðaskilmálum, óveruleg breyting á hámarks-hæðum og lóðarstærð. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

#### Holtavegur 8 – 10 / Vatnagarðar 38

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi sem gildir fyrir Holtaveg 8-10. Í breytingunni felst m.a. breyting á mörkum deiliskipulags sem ná þá einnig yfir lóðina að Vatnagarðum 38 sem verður nýtt undir þjónustuhús og athafnasvæði fyrir bílaleigu. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 frá 6. janúar 2015 til og með 17. febrúar 2015. Einnig má sjá tillögurnar á vefsíðunni, [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is), skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is), eigi síðar en 17. febrúar 2015. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 6. janúar  
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur



**SKÓLAR & NÁMSKEIÐ**

Herbergi til leigu með aðgangi af eldhúsi, þvottavél og internetþjónustu. Leigist eingöngu reglusömum og reyklusum. Uppl. í s. 848 9536

**Húsnæði óskast**

Óska eftir bílskúr til leigu fyrir búslóð. á Rvk. svæðinu. S. 8951459 eftir kl 17.

**Geymsluhúsnæði**

**GEYMSLUR.COM**  
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m<sup>2</sup>. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S. 564-6500.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**

Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**

Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**Ökukennsla**

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

**HÚSNÆÐI****Húsnæði í boði**

Ný uppgerð 2ja herbergja íbúð á mjög góðum stað í 105 RVK m/húsgögnum til leigu strax. Uppl. í s. 844 1154 eða á: bjorkbjornsd@hotmail.com

**ATVINNA****Atvinna í boði****SUBWAY**

Óskar eftir að ráða einstaklinga í hlutastörf í dagvinnu eða kvöld- og helgarvinnu á höfuðborgarsvæðinu. Óskað er eftir jákvæðu, duglegu, samvisskusömu og áráðanlegu fólki.

Hægt er að sækja um á heimasíðu fyrirtækisins: [subway.is/Hafasamband/Saekjaumstarf/](http://subway.is/Hafasamband/Saekjaumstarf/)

GG Járn óskar eftir vönum mönnum eða óvönum, helst Íslenskumælandi í járnabindingar. Akkorð eða tímavinna í boði. S. 849 0880, Gulli.

**TILKYNNINGAR****Einkamál**

**Rauða Torgið**

Sönn tillibreyting • Heit ævintýri  
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920  
Konur, allt fritt í s. 555-4321  
Karlar auglýsa fritt. 535-9922

**Heljar Lynisögur**  
905-2002 • 535-9930  
**Símadómur • Live spjall**  
908-6000 • 535-9999

**atvinna****Íþróttafulltrúi á sunnanverðum Vestfjörðum**

Héraðssambandið Hrafna-Flóka, Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur auglýsa eftir íþróttafulltrúa í fullt starf. Um er að ræða nýtt og spennandi starf á starfssvæði Hrafna-Flóka sem eru sunnanverðir Vestfirðir.

Hlutverk íþróttafulltrúa verður m.a. að sjá um íþróttaskóla fyrir 1.-4. bekk, stefnumótun íþróttamála í samstarfi við íþróttahreyfinguna og sveitastjórnir á svæðinu og sinna hlutverki framkvæmdastjóra Hrafna-Flóka. Um er að ræða spennandi tækifæri fyrir kraftmikinn og áhugasaman einstakling á uppbyggingu á sameiginlegu íþróttastarfi á svæðinu.

**Menntun og hæfniskröfur:**

- Menntun á sviði íþróttafraeða eða sambærileg menntun.
- Þekking og reynsla af þjálfun.
- Frumkvæði, sjálfstæði og skipulagshæfni.

Á sunnanverðum Vestfjörðum er kraftmikið mannlíf, mikil atvinnuuppbygging og umtalsverð fólksfjölgun hefur verið síðustu ár.

**Umsóknarfrestur er til 20. janúar 2015** og skal senda umsókn ásamt ferilskrá á netfangið [hhf@hhf.is](mailto:hhf@hhf.is).

Nánari upplýsingar eru veittar hjá Margréti Brynjólfssdóttur í síma 698-9913 og í tölvupósti: [maggabr@gmail.com](mailto:maggabr@gmail.com). Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og verðum öllum svarað.

**atvinna****SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR**

ERUM MEÐ VANA SMIÐI,  
VERKAMENN, MÚRARAR OG PÍPARA  
SEM ERU KLÁRIR Í MIKLA VINNU.

HANDAFL EHF S. 777 2 333

Vissir þú að...

þú ert ný og á aðstoð

og heil af þessu mda í ofbretti



Barnaheill  
Save the Children á Íslandi

**300+**

Þú finnur þína viftu hjá okkur!

**Flötu  
baðvifturnar**

- Passa í óregluleg göt
- Passa fyrir minni göt en 100 mm
- Eru hljóðlátar
- Eru sparneytnar

koma 16. jan



VENTS

**Allt í einu!**

Við eigum allt sem þú þarft til að setja upp viftuna.

**Raki í glugga?**

Öflugu þurrktækin til að draga úr raka og minnka líkur á myglusvepp.



SÍÐUSTU TÆKIN  
**44.900**

**viftur.is**

**íshúsið**

Íshúsið ehf • [ishusid@ishusid.is](mailto:ishusid@ishusid.is) • S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, græn gata





# Allt í steik!

## 3ja rétta seðill 5.900.-

### HUMARSÚPA

rjómalöguð, með Madeira og grilluðum humarhöllum

VELDU ÞÉR AÐALRÉTT

### FISKUR DAGSINS

ferskasti fiskurinn hverju sinni, útfærður af matreiðslumönnum Perlunnar

eða

### NAUTALUND

með laukkremi, gulrót, sveppum, kartöfluflani, svínasiðu og Bourguignon sósu

### SÚKKULAÐI MÚS

með kókos, skyri og hvítu súkkulaði, hafra mulningi, möndlukexi og bláberjasorbet

4ra rétta á 7.390.-

## Vissir þú?

Áð uppskriftin af humarsúpu Perlunnar kemur frá belgíska matreiðslumeistararanum Pierre Romeyer. Hann er af jafningjum talinn vera einn besti matreiðslumaður síðustu aldar. Hann gaf aldrei út matreiðslubók en hann gaf Perlunni allar sínar uppskriftir!



Servida  
BESTA

FRONTERA



Lindsay  
JOHN LINDSAY INC.  
PERLU KAUPHVERFUM

Guðjón Ó  
VISTVENA FRÉTTISMIÐJAN  
www.gudjono.is - Sími 511 1234



Denana



PERLU KAUP



SJÓFISKUR



BAKKUS



EASTUS



SÖLARFILMA



Veitingahúsið Perlan  
S:5620200  
perlan@perlan.is  
www.perlan.is





**NÝTT!**  
**KL. 20:05**  
**Tim's Vermeer**

Vönduð heimildamynd um uppfinningamanninn Tim Jenison sem ákveður að gera vísindalega tilraun til þess að mæla eins og hollenski listmálarinn Johannes Vermeer.

# Skemmtilegt þriðjudagskvöld

**KL. 21:25**  
**The Strain**

Dulmagnaðir spennuþættir sem fá hárin til að rísa.



**KL. 22:10**  
**The Weeds**

Sjöunda þáttaröðin um hina úrræðagóðu Nancy Boewden sem gerist eiturfyljasali eftir að hún missti eiginmann sinn og fyrirvinnu.



**KL. 22:00**  
**Pacific Rim**

Mannfólkið heyr stríð við ógurleg sjávarskrímsli og byggir risastór vélmenni til að berjast fyrir framtíð mannkynsins.



**KL. 20:10**  
**One Born Every Minute UK**

Vandaðir og áhugaverðir þættir þar sem við fylgjumst með komu nýrra einstaklinga í heiminn.



**KL. 21:45**  
**The Blacklist**

Æsispennandi þáttaröð með James Spader í hlutverki eins eftirlýstasta glæpamanns heims, Raymond Red Reddington.



**KL. 07:00-20:00**  
**Barnaefni alla daga**

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



Fáðu þér áskrift! **365.IS**

## SUDOKU

	1	6	7					
	3			1	9			
6			9	3			4	
1	5	7	3			4		
				4	6	7		
2	4				9	8		
8			1	2	3			
	7				3	8		
4						6	1	

## LÉTT

	1	2			4			8	
7		4			5	1			
8		5		1	2			4	
		1	7	4					
		4					3	1	7
5	6				8		2		
					3	8			
				5				9	
	7	1			6	9	5		

## MIDLUNGS

			4	2	8				3
6		9					4		
	7		4	9					
7									8
9		2	8		3				
3	6						9		
5							8	2	7
			5				6		3
			6	2					

## PUNG

7	1	2	8	3	4	9	6	5		8	6	3	5	2	9	4	7	1		9	1	6	7	2	4	5	3	8
3	9	8	6	2	5	4	7	1		4	1	2	6	7	8	3	9	5		5	8	4	6	1	3	9	2	7
4	6	5	7	1	9	8	2	3		7	5	9	4	1	3	8	2	6		7	2	3	5	8	9	4	1	6
5	8	3	1	7	2	6	9	4		1	7	4	8	9	6	5	3	2		8	6	7	9	5	1	2	4	3
6	2	1	9	4	3	7	5	8		6	9	5	1	3	2	7	4	8		1	3	9	2	4	8	6	7	5
9	4	7	5	8	6	3	1	2		2	3	8	7	4	5	6	1	9		2	4	5	3	6	7	8	9	1
2	3	9	4	6	1	5	8	7		9	4	6	2	8	7	1	5	3		3	5	2	1	9	6	7	8	4
8	5	4	2	9	7	1	3	6		3	8	1	9	5	4	2	6	7		4	9	1	8	7	5	3	6	2
1	7	6	3	5	8	2	4	9		5	2	7	3	6	1	9	8	4		6	7	8	4	3	2	1	5	9

## LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Myndasögur

### PONDUS



Eftir Frode Øverli

### GELGJAN



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

### BARNALÁN



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

## SPAKMÆLI DAGSINS

„Friður hefst með brosi.“

Móðir Teresa.

1			2	3	4	5
6	7			8		
9			10		11	
12				13		
	14					15
16				17		
18			19			20
21						

## KROSSGÁTA

### LÁRÉTT

2. ögn, 6. frá, 8. skítur, 9. þjófnaður, 11. tveir eins, 12. laust bit, 14. framvegis, 16. tveir eins, 17. þjálfar, 18. drulla, 20. persónufornafn, 21. krukka.

### LÓÐRÉTT

1. þungi, 3. pot, 4. peningar, 5. svelg, 7. fáskiptinn, 10. gogg, 13. frjó, 15. kvið, 16. hald, 19. ullarfloki.

### LAUSN

15. maga, 16. tak, 19. rú. LÖB: 1. farg, 3. of, 4. lausafé, 17. æfa, 18. aur, 20. ég, 21. krús. LÓÐRÉTT: 1. nu, 12. gíefs, 14. áfram, 16. tt, 11. nu, 12. gíefs, 14. áfram, 16. tt, 15. kvið, 16. hald, 19. ullarfloki.

# Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið





Hefst 25. janúar



Internet 10GB og heimasími 100 mín ..... 0 kr.\*  
6 stöðvar..... 8.810 kr.

\* Athugið að greitt er upphafsgjald 9,8 kr., fyrir hvert hafið símtal.

## Skemmtun fyrir allan peninginn!

Skemmtipakkinn er sneisafullur af frábæru efni fyrir þá sem vilja góðan skammt af vandaðri íslenski dagskrá, erlenda grín- og spennuþætti, hábeitt fréttæfni, hágæða kvikmyndir og talsett barnaefni. Sex sjónvarpsstöðvar þar sem allir finna sér sjónvarpsefni við hæfi!

Nú líður að annarri þáttaröð af hinum mögnuðu Ísland Got Talent. Ný í dómarateymið kemur Selma Björnsdóttir og áfram verða að sjálfsögðu Bubbi, Jón Jónsson og Þorgerður Katrín ásamt hinum ofurhressa Audða Blö. Fyrsti þáttur verður 25. janúar, fylgstu með veislunni frá byrjun!

### Fylgir Skemmtipakkanum



HBO státar af frábærum þáttaröðum sem eru jafnan afar umtalaðar og vinsælar. Meðal þáttaraða HBO má nefna True Detective, Banshee, Girls, Boardwalk Empire, The Knick og Game of Thrones. Stöð 2 hefur einkarétt á frumsýningum HBO og má því með sanni segja að HBO eigi heima á Stöð 2.

## Marapón í mestu makindum

Á Stöð 2 Frelsi finnurðu Stöð 2 Marapón sem gerir þér kleift að nálgast nýjar og eldri þáttaraðir sem sýndar eru á Stöð 2. Þannig geturðu horft á heilu þáttaraðirnar í beit, nákvæmlega þegar þér hentar. Meðal efnis eru margar af flottustu og vinsælustu þáttaröðum HBO.





# MENNING

## Verk Páls Ragnars Pálssonar flutt í Berlínarfílharmóníunni

Pann 4. janúar fluttu fílharmónían í Berlín og strengjasveit Þýsk-skandinavísku fílharmóníunnar verkið Dämmerung fyrir sópran og strengi.

Pann 4. janúar síðastliðinn fluttu Fílharmónían í Berlín og strengjasveit Þýsk-skandinavísku fílharmóníunnar verk Páls Ragnars Pálssonar, Dämmerung, fyrir fyrir sópran og strengjasveit. Stjórnandi var Simone Bernandini.

Texti verksins er ljóð eftir Melittu Urbancic (1902-1984). Melitta var austurrískur gyð-

ingur sem flúði ásamt fjölskyldu sinni til Íslands árið 1938 og bjó þar til æviloka. Hún var með doktorsgráðu í bókmenntum, leikkona og skúlptúristi en engin leið var fyrir hana að koma list sinni á framfæri á Íslandi. Ljóð Melittu sáu ekki dagsins ljós fyrr en á síðasta ári þegar verk hennar voru gefin út í þýðingu Sölva Bjarnar Sigurðssonar í bókinni

Frá hjara veraldar / Vom Rand der Welt. Tónleikarnir voru vel sóttir, yfir þúsund manns mættu og verkinu var vel tekið. Bernandini, sem stjórnadi verkinu, leikur á fiölu með Fílharmóníusveit Berlínar og má segja að reynsla hans í nýrri tónlist hafi skilað sér beint í flutningi hljómsveitarinnar.

- mg



### VEL TEKIÐ

Verki Páls Ragnars Pálssonar í flutningi Berlínarfílharmóníunnar var vel tekið.

FRÉTTABLAÐIÐ/MYND  
ÚR EINKASAFNI

## Ég er nýi gaurinn í Norræna húsinu!

Daninn Mikkel Harder er nýr forstjóri Norræna hússins og hann er mættur til Íslands með kollinn fullan af hugmyndum.



Magnús  
Guðmundsson  
magnus@frettabladid.is

Mikkel Harder tók við sem forstjóri Norræna hússins núna um áramótin eftir að hafa unnið stjórnunarstörf í danski menningarsenu um árabíl. Þetta er þó hans fyrsta stóra starf utan heimalandsins.

### Eitthvað sérstakt brjálæði

„Það eru blendnar tilfinningar sem fylgja því að taka svona stökk en það er eitthvað sérstaklega spennandi við að fá að vinna á Íslandi. Ég hef kynnst Íslendingum víðast hvar þar sem ég hef verið og farið allt frá því ég var í leiklistarnámi í París og London. Íslendingar búa yfir einhverju sérstöku brjálæði sem mér finnst ómótstæðilegt svo að þegar tækifærið kom þá gat ég ekki látið það fram hjá mér fara. Norræna húsið á að vera öflugt, menningarlegt tengslanet á milli Norðurlandanna en það er líka mikilvægt að það sé virkt í viðkomandi samfélagi. Mér sýnist að ég taki við ákaflega góðu búi af fyrirrennara mínum og hef fullan hug á því að byggja áfram á því góða starfi en auðvitað langar mig til þess að koma líka með eitthvað nýtt. Það er margt spennandi fram undan sem er löngu planað en svo kemur eflaust að því hægt og rólega að einhverjar breyttar áherslur koma í ljós.

### Samruni tveggja heima

Við starfsfólkið byrjuðum fyrsta vinnudaginn á nýju ári á því að halda fyrsta hugmyndafundinn í tíu funda seríu sem við ætlum að vera með í janúar. Mér finnst skipta öllu máli að virkja sem flesta innan hússins því að það er starfsfólkið sem er sérfræðingarnir en ég er bara nýi gaurinn. Síðustu ár hef ég starfað í form-



ÓMÓTSTÆÐILEGT BRJÁLÆÐI „Íslendingar búa yfir einhverju sérstöku brjálæði sem mér finnst ómótstæðilegt,” segir Mikkel Harder.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

föstu umhverfi búrókratanna og þekki þann heim orðið ansi vel. En ég þekki líka listamenn og hvernig þeir vinna og hugsa. Mitt hlutverk verður ekki síst að sameina þessa tvo mjög svo ólíku heima og sjá til þess að Norræna húsið sé spennandi heimur fyrir lista-

menn en þó fyrst og fremst gesti og gangandi.“

### Í fjarsambandi eftir 9 ára sambúð

„Við kærastinn minn höfum verið í sambúð í níu ár og það verða mikil viðbrigið að búa einn. Það verður bara mikið verið á Skype og svo

kemur hann í langar helgarheimsóknir og ég skrepp líka stundum til Danmerkur. Mér sýnist þó í fljótu bragði að það eigi eftir að vera nóg að gera í vinnunni og það verður líka alveg örugglega gaman í vinnunni því hér er fullt af skemmtilegu fólki.“

„Mitt hlutverk verður ekki síst að sameina þessa tvo mjög svo ólíku heima og sjá til þess að Norræna húsið sé spennandi heimur.“



LISTAKONAN Michelle Bird fyrir framan tvær myndir sem hún hefur gert af fólki í Borgarnesi.

MYND/SAMUELE ROSSO

## Varð bara ástfangin af útsýninu

Listakonan Michelle Bird opnar sýninguna Litir Borgarness í Safnahúsinu í Borgarnesi næsta laugardag, 10. janúar. Hún heillaðist af staðnum og er sest þar að.

Litir Borgarness er fyrsta sýning listakonunnar Michelle Bird hér á landi. Hún er nýflutt til Íslands og hefur fest kaup á húsi í Borgarnesi. Í verkum hennar má sjá hvernig hún sem listamaður og nýr íbúi upplifir mannlíf og umhverfi nýs framandi staðar. Hún opnar sýninguna í Safnahúsinu í Borgarnesi næsta laugardag klukkan 13 og hefur einnig stillt upp vinnustofu í anddyri sýningarrýmisins þar sem hægt er að sjá helstu verkfæri hennar, liti og fleira.

En hvað kom til að hún settist að í Borgarnesi? „Ég varð bara ástfangin af útsýninu á hér,” svarar hún. „Ég hafði komið hingað nokkrum sinnum áður sem ferðamaður og dróst einhvern veginn að staðnum, út frá fallettu umhverfi hans. Svo hef

### SMÁVEGIS UM MICHELLE BIRD

Michelle Bird er fædd í San Francisco árið 1965. Hún er ættuð frá Bandaríkjunum og Kína en ólst upp í San Francisco, Hawaii og víðar í Kaliforníu. Hingað kemur hún frá Sviss þar sem hún hefur haft vinnustofu síðustu árin. Hún lærði myndlist í Bandaríkjunum og í Hollandi og hefur sýnt víða um Evrópu og í Bandaríkjunum, auk þess að halda fyrirlestra og leggja stund á listrætt handverk.

ég kynnst hér yndislegu fólki sem býður mig velkomna.“

Michelle Bird segir þetta í fyrsta sinn sem hún kaupir eigið hús. „Kannski er það merki um að dvöl- in verði löng, og þetta sé staðurinn til að vera á,” segir listakonan sem borgfirsku móttívin heilluðu. Hún segir sýninguna hafa verið ákveðna fyrir ári, hún hafi málað öll verk- in sérstaklega fyrir hana og viljað tengja sig við staðinn og fólkið þar.

„Eftir því sem ég skoðaði Hafnar- fjallið meira varð ég hrifnari af því. Svo langaði mig sérstaklega að mála fólkið hér, því ég elska að gera mynd- ir af fólki.“

Sýningin stendur til 25. febrúar. Hún verður opin frá 13 til 16 á opn- unardaginn og listakonan verður á staðnum. Eftir það er sýningin opin á virkum dögum frá þrjú til 18 og aðgangur er ókeypis.

gun@frettabladid.is





ASUS

acer

steelseries

msi

Seagate

SanDisk

MANHATTAN



TOSHIBA

SAMSUNG

RAZER

WACOM

PHILIPS



WD

# STÓRÚTSALA

## ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

FARTÖLVUR • SPJALDTÖLVUR • TÖLVUSKJÁIR  
 BORÐTÖLVUR • PRENTARAR • TURNKASSAR • SKJÁKORT  
 MINNISLYKLAR • HARÐIR DISKAR • FARTÖLVUTÖSKUR • MÓÐURBORÐ  
 FLAKKARAR • SSD • NETBÚNAÐUR • PAPPÍR • ÍHLUTIR • HÁTALARAR  
 SJÓNVARPSFLAKKARAR • TÓNERHYLKI • VIFTUR • VEFMYNDAVÉLAR  
 GEISLADISKAR • VEFMYNDAVÉLAR • LYKLABORÐ • MINNISKORT • SKANNAR  
 STÝRIPINNAR • HLJÓÐNEMAR • KÆLINGAR • MÚSAMOTTUR • VINNSLUMINNI • HÝSINGAR  
 MARGMIÐLUNARSPILARAR • SKRIFARAR • MÝS • HLJÓÐKORT • TÖLVULEIKIR OG FLEIRA

### MIKIÐ ÚRVAL AF TÖLVUVÖRUM Á STÓRÚTSÖLUVERÐI!

**SÝNINGAREINTÖK  
Á LÆKKUÐU VERÐI**



tl.is

**ÚTLITSGALLAÐ  
Á MIKLUM AFSLÆTTI**

**KOMDU OG GERÐU  
ÓTRÚLEG KAUP!**



REYKJAVÍK  
SUÐURLANDSBRAUT 26  
Sími 414 1700

AKUREYRI  
GLERÁRGÖTU 30  
Sími 414 1730

HÚSAVÍK  
GARÐARSBRAUT 18A  
Sími 464 1600

EGILSSTAÐIR  
KAUPVANGI 6  
Sími 414 1735

KEFLAVÍK  
HAFNARGÖTU 90  
Sími 414 1740

SELFOS  
AUSTURVEGI 34  
Sími 414 1745

AKRANES  
ÞJÓÐBRAUT 1  
Sími 431 333

HAFNARFJÖRÐUR  
REYKJAVÍKURVEGI 66  
Sími 414 1750



## Uppskrift: Lágkolvetnagranóla

Morgunmaturinn er af mörgum talinn mikilvægasta máltíð dagsins.

Í byrjun nýs árs huga margir að heilsunni og taka til í mataræðinu. Ein af mikilvægustu máltíðum dagsins er morgunmaturinn og skiptir miklu máli að sú máltíð sé næringarrík og seðjandi. Heimagerð granóla klikkar aldrei í morgunmat og sérstaklega ekki með grískri jógúrt eða léttri AB mjólk og ferskum berjum. Holl og góð byrjun á deginum.

2 dl hakkaðar möndlur
2 dl hakkaðar heslihnatur
1 dl sólblómafræ
1 dl graskersfræ
1 dl kókospjöl
1/3 dl hörfræ
1 tsk. vanilluduft (eða vanillusykur)
1 msk. kakó
3 msk. kókosolja (látíð hana bráðna svo hún verði fljótandi)
1 msk. hunang (má sleppa)

Blandið öllu saman í skál og dreifið úr á bökunarplötu klædda bökunarpappír. Bakið við 150°C í um 20-30 mínútur. Fylgist vel með blöndunni undir lokin svo hún brenni ekki við. Mælt er með að hræra nokkrum sinnum í granólunu á meðan það er í ofninum.

Uppskrift fengin af síðunni [www.ljufmeti.com](http://www.ljufmeti.com)



**OCULUS RIFT** Íslenskt landslag fær að njóta sín í tölvuleiknum.

## Upplifa Ísland í sýndarveruleika


Sýndarveruleikaframleiðandinn Verge hefur nú gefið út tölvuleikinn Iceland, sem hægt er að spila með sýndarveruleikabúnaðinum Oculus Rift. Í flestum tölvuleikjum tekur maður sjálfur stjórnina en Iceland er meira eins og slökunarupplifun þar sem notandinn sest aftur og skoðar sig einfaldlega um.

Í leiknum fer spilarinn á ferðalag um fallegt og töfrandi umhverfi, sem á að líkja afar lauslega eftir íslenskri náttúru. Þar er hægt að skoða norðurljósin, jökulsprungur og hálendið í góðu yfirlæti. Dýralífið er heldur ekki langt undan en menn geta rekist á kanínur, hvali og jafnvel ísbirni. Á heimasíðu Oculus fær leikurinn góða dóma frá spílurum. „Þetta var fyrsta upplifun mín í sýndarveruleika og ég held alltaf áfram að spila leikinn. Þetta er gríðarlega fallegur leikur og algjörlega gallalaus,“ segir einn.

Sýndarveruleikabúnaðurinn Oculus Rift hefur aðeins verið fáanlegur í sérstökum þróunarútgáfum en búist er við því að búnaðurinn fari á markaðinn á þessu ári. Um er að ræða sérstök gleraugu sem menn setja á sig en þá geta þeir sókkt sér í sýndarveruleikaheim.

- þj

Takið á yður mitt ok og lærið af mér, því að ég er hógvæð og af hjarta lítillátur, og þá munuð þér finna hvíld sálum yðar.



## Ballett og herþjálfun í vetur

Það eru ekki allir sem vilja fara hefðbundnar leiðir í líkamsrækt og hefur úrvalið fyrir þann hóp sjaldan verið betra. Herþjálfun í vatni og Ballett Fitness er það nýjasta í dag og henta þessir ólíku tímar flestum sem hafa áhuga á öðruvísi líkamsrækt. Hví ekki að byrja árið á því að prófa eitthvað alveg nýtt?

„Þetta eru æfingar eins og við þekkjum öll úr ræktinni og líkamsræktartímum, hopp, hlaup og annað. Nema þetta er í vatni þannig að mótstaðan er miklu meiri en dagsdaglega,“ segir Guðmundur Hafþórsson einkabjálfi. Hann er að byrja með námskeiðið Herþjálfun í vatni en þar eru gerðar æfingar í sundlaug. „Við erum að keyra á hárra ákefð, ná að keyra mikla brennslu og styrkja líkamann, en á sama tíma ertu ekki að fá högg á líkamann. Þetta er mjúk hreyfing og gríðarlega góð æfing,“ segir hann.

Tímarnir verða á þriðjudögum og fimmtudögum í vetur og er hvert námskeið fjórar vikur. „Þetta er tilvalið fyrir fólk sem er í ræktinni til að taka á móti þeim æfingum og það að vera í vatninu hefur slökunaráhrif,“ segir hann. Hver tími er 50-60 mínútur og er þetta í fyrsta sinn sem þetta er kennt hér á landi. Fyrsti tíminn er í dag klukkan 17.30 í Álftaneslaug og er öllum velkomið að koma og prófa.

### Ballett Fitness fyrir fullorðna

Ein heitasta líkamsræktin erlendis um þessar mundir er Ballett Fitness, og hafa æfingarnar verið sérstaklega vinsælar hjá fyrirsætum Victoria's Secret. Ballettskóli Eddu Scheving býður upp á námskeið í þessari vinsælu hreyfingu. „Þetta er byggt á prógrammi sem var sérhannað fyrir NYC-ballettinn og fyrir ballerínur sem voru að ná sér eftir meiðslum,“ segir Brynja Scheving hjá Ballettskólanum. Í tímunum er unnið mikið með líkamsstöðu og styrk. „Æfingarnar eru annars vegar æfingar á dýnu á gólfi þar sem áherslan er lögð á að styrkja miðjuna. Hins vegar eru þetta svo klassískar ballettdansæfingar við stöng,“ segir Brynja.

Æfingarnar segir hún vera svipaðar þeim sem þekkjast erlendis, en hér sé klassískum ballett blandað meira inn í. „Ballettinn er náttúrulega góð þjálfun fyrir allan líkamann, og þá sérstaklega æfingarnar fyrir miðjuna,“ segir hún. Tímarnir henta öllum, hvort sem það eru „gamlar“ ballerínur eða byrjendur. „Það er frjálst klæðnaður, en auðvitað er gott að vera í aðsníðnum fötum og með ballettskó. Og það eru allir velkomnir,“ bætir hún við.



**GOTT FYRIR MIÐJUNA** Brynja Scheving segir að Ballett Fitness-tímarnir vinni mikið með líkamsstöðu og styrk í miðjum líkamanum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI



**MIKIL BRENNSLA OG STYRKUR** Guðmundur Hafþórsson segir tímana henta öllum og sérstaklega þeim sem vilja bæta skemmtilegum aukæfingum við ræktina.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## FLEIRI GERA LÍKAMSRÆKT AÐ LÍFSSTÍL

### SUNNUDAGARNIR VINSÆLIR



„Mér finnst ég taka eftir því að fólk í yfirþyngd er óhræddara við að skrá sig á námskeið,“ segir Gunnhildur Práinsdóttir, deildarstjóri námskeiða og hóptíma í Sporthúsinu í Kópavogi. Hún segir nóg að gera í skráningum og sölu korta. „Haustin eru yfirleitt stærri en janúar, en núna er þetta samt jafnara en áður, fólk virðist vera að gera þetta að lífsstíl, sem er bara frábært. Það var til dæmis brjáláð að gera í skráningum milli jóla og nýárs og svo eru sunnudagarnir að verða þeir vinsælustu til þess að æfa,“ segir Gunnhildur.

### FJÖLBREYTNÍ ER LYKILLINN



„Það hefur verið sífelldur vöxtur í líkamsrækt á Íslandi, stöðugur og góður vöxtur. Það eru sífellt fleiri sem virðast halda út lengur,“ segir Ágústa Johnson, framkvæmdastjóri í Hreyfingu. „Það er svo ofsalega mikil fjölbreytni í líkamsrækt núna og ég held að það sé lykillinn. Fólk er í auknum mæli að stokka upp líkamsræktina hjá sér og fer í jóga og zumba samhliða því að lyfta,“ segir Ágústa. Janúar segir hún alltaf vera mesta álagstoppinn, ásamt september. „Það góða er að áður þá hrundi þetta alveg niður með vorinu, en í dag eru topparnir ekki eins stórir. Fólk er að finna að líkamsræktin skiptir máli.“

### BREYTING TIL BATNAÐAR



„Hjá okkur er mesta aukningin í jóga og pilates og fólk er meira að færa sig yfir í að nota eigin þyngd,“ segir Auðbjörg Arngrímsdóttir, umsjónarmaður hóptíma hjá World Class og líkamsræktarkennari. „Aðsóknin er mjög góð núna. Við erum með mikið úrval af námskeiðum og það er orðið uppselt á mörg þeirra. Það sem við höfum aðallega séð breytast síðustu tvö árin eða svo er að fólk heldur áfram að mæta og kemur þessu upp í rútínu. Það er færri sem kaupa árskort og mæta ekki nema tvo mánuði. Þetta er bara breyting til batnaðar,“ segir Auðbjörg.



HUNDRUÐIR  
VARA!



ÚTSALAN

Nú má skoða  
útsöluvörurnar líka  
á byggtogbuid.is

ER HAFIN

YFIR 1000 VÖRUR  
Á MÖGNUM TILBOÐI!



20 70%  
afsláttur!



**KAFFIVÉLAR,  
ELDHÚSÁHÖLD,  
POTTAR OG PÖNNUR,  
VÖFFLUJÁRN, BLANDARAR,  
DISKAR OG GLÖS, HEILSUGRILL,  
BORÐBÚNAÐUR, SAFAPRESSUR,  
BÖKUNARVÖRUR, RYKSUGUR, SUMAR-  
OG GRILLVÖRUR, BRAUÐRISTAR,  
HRADSUÐUKÖNNUR, ELDFÖST MÓT,  
HITAKÖNNUR OG BRÚSAR,  
BAÐVOGIR OG MARGT  
FLEIRA!**



KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!

Nú má skoða  
útsöluvörurnar líka  
á byggtogbuid.is

byggto**g**búid

KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS

Líkaðu við okkur  
á Facebook:  
[www.facebook.com/byggtogbuid](http://www.facebook.com/byggtogbuid)



**12**

**PRÍÐJUDAGSTILBOÐ**

**16**

**PRÍÐJUDAGSTILBOÐ**

**SMÁRRÁ BIÓ** 5%

THE HOBBIT 3 3D	KL. 5-6-8-9	12
THE HOBBIT 3 10XUS 3D 48R	KL. 4-7-10	12
NIGHT AT THE MUSEUM 3	KL. 3:30-5:45-8	12
EXODUS	KL. 6-9:30	16
MOCKINGJAY - PART 1	KL. 10:20	16
MÖRGESIR ÍSL. TAL. 2D	KL. 3:30	12

**HÁSKÓLA BIÓ** 5%

UNBROKEN	KL. 6-9	16
THE HOBBIT 3 3D	KL. 6-9	12
NIGHT AT THE MUSEUM 3	KL. 5:30-8	12
EXODUS	KL. 8	16
MOCKINGJAY - PART 1	KL. 10:15	16
MÖRGESIR ÍSL. TAL. 2D	KL. 5:30	12

**LAUGARÁSBÍÓ** Coca-Cola

**PRÍÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR**

LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar
HOBBIT 3 3D (48R)	5, 7, 8, 10, 11
NIGHT AT THE MUSEUM	5, 8
NIGHTCRAWLER	10:10
BIG HERO 6 2D	4:50

**SAMBIÓIN**

**PRÍÐJUDAGSTILBOÐ**

**UNBROKEN**

**PRÍÐJUDAGSTILBOÐ**

**SMÁRRÁ BIÓ** **ALFABAKKA**

UNBROKEN	kl. 5:30 - 8:30 - 10:20
UNBROKEN VIP	kl. 8:30
THE HOBBIT 3D	kl. 5:30 - 8:30
THE HOBBIT 2D	kl. 10:20
THE HOBBIT 2D VIP	kl. 5:30
LOVE, ROSIE	kl. 5:40 - 8
HORRIBLE BOSSES 2	kl. 5:40 - 8
BIG HERO 6 10XUS TAL. 2D	kl. 5:40
DUMB AND DUMBER TO	kl. 8
INTERSTELLAR	kl. 10:20

**SMÁRRÁ BIÓ** **EGILSHÖLL**

THE HOBBIT HFR 3D	kl. 4-7-10
THE HOBBIT 2D	kl. 6-9
LOVE, ROSIE	kl. 5:40-8
HORRIBLE BOSSES 2	kl. 8-10:20
BIG HERO 6 10XUS TAL. 2D	kl. 5:40
EXODUS: GODS AND KINGS 2D	kl. 10:20

**SMÁRRÁ BIÓ** **KRINGLUNNI NÚMÉRUD SÆTI**

UNBROKEN	kl. 5-8-10:50
LOVE, ROSIE	kl. 5:40-8-10:20
HORRIBLE BOSSES 2	kl. 10:20
BIG HERO 6 10XUS TAL. 2D	kl. 5:40
BIG HERO 6 10XUS TAL. 2D	kl. 8

**SMÁRRÁ BIÓ** **KEFLAVÍK**

UNBROKEN	kl. 10:20
THE HOBBIT 3D	kl. 5-8-11
HORRIBLE BOSSES 2	kl. 8
BIG HERO 6 10XUS TAL. 2D	kl. 5:50

**SMÁRRÁ BIÓ** **AKUREYRI**

UNBROKEN	kl. 8-10:20
LOVE, ROSIE	kl. 10:45
HORRIBLE BOSSES 2	kl. 8
BIG HERO 6 10XUS TAL. 3D	kl. 5:40
BIG HERO 6 10XUS TAL. 2D	kl. 5:40

**PRÍÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG**



**LIV TYLER** Leikkonan á von á barni með Dave Garner.

## Orðómur um trúlofun

Hin ófríska leikkona Liv Tyler hefur ýtt undir orðróm um að hún hafi trúlofast kærasta sínum Dave Garner eftir að hún sást með hring á vinstri hendi sinni. Armageddon-stjarnan viðurkendi opinberlega að hún átti í ástarsambandi með íþróttumboðsmanninum Garner, vini Davids Beckham, á síðasta ári eftir orðróm um að þau hefðu verið að hittast. Í september staðfesti Tyler að hún ætti von á sínu öðru barni. Hún á fyrir tíu ára soninn Milo úr sambandi sínu með breska tónlistarmanninum Royston Langdon.



**ANISTON** Kippir sér lítið upp við umfjöllun fjölmiðla. NORDICPHOTOS/GETTY

## Tjáði sig um skilnaðinn

Leikkonan Jennifer Aniston tjáði sig um skilnaðinn við leikarann Brad Pitt í viðtali við CBS. Hún hefur ekki mikið tjáð sig um skilnaðinn, en margir velta enn fyrir sér sambandi þessara tveggja stjarna sem skildu fyrir áratug. „Ég held að þetta sé eitthvað sem fylgir manni, því skilnaðurinn var fréttæmur. En fjölmiðlar velta sér meira upp úr þessu en ég. Við Brad höfum skipst á kveðjum og þannig, en við tölumst ekki við reglulega. Ég meina, ert þú í miklu sambandi við þína fyrrverandi konu?“ spurði Aniston fréttamann. Leikkonan er nú í hamingjuríku sambandi með leikaranum Justin Theroux.

# Hámark huggulegheitanna

**BAKPANKAR** Ég eyddi áramótunum norður í landi. Söru McMahon

Nánar tiltekið á Akureyri. Ég átti einstaklega huggulega viku í Eyjafirðinum og mig langar mikið að fara aftur og vera dálítið lengur. Miklu lengur – Akureyri er bara svo dekkoti laglegur og kósi bær.



**TIL** dæmis vaknaði ég á nýju ári við það að bærinn var þakinn léttum og dúnmjúkum púðurnsjó. Það hreyfði ekki vind og kyrrðin var alltumlykjandi. Ég skellti mér auðvitað í göngutúr og á leið minni mætti ég mörgum heimamanninum sem var annaðhvort að viðra hundinn sinn eða í stafgöngu. Allir buðu þeir góðan dag og óskuðu mér gleðilegs nýs árs – og ég þeim á móti. (Hraust og viðkunnanlegt fólk!)

**SVO** skemmir ekki fyrir að á Akureyri tekur það mann einungis tíu mínút-

ur að skjótast upp á skíðasvæðið og það var aldrei röð í stólalýftuna. Akureyringar virðast líka vera sérlega skynsamir því þeir voru allir með hjálm þegar þeir renndu sér á skíðum. Eini einstaklingurinn í öllu Hlíðarfjalli með óvarið höfuð var ég; aulinn að sunnan.

**SVO** get ég sagt ykkur að leigubíllarnir á Akureyri eru breyttir jeppar á 33 tommum! Enda dugir ekkert minna í fannferginu fyrir norðan!

**MENNINGARLÍFIÐ** á Akureyri er einnig fjölskrúðugt og þar má finna ógrynnin öll af söfnum: Leikfangasýningu, Flugsafn Íslands, mótörhjólasafn, Minjasafnið, Nonnahús og Iðnaðarsafnið, svo fátt eitt sé nefnt.


**EN** það skemmtilegasta við Akureyri er líklega hinn skýri og dásamlegi norðlenski hreimur. Hámark huggulegheitanna var að sitja þögul sem gröfin í stólalýftunni og hlýða á norðlenska sessunauta mína ræða daginn og veginn með þessum fallega hreim.



**IAN SOMERHALDER** Bandaríski leikarinn, sem er þekktur fyrir hlutverk í þáttunum Lost og The Vampire Diaries, var myndaður í Los Angeles.



**NAOMI WATTS** Leikkonan ljóshærða, sem var tilnefnd til Óskarsins fyrir hlutverk sitt í The Impossible með blómin sem hún keypti og bros á vör.



**JOSH DUHAMEL** Transformers-leikarinn skellti sér í hjólreiðatúr og var að sjálfsögðu myndaður í bak og fyrir.



**KRISTEN STEWART** Ljósmyndarar sátu fyrir Kristen Stewart úr Twilight-myndunum á flugvelli í Los Angeles.

# Varúð – papparassar!

Ljósmyndarar erlendra slúðurblaða svífast yfirleitt einskis til að „papparassa“ stjórnurnar. Það sem af er ári hafa þeir setið um þær víða og myndað, þrátt fyrir að stjórnurnar reyni hvað þær geta til að fela á sig bak við hatta eða sólgleraugu.



**TARYN MANNING** Leikkonan úr sjónvarpsþáttunum vinsælu Orange is the New Black var vel varin fyrir ágengni ljósmyndara.




**REESE WITHERSPOON** Leikkonan fræga var með sólgleraugu og í skrautlegum boxum.



**MATT DAMON** Hollywoodstjarnan gaf aðdáendum sínum eiginhandarítanir á flugvelli í Los Angeles.



**ROONEY MARA** Leikkonan úr The Girl with the Dragon Tattoo hafði engan áhuga á að brosa til ljósmyndaranna.



## BÍÓ ★ PARADÍS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-20

PRÍÐJUDAGSTILBOÐ 1000 KALL MIÐINN!

Turist	17.45	Mommy	20.00
Rudderless	18.00, 20.00	20,000 days on earth	22.00
Whiplash	18.00	Hross í oss ENG SUB	22.30
Winter sleep	20.00		



Ábendingahnappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)





SPORTHÚSIÐ

heilsurækt fyrir alla

KÓPAVOGUR

HotYoga

þín þróun...

# HOT YOGA

## 28 DAGA ÁSKORUN

Stundaðu Hot Yoga 7 daga vikunnar!

15 Hot Yoga tímar í boði í viku

Ashtanga Yoga fyrir byrjendur og lengra komna

MÁN	ÞRI	MIÐ	FIM	FÖS	LAU
06:15		06:15		06:15	11:00
09:00		09:00		09:00	SUN
	12:00		12:00		12:30
17:30	20:00	17:30	20:00	17:30	



Crossfit í Sporthúsinu:

## ÆFÐU MEÐ EVROPU MEISTURUM

Grunnnámskeið hefjast 7. janúar

4 vikna grunnnámskeið og 4 vikna framhald á aðeins 17.500 kr.

Kennt þri + mið + fös:

Kl. 6:00

Kl. 12:00

Kl. 17:30

þín þróun...

SPORTHÚSIÐ

heilsurækt fyrir alla

KÓPAVOGUR



## Guðmundur hafði betur gegn Svíum

**HANDBOLTI** Guðmundur Þórður Guðmundsson stýrði Dönum til sigurs gegn Svíum, 24-23, í æsispennandi vináttuleik sem fram fór í Malmö í gærkvöldi. Þetta eru næstu mótherjar Íslands, en strákarnir okkar mæta Svíum í Kristianstad á föstudaginn og svo Dönum í vináttuleik í Álaborg.

Leikurinn var æsispennandi allan tímann, en staðan í hálfleik var 11-10 fyrir heimamenn. Jafnt var nánast á öllum tölum. Sama spennan var í seinni hálfleik þar sem liðin skiptust á að vera með forystuna, en Svíar höfðu eins marks forystu, 23-22, þegar þrjár mínútur voru eftir.

Mikkel Hansen, sem átti stórleik í seinni hálfleik, jafnaði metin í 23-23 og einum færri skoraði Hans Lindberg sigurmarkið fyrir Dani þegar 20 sekúndur voru eftir. Allt eftir leikhlé hjá Guðmundi.

Guðmundur leyfði leikmönnum sem berjast um sæti í HM-hópnum að spreya sig í gær, en stórstjörnunnar stóðu sig flestar ágætlega.



## Ekki sjálfgefið að ég fari aftur í KR

**FÓTBOLTI** „Ég hef aðeins verið að hugsa minn gang hérna heima í jólafríinu,“ segir framherjinn Kjartan Henry Finnbogason, en hann gæti verið á heimleið frá danska félaginu Horsens.

„Ég hef verið meiddur og ekki getað hjálpað liðinu. Liðinu hefur síðan ekki gengið sem skyldi. Svo er ég einn úti án fjölskyldunnar og það hefur verið erfitt,“ segir Kjartan Henry en hann ætlar ekki að gefast upp og mæta sterkt til leiks í mars er deildin hefst á ný.

Engu að síður er fjárhagsleg staða félagsins ekki góð og félagið væri til í

að losna við hann af launaskrá. Hann hefur því kannað hvernig landið liggur hér heima síðustu daga.

„Ég vil vita að hverju ég geng ef ég kem heim. Ég spjallaði aðeins við Bjarna [þjálfara KR] en hann er góðvinnur minn. Ég spjallaði líka við FH-ingana. Ég hef snúið í nokkra hringi með það hvað ég ætti að gera núna um jólin. Það er gott að vita að hverju ég geng hér heima,“ segir framherjinn en það er alls ekki öruggt að hann spili með KR komi hann heim enda hefur FH mikinn áhuga.

„Það er ekki sjálfgefið að ég fari í KR. Ég er samt auðvitað KR-ingur



KJARTAN HENRY. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

og það vita allir. Þeir þurfa að vilja fá mig. Ég myndi alltaf kjósa KR en það er ekkert sjálfgefið í þessu og ég er opinn fyrir öllu.“

- hbg

## ÚRSLIT

### LANDSLEIKUR Í HANDBOLTA

#### ÍSLAND - ÞÝSKALAND 25-24 (12-12)

Ísland - Mörk (skot): Alexander Petersson 5 (9), Sigurbergur Sveinsson 5 (10), Arnór Þór Gunnarsson 4/1 (5/1), Arnór Atlason 3 (4), Guðjón Valur Sigurðsson 3 (7/2), Snorri Steinn Guðjónsson 2/1 (5/2), Ásgeir Örn Hallgrímsson 1 (2), Kári Kristján Kristjánsson 1 (2), Stefán Rafn Sigurmannsson 1 (3).

Varin skot: Björgvin Páll Gústavsson 7/2 (19/4, 37%), Aron Rafn Eðvarðsson 6 (18, 33%).

Hraðaupphlaup: 6 (Alexander Petersson 1, Arnór Þór Gunnarsson 1, Arnór Atlason 1, Guðjón Valur Sigurðsson 1, Ásgeir Örn Hallgrímsson 1, Stefán Rafn Sigurmannsson 1.).

Fiskuð víti: 5 (Alexander Petersson 1, Sigurbergur Sveinsson 2, Arnór Þór Gunnarsson 1, Guðjón Valur Sigurðsson 1.).

Utan vallar: 6 mínútur.

Þýskaland - Mörk (skot): Uwe Gensheimer 9/2 (11/4), Steffen Weinhold 5 (7), Paul Drux 2 (2), Stefan Kneer 2 (5), Patrick Wienczek 2 (5), Johannes Sellin 2 (5/1), Jens Schöngarth 1 (2), Patrick Groetzki 1 (2), Fabian Böhm (1), Martin Strobel (1).

Varin skot: Carsten Lichtlein 13/3 (38/5, 34%), Hraðaupphlaup: 5 (Steffen Weinhold 2, Patrick Wienczek 1, Johannes Sellin 2.).

Fiskuð víti: 5 (Steffen Weinhold 1, Patrick Wienczek 4.).

Utan vallar: 12 mínútur.

### NÆSTU LEIKIR ÍSLANDS

Kristianstad: Svíþjóð - Ísland fös. kl. 19.15  
Álaborg: Danmörk - Ísland lau. kl. 18.30  
Árósar: Ísland - Slóvenía sun. kl. 13.45

### ENSKA BIKARKEPPNIN

**BURNLEY - TOTTENHAM** 1-1  
0-1 Nacer Chadli (56.), 1-1 Sam Vokes (73.)  
**AF WIMBLEDON - LIVERPOOL** 1-2  
0-1 Steven Gerrard (12.), 1-1 Adebayo Akinfewa (36.), 1-2 Steven Gerrard (62.).



KOMINN AFTUR Emil getur spilað á föstudaginn. MYND/FJÖLNI

## Emil Þór spilar með Fjölni

**KÖRFUBOLTI** Fjölnismenn hafa fengið góðan liðsstyrk fyrir seinni hlutann í Domino's-deild karla í körfubolta.

Emil Þór Jóhannsson, sem spilaði með liðinu í 1. deildinni á síðustu leiktíð og hjálpaði því upp í efstu deild, hefur ákveðið að spila með Fjölni út leiktíðina.

Emil hefur áður spilað með Breiðabliki, KR og Snæfelli, en hann varð Íslandsmeistari með Snæfelli árið 2010.

Fyrsti leikur Emils verður einmitt gegn sínum gömlu fjölgum úr Hólminum þegar Fjölnismenn hefja leik á nýju ári á föstudagskvöldið.

Fjölnir er á botni Domino's-deildarinnar með fjögur stig eftir ellefu umferðir og á fyrir höndum mikla baráttu um að halda sæti sínu í deildinni.

- tom



BARÁTTA Sigurbergur Sveinsson fær að finna fyrir því í sóknarleiknum, en hann stóð sig vel í gær og var markahæstur ásamt Alexander með 5 mörk.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Strákarnir svöruðu fyrir sig

Ísland kvaddi landann með eins marks sigri á Þýskalandi í Laugardalshöllinni í gær en þetta var síðasti leikur liðsins á heimavelli fyrir HM í Katar. Það mátti sjá framför á leik strákanna okkar í gærkvöldi.

**HANDBOLTI** „Við áttum erfiðan leik í gær [fyrradag] en við mættum til leiks í kvöld af miklum krafti og svöruðum fyrir okkur. Það var gott,“ sagði Aron Kristjánsson, þjálfari Íslands, eftir eins marks sigur á Þýskalandi í síðasta leik strákanna hér á landi fyrir HM í Katar.

Ísland heldur því uppteknum hætti frá síðustu árum með því að vinna síðasta heimaleikinn í lokaundirbúningi sínum fyrir stórmót.

Það var mikil barátta í leiknum þó svo að þetta hafi verið æfingaleikur og Dagur Sigurðsson, þjálfari Þýskalands, ætlaði sér vitaskuld að fara af landi brott með tvo sigra í farteskinu.

Framliggjandi 6-0 vörn Íslands hélt þó vel lengst af í leiknum og þá fylgdi markvarslan og hraðaupphlaupin í gær. Sóknarleikur-

inn var svo betri og munaði miklu um innkomu Sigurbergs Sveinssonar á vinstri vænginn.

„Ég er ánægður með hversu fljótt við erum að ná okkar 6-0 vörn í gang því venjulega tekur það tíma. Þetta hefur verið okkar aðaláhersla í undirbúningnum og menn virðast vera í finu standi,“ segir Aron sem hrósaði einnig sóknarleiknum.

„Það var framför í honum – meiri agi og við fáum vinstri vænginn aðeins í gang. Við fækkum mistökum í hraðaupphlaupum sem gerði það að verkum að við unnum leikinn.“

Fyrri hálfleikur byrjaði vel, rétt eins og í fyrrakvöld, og strákarnir gáfu tóninn með sterkri 6-0 vörn og fínna frammistöðu Arons Rafns Eðvarðssonar, sem fékk tækifæri í byrjunarliðinu að þessu sinni. Sigurbergur kom

inn í stöðu vinstri skyttunnar af ágætum krafti og bjó til fyrsta mark leiksins fyrir Kára Kristján Kristjánsson, sem fékk einnig sénsinn í gær.

Eftir því sem að Aron byrjaði að skipta varamönnum inn á fór að bera á brestum í sóknarleiknum og við það voru aðrir þættir í leik íslenska liðsins fljótir að bregðast sömuleiðis. Þjóðverjar komust á mikinn sprett undir lok fyrri hálfleiksins en strákarnir náðu aðeins að rétta úr kútnum og jöfnuðu í lok hans, 12-12.

Íslendingar mættu ákveðnir til leiks í þeim síðari, náðu frumkvæðinu og héldu því allt til loka þó svo að það hafi stundum staðið tæpt. Varnarleikurinn var áfram góður og sóknarleikurinn betri en í fyrri leiknum, sem sást einna best á því að Sigurbergur

var gríðarlega mikilvægur á lokasprettinum og skapaði mikla ógn af vinstri vængnum.

„Sigrar í æfingaleikjum færa manni ákveðna ró og tiltrú á liðið – sem er mikilvægt,“ segir Aron. „En menn verða samt að leyfa sér að prófa ákveðna hluti enda er HM langt mót og maður þarf að hafa hlutina á hreinu.“

Hann segir íslenska liðið hafa sýnt meiri breidd í gær en í fyrri leiknum sem sé jákvætt. „Nú þurfum við að byggja ofan á þetta í næstu þremur æfingaleikjum og vonandi fáum við Aron [Pálmarsson] inn sem myndi styrkja okkur enn frekar.“

Strákarnir halda utan til Svíþjóðar á fimmtudag og spila þar við heimamenn á föstudag. Við taka svo leikir gegn Dönum og Slóvenum í Danmörku um helgina.

eirikur@frettabladid.is

## Reikna með að vera í fríi fram á sumar

Magnús Þór Gunnarsson fékk tilboð frá tveimur félögum en segir ekkert ákveðið með framtíð sína.

**KÖRFUBOLTI** Bakvörðurinn Magnús Þór Gunnarsson er ekki búinn að finna sér nýtt félag eftir viðskilnaðinn við Grindavík um áramótin. Magnús Þór var á sínu fyrsta ári hjá Grindavík og var með 12,4 stig og 3,1 frákast að meðaltali í þeim níu deildarleikjum sem hann spilaði á fyrri hluta tímabilsins í Domino's-deild karla.

„Það er ekkert komið í ljós. Ég mun áfram fylgjast með körfunni og sjá svo hvað gerist. Hugsu um lífið og þess háttar í leiðinni. En það er ekkert ákveðið og eins og er reikna ég einfaldlega með því að vera í pásu fram á sumar,“ sagði Magnús Þór í samtali við Fréttablaðið í gær.

Ástæður þess að hann hætti hjá Grindavík voru persónulegar og vildi hann ekki greina nánar frá þeim. „Ég kveð Grindavík svektur en samt sáttur. Mig langaði að vera áfram en það var ekki möguleiki að þessu sinni. Þetta er ákvörðunin sem ég tók og stand ég og fell með henni. Grindavík er gott félag sem gerði heilmikið fyrir mig. Fyrir það eiga þeir lof skilið í Grindavík og ekkert annað.“

Hann segir að það gæti verið erfitt að halda sér til hlés eftir því sem nær dregur úrslitakeppninni en félagaskiptaglugginn á Íslandi er þó aðeins opinn til loka mánaðarinnar.

„Ég hef fengið tvö tilboð og

auðvitað útiloka ég ekki neitt – ég væri klinkaður ef ég gerði það. En eins og staðan er nú þá er ég rólegur og í góðum gír,“ segir hann.

Magnús Þór hefur lengst af spilað með Keflavík á sínum ferli en segir að félagið sé ekki eitt þeirra sem hafi gert honum tilboð. Ef frá eru taldir nokkrir mánuðir í Danmörku hefur Magnús Þór aldrei spilað með liði utan Suðurnesjanna.

„Mig skiptir engu máli með hvaða liði ég spila – ég legg mig alltaf mikið fram og spila eins hvar sem ég er. Ef ég fer í nýtt lið þá kaupir ég mér bara nýja skó og verð töffari í því liði eins og öllum hinum.“

- esá



SKYTTAN Magnús Þór er hér í leik með Grindavík gegn KR í haust. Óvíst er hvar hann spilar næst. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



# ÁFRAM NÁMSMENN

# VIÐ ERUM TILBÚIN!



Tilboðsverð:  
**2.199.-**  
Fullt verð:  
2.800.-

Tungutak Málsaga - Ný bók



Tilboðsverð:  
**3.499.-**  
Fullt verð:  
4.356.-

Edda Snorra Sturlusonar - Ný bók



Tilboðsverð:  
**4.399.-**  
Fullt verð:  
5.684.-

Stærðfræði 4000 - Ný bók



Tilboðsverð:  
**999.-**  
Fullt verð:  
2.074.-

The Curious Incident of the Dog in the Night-Time - Ný bók

TÖKUM Á MÓTI  
NÁMSBÓKUM Í  
EFTIRTÖLDUM  
VERSLUNUM:

**KRINGLAN | SMÁRALIND**  
HALLARMÚLI 4 | AKUREYRI | HAFNARFIRÐI  
AKRANESI | ÍSAFIRÐI | KEFLAVÍK | VESTMANNAEYJUM

**PENNINN**

**Eymundsson**

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is  
Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboð gildir 6. janúar til og með 7. janúar, eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



## STÖÐ 2 KL. 18.54

### Ísland í dag

Umsjónarmenn fara yfir helstu tíðindi dagsins úr pólitíkinni, menningunni og mannlífinu. Ítarlegur íþróttapakki og veðurfréttir.



## Í KVÖLD



### THE CRAZY ONES

**STÖÐ 2 KL. 19.20** Geggjáðir gamanþættir með Robin Williams og Sóruh Michelle Gellar í aðalhlutverkum. Þættirnir fjalla um Zach Cropper, sjálfstýrðuggan en sérvitran textahöfund sem vinnur fyrir auglýsingastofu dóttur sinnar, Sydne.



### 2 BROKE GIRLS

**STÖÐ 2 KL. 19.40** Bráðskemmtileg gamanþáttaröð um stöllurnar Max og Caroline sem eru staðráðnar í að láta drauma sína rætast.



### The Tonight Show

**SKJÁR EINN KL. 22.30** Spjallþáttasniðingurinn Jimmy Fallon hefur tekið við keflinu af Jay Leno og stýrir nú hinum geysivinsælu þáttum Tonight Show þar sem hann hefur slegið öll áhorfsmet. Sjarmatröllið Bradley Cooper er gestur kvöldsins ásamt Emmy-verðlaunahafanum Harry Connick Jr.


## FM 957 KL. 14.00

### Yngvi Eysteins

Yngvi Eysteins fylgir þér á FM 957 eftir hádegi og spilar fyrir þig topp tónlist.



# iPhone viðgerðir



iSíminn  
Skiopholti 21

## STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.05 The Wonder Years
- 08.30 Gossip Girl
- 09.15 Bold and the Beautiful
- 09.35 Doctors
- 10.15 The Middle
- 10.40 Anger Management
- 11.05 Flipping Out
- 11.50 Covert Affairs
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 American Idol
- 14.25 The Mentalist
- 15.10 Scooby-Doo! Leynifélagið
- 15.35 Ofurhetjusérsvéitin
- 16.00 Sjáðu
- 16.25 Undateable
- 16.50 How I Met Your Mother
- 17.10 Bold and the Beautiful
- 17.32 Nágrannar
- 17.57 Simpson-fjölskyldan
- 18.23 Veður
- Ítarlegt veðurfréttayfirlit.
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag.
- 19.11 Veður
- 19.20 The Crazy Ones
- 19.40 2 Broke Girls
- 20.05 Tim's Vermeer Vönduð heimildarmynd frá 2013 um uppfinningamanninn Tim Jenison sem ákveður að gera vísindalega tilraun til að mála eins og hollenski málari Johannes Vermeer þótt hann hafi í raun enga hæfileika sem málari.
- 21.25 The Strain
- 22.10 Weeds
- 22.40 Exam
- 00.15 Game of Thrones
- 01.15 Kiss of Death
- 02.55 Nine Miles Down
- 04.20 Tim's Vermeer
- 05.40 Fréttir og Ísland í dag

## SPORT

- 07.00 AFC Wimbledon - Liverpool
- 13.35 Real Sociedad - Barcelona
- 15.15 Spænsku mörkin 14/15
- 15.45 Yeovil - Man. Utd.
- 17.25 AFC Wimbledon - Liverpool
- 19.05 Þýsku mörkin
- 19.35 Everton - West Ham Beint
- 21.40 UFC Now 2014
- 22.25 UFC Countdown
- 22.50 UFC 182. Jones vs. Cormier

## SPORT 2

- 11.30 Premier League Review '14/'15
- 12.25 Newcastle - Burnley
- 14.05 West Ham - WBA
- 15.45 Southampton - Arsenal
- 17.25 Chelsea - Man. City
- 17.55 Tottenham - Chelsea
- 19.35 Hull - Everton
- 21.15 Aston Villa - Crystal Palace
- 22.55 Premier League Review '14/'15
- 23.50 Derby - Leeds

## INN

20.00 Hrafnaþing 21.00 433 21.30 Gönguferðir

## ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó  
FM 89,5 Retro

FM 90,1 Rás 2  
FM 90,9 Gullbylgjan  
FM 93,5 Rás 1

## STÖÐ 3

- 18.15 Save With Jamie
- 19.00 Wipeout
- 19.45 My Boys
- 20.10 One Born Every Minutes UK
- 21.00 Pretty little liars
- 21.45 Treme
- 23.15 Southland
- 23.55 The Gates
- 00.40 The Crimson Petal and the White
- 02.15 The Crimson Petal and the White
- 03.50 Wipeout
- 04.30 My Boys
- 04.55 One Born Every Minutes UK
- 05.45 Pretty little liars
- 06.25 Treme

## Krakkastöðin

07.00 Dóra könnuður 07.24 Mörgæsinar frá Madagaskar 07.45 Doddi litli og Eyrnastór 07.55 Rasmus Klumpur og félagar 08.00 Áfram Diego, áfram! 08.24 Svampur Sveinsson 08.45 Mamma Mu 08.55 UKI 09.00 Brunabíllarnir 09.22 Latibær 09.47 Ávintýraferðin 10.00 Ben 10 10.25 Lína Langsokkur 10.47 Tommi og Jenni 10.53 Tom and Jerry 11.00 Dóra könnuður 11.24 Mörgæsinar frá Madagaskar 11.45 Doddi litli og Eyrnastór 11.55 Rasmus Klumpur og félagar 12.00 Áfram Diego, áfram! 12.24 Svampur Sveinsson 12.48 Mamma Mu 12.55 UKI 13.00 Brunabíllarnir 13.22 Latibær 13.44 Ávintýraferðin 14.00 Ben 10 14.25 Lína Langsokkur 14.47 Tommi og Jenni 14.53 Tom and Jerry 15.00 Dóra könnuður 15.24 Mörgæsinar frá Madagaskar 15.45 Doddi litli og Eyrnastór 15.55 Rasmus Klumpur og félagar 16.00 Áfram Diego, áfram! 16.24 Svampur Sveinsson 16.48 Mamma Mu 16.55 UKI 17.00 Brunabíllarnir 17.22 Latibær 17.44 Ávintýraferðin 18.00 Ben 10 18.25 Lína Langsokkur 18.47 Tommi og Jenni 18.53 Tom and Jerry 19.00 Algjör Sveppi og leitinn að Villa 20.20 Sögur fyrir svefninn

## GULLSTÖÐIN

- 17.25 Strákarnir
- 17.50 Friends
- 18.20 2 Broke Girls
- 18.45 Modern Family
- 19.10 Two and a Half Men
- 19.35 Veggfóður
- 20.15 Tossarnir
- 21.00 The Americans
- 21.50 The Blacklist
- 22.35 Grimm
- 23.20 Chuck
- 00.00 Cold Case
- 00.45 Veggfóður
- 01.25 Tossarnir
- 02.10 The Americans
- 03.00 The Blacklist
- 03.45 Grimm
- 04.25 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

- 09.00 The Object of My Affection
- 10.50 Bridges of Madison County
- 13.05 Contact
- 15.30 The Object of My Affection
- 17.20 Bridges of Madison County
- 19.35 Contact
- 22.00 Pacific Rim
- 00.10 Green Hornet
- 02.05 Brake
- 03.35 Pacific Rim

## RÚV

- 16.30 Ástareldur.
- 17.20 Músahús Mikka
- 17.43 Robbi og skrímsli
- 18.06 Millý spyr
- 18.15 Tákn málsfréttir
- 18.25 Melissa og Joey
- 18.45 Landakort
- 18.50 Rétt viðbrögð í skyndihjálpi
- 19.00 Fréttir
- 19.20 Íþróttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Kastljós
- 20.00 Castle
- 20.45 Snodhausar: að 25 árum liðnum
- 21.30 Sjónvarpsleikhúsið
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.20 Fallið
- 23.20 Endeavour – Stúlka
- 00.50 Kastljós
- 01.15 Fréttir
- 01.30 Dagskrárlök

## SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Everybody Loves Raymond
- 08.20 Dr. Phil
- 09.00 The Talk
- 09.45 Pepsi MAX tónlist
- 14.45 Cheers
- 15.10 Family Guy
- 15.30 Hotel Hell
- 16.20 An Idiot Abroad
- 17.05 Survivor
- 17.50 Dr. Phil
- 18.30 The Tonight Show
- 19.10 The Talk
- 19.50 Trophy Wife
- 20.15 Jane the Virgin Ung, heiðarleg og samviskusöm stelpa fer á spítala til að fá eina sprautu og fer þá óvart í velheppnaða frjósæmisáðgerð. Andrea Navedo hefur skapað sér stóran sess sem sterkur nýliði í gríni og uppistandi og fær nú stóra tækifærið í sjónvarpi í þessum nýju og fersku gamanþáttum.
- 21.00 The Good Wife Þessir margverðlaunuðu þættir njóta mikilla vinsælda meðal áhorfenda SkjásEins. Það er þokkadísinn Julianna Margulies sem fer með aðalhlutverk í þáttunum sem hin geðþekka eiginkona Alicia sem nú hefur ákveðið að yfirgefa sína gömlu lögræðistofu og stofna nýja ásamt fyrrum samstarfsmanni sínum. Þetta er sjötta serían af þessum vönduðu þáttum þar sem valdatafi, réttlætisbarátta og forboðin ást eru í aðalhlutverkum.
- 21.45 Elementary
- 22.30 The Tonight Show
- 23.15 Madam Secretary
- 00.00 Blue Bloods
- 00.45 The Good Wife
- 01.30 Elementary
- 02.15 The Tonight Show
- 03.05 Pepsi MAX tónlist

## Golfstöðin

- 08.00 PGA Tour 2014
- 11.20 PGA Tour 2014
- 16.20 PGA Tour 2014
- 19.15 PGA Tour 2014

## ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó  
FM 89,5 Retro

FM 90,1 Rás 2  
FM 90,9 Gullbylgjan  
FM 93,5 Rás 1

FM 95,7 FM957  
FM 96,3 FM Suðurland  
FM 96,7 Létt Bylgjan

FM 97,7 X-ið  
FM 98,9 Bylgjan  
FM 99,4 Útvarp Saga

FM 100,5 K100  
FM 102,9 Lindin



**40%**

AOS-7145H

Rakataeki 60 m2  
Verð áður: 24.950 kr.**14.970 kr.****30%**

HOM-ARNC02EU

Brethe loft-hreinsitæki 85 m2  
Verð áður: 39.750 kr.**27.825 kr.****30%**

HOM-ELMM8150



Stækkunar-pegill með LED ljósi

Verð áður: 9.750 kr.

**6.825 kr.****30%**

HOM-ELMWDB300EU

Wet&Dry Brush  
Verð áður: 7.950 kr.**5.565 kr.****30%**

HOM-FMSGAH

Shiatsu þrýstifótanudd  
Verð áður: 22.950 kr.**16.065 kr.****60%**

HOM-NOV45

Handnuddtæki  
Verð áður: 2.495 kr.**998 kr.****30%**

HOM-SGM425H



Nuddsæti Shiatsu bak með geli

Verð áður: 35.950 kr.

**25.165 kr.****20%**

LUM-NLDLU



Skrifstofulampi með dagljósi

Verð áður: 29.750 kr.

**23.800 kr.**

# Útsala 20-60%



## Eirberg

**30%**Tufte Bambull ullarnærföt  
Verð frá 4.865 kr.**30%**

HOM-CB200EU

Blóðrásærvun fyrir fætur  
Verð áður: 29.750 kr.**20.825 kr.****20%**

SHA-BUTTEROIL




Beauty Butter lífræn húðolía

Verð áður: 3.950 kr.

**3.160 kr.****20%**

SHA-TESH01

Nálastungudýna  
Verð áður: 9.750 kr.**7.800 kr.****40%**

SOE-661722

Töskuvog  
Verð áður: 3.750 kr.**2.250 kr.****20%**

SOE-68022

Fótavermir  
Verð áður: 6.950 kr.**5.560 kr.****20%**

WIT-WBP02

Withings Home Öryggistæki  
Verð áður: 44.750 kr.**35.800 kr.****20%**

WIT-WS50

Withings Snjallvog  
Verð áður: 36.750 kr.**29.400 kr.**



## MORGUNMATURINN



„Hafragrautur með chia-fræjum, bláberjum og kanil og kannski smá möndlumjólk út á. Svo drekk ég glas af nýkrestum appelsínusafa með.“

Íris Stefanía Skúladóttir, framkvæmdastýra Listar án landamæra og listsýningarinnar #KOMASVO

## Vilja opna umræðuna um einelti á netinu

Halldóra Guðjónsdóttir, leikkona og hótélstjóri, gerði stuttmynd um einelti með hópi unglinga.

„Ég er búin að vera með þessa hugmynd um forvarnarstarf með unglingum lengi,“ segir Halldóra Guðjónsdóttir, leikkona og hótélstjóri.

Hún er einn af aðstandendum stuttmyndarinnar Teiknimyndir, forvarnarmyndar um einelti. „Þetta verkefni er búið að vera í gangi lengi. Hugmyndin kviknaði fyrst á leiklistarnámskeiði í ágúst 2013, en þar hittu ég leikarana þrjá, sem allir eru frá Hvammsanga,“ segir Halldóra. Með þeim í verkefninu eru Natan Jónsson, leikstjóri og rithöfundur, og Þór-

unn Guðlaugsdóttir, leikkona og framleiðandi.

Í framhaldinu ræddu þau sín á milli hugmyndir fyrir myndina. „Krakkarnir vildu taka á einelti og þá sérstaklega neteinelti og skapa grundvöll fyrir foreldra, kennara og bara alla og opna umræðuna,“ segir hún, en myndin er sýnd frá sjónarhorni þolenda, gerenda og áhorfenda.

Halldóra segir þau hafa verið sammála um að eineltismál séu langt frá því að vera einföld. „Þetta er ekki svona svart og hvítt.

Það er ekki hægt að segja „hættu að stríða“,“ segir Halldóra.

„Verkefnið er hugsað sem forvarnarverkefni og erum við í viðræðum við menntamálaráðuneytið að sýna myndina, sem nú er tilbúin til sýninga, í grunn- og framhaldsskólum landsins og út frá henni muni krakkarnir vinna verkefni sem hentar hverjum og einum best,“ segir Halldóra.

- asi

**FLOTTUR HÓPUR** Halldóra ásamt krökkunum sem taka þátt í myndinni.



## ÚTSALAN ER HAFIN

15-60% afsláttur

Sendum frítt úr vefverslun

**Lin** DESIGN

Laugavegi 176 Glerártorgi lindesign.is

## Íslensk fyrirsæta í rússnesku myndbandi

Íslenska fyrirsætan Hulda Vigdísardóttir fer með aðalhlutverk í rússnesku tónlistarmyndbandi, þar sem Ísland og íslenska veðráttan leika stórt hlutverk.

Íslenska fyrirsætan Hulda Vigdísardóttir fer með aðalhlutverk í myndbandi rússneska tónlistarmannsins Nikolay Stravinsky, en myndbandið var tekið upp hér á landi um páskana 2014.

„Leikstjóri myndbandsins sendi mér bara tölvupóst og spurði hvort ég vildi vera með í myndbandinu. Ég býst við að hann hafi bara fundið mig á netinu,“ segir Hulda.

Leikstjóri myndbandsins er Drazen Kuljanin og um kvikmyndatöku sá Anna Patarakina, sem gerði myndbandið við eitt vinsælasta lag síðasta árs, Rather Be með Clean Bandit. Tökur á myndbandinu stóðu yfir í tvo daga og fóru aðallega fram í Borgarfirði og við Skógafoss.

„Þau leigðu hús í Borgarfirði þar sem við vorum. Þau voru búin að heyra mikið um landið og hvernig landslagið og veðrið væri. Það vildi svo skemmtilega til að veðrið var í essinu sínu þessa daga og var „extra“ breytilegt, þannig að við fengum án gríns allar tegundir af veðri,“ segir Hulda.

Hún bætir við að það hafi verið hálf skondið að fylgjast með þeim í veðrabreytingunum og að þau hefðu varla getað trúað þessu. „Þau voru alltaf að tala um hvað landslagið væri æðislega fallegt og þetta væri nú bara eins og að vera á annarri plánetu eða á tunglinu,“ segir hún.

Myndbandið hefur fengið mikla spilun á rússnesku MTV-stöðinni og í Evrópu. Í kjölfarið hefur Hulda fengið fjöldann allan af tölvupósti og skilaboðum á Facebook frá aðdáendum Stravinsky um Ísland.



**EKTA ÍSLENSKT VEÐUR** Hulda ásamt rússneska tónlistarmanninum Nikolay Stravinsky, hæstánægð í íslensku rigningunni.

„Það er rosa mikið verið að spyrja um landið og svona, Margir eru að spyrja hvenær sé best að heimsækja landið, að vetri eða sumri til. Ég veit ekki hvort það hefur einhver komið, en það er einn strákur sem ætlar að heimsækja landið í sumar,“ segir Hulda.

adda@frettabladid.is

„Það vildi svo skemmtilega til að veðrið var í essinu sínu þessa daga og var „extra“ breytilegt, þannig að við fengum án gríns allar tegundir af veðri.“

## Hitti hetjurnar sínar í Los Angeles

Hjólabbrettakappinn Siggí P opnar sína fyrstu ljósmyndasýningu á morgun.

Hjólabbrettakappinn Siggí P opnar sína fyrstu ljósmyndasýningu í The Cocoo's Nest á Grandagarði á morgun. Hún nefnist Reykjavík Los Angeles og er samsett af stórum svarthvítum filmuljósmyndum.

Eins og nafnið gefur til kynna var hluti myndanna tekinn í Los Angeles. „Ég fór í hjólabbrettapílagrimsferð í mánuð til að hitta hetjurnar,“ segir Siggí, eða Sigurður Páll Pálsson og á þar við hetjur sínar úr hjólabbrettabrúnum. Þar á meðal voru Jason Dill, Guy Mariano og Anthony Van Engelen. „Það var mjög gaman og rosalega mikil upplifun. Við vorum bara að spjalla og „skeita“.“

Siggí hefur stundað hjólabbrettaíþróttina í tíu ár og segir senuna hér hafa stækkað mikið. „Það er alveg rosalega mikið af krökkum byrjaðir að „skeita“. Þetta er að stækka eins og ég veit ekki hvað.“


- fb

→ Siggí vinnur út frá þeirri hugmyndafræði og ályktun að fátt sé súperrealískara en ljósmynd. Að þær ljúgi á þann hátt að þú heldur að þær gefi þér hreinskilna sýn á raunveruleikann þegar þær í raun rífa, snúa og brensla raunveruleikann til að gefa þér ákveðna tilfinningu, sem var aldrei til staðar til að byrja með.



**SIGGÍ P** Hjólabbrettakappinn opnar sína fyrstu ljósmyndasýningu á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN





Þriðjudags

TILBOÐ

DOMINO'S

1000 KR.

Miðstærð af pizzu með 3 áleggstegundum að eigin vali. Ef þú sækir.  
Gildir fyrir klassískan, ítalskan og lauflettan botn.



VIÐ NOTUM EINGÖNGU 100% ÍSLENSKAN OST!

ITALIA: Ferskur mozzarella, kirsuberjatómatar og basilpestó

WWW.DOMINOS.IS DOMINO'S APP SÍMI 58 12345



## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Fimm tóku viðtal

Skáldsaga Andra Snæs, Love Star, kemur út í Frakklandi þann 8. janúar næstkomandi. Af því tilefni er hann í viðtali í menningarritinu La Vie. Óvanalega margir blaðamenn tóku viðtalið við hann. „Það komu fimm blaðamenn til landsins til að tala við mig. Ég fór í landkynningargírinn,“ segir Andri Snær, sem kenndi blaðamönnum líka að gera snjóengla í jólasnjónum.



### Söngvari í víkingapreki

Árni Vilhjálmsson, söngvari FM Belfast, er nýbyrjaður í víkingapreki hjá bardagafélaginu Mjölni. Hann byrjaði á því að koma sér í form í sumar og naut þá aðstoðar einkabjálfarans Bjarka Þórs Pálssonar, sem keppir fyrir hönd Mjölnis og kallar sig þá Þór. Aðspurður segist Árni hafa viljað viðhalda því sem hann lærði hjá honum. „Ég hef prófað hitt og þetta en það er eitthvað við Mjölni sem heldur manni við efnið. Það er einhver orka þarna sem hvetur mann áfram,“ segir söngvarinn.



„Maður vill vera í góðu líkamlegu formi og líða vel.“  
- fb

### Mest lesið

- 14 ára stelpa lögð í nútímaeinelti: „Hengdu þig, fokking mellan þín“
- Jóhann Páll hættur á DV
- Grófu tvöfalt meira en verktakar undir Vaðlaheiði
- Staðnir að svindli í jólaprófum: „Verður afgreitt fljótlega“
- Dómstjóri fer varlega í birtingu dóma því Google gleymir engu
- Sex barnshafandi konur eru í óvissu

**RISA ÚTSALA**  
YFIR 2000 VÖRUTEGUNDIR  
**ALLT AÐ 75% AFSL.**  
OG ENGIN VÖRUGJÖLD!

**SJÓNVÖRP ÚTVÖRP**  
FERÐATAEKI BÍLTÆKI  
DVD SPILARAR MAGNARAR  
HÁTALARAR MYNDAVÉLAR  
HEYRNARTÖL BÍLHÁTALARAR  
HLJÓMBORÐ MP3 SPILARAR  
REIKNIVÉLAR VÖFLUJÁRN OFNAR  
FRYSTIKISTUR BLANDARAR HÁFAR  
ÓRBYLJUOFNAR PRÁDLAUSIR SÍMAR  
PÖVTTAVÉLAR STRAUJÁRN ISKÁPAR  
SAMLOKUGRILL STRAUJÁRN ISKÁPAR  
HELLUBORÐ RYKSUCU  
UPPÞVOTTAVÉLAR

Sjá allt úrvalið á ht.is

www.ht.is  
SUÐURLANDSBRAUT 26 - SÍMI 569 1500

Völuteigur 17-19 - Mosfellsbæ - Sími 660 0021

# Lager sprengjan

Opið virka daga 12-18:30 og laugardag 12-16

Aðeins í nokkra daga  
Frábært tækifæri til að gera góð kaup!

# 20-50%

afsláttur af skiptidýnum, eldri gerðum, útlitsgölluðum dýnum o.fl. Nokkrar 180x210 cm dýnur á sértilboði.

**Tilboð**  
á völdum vörum í verslun meðan á lagersölu standur t.d. sýningardýnum

**12 mán.**  
vaxtalausar greiðslur\*

TAKMARKAÐ MAGN FYRSTIR KOMA - FYRSTIR FÁ

**Svefn & heilsa**  
★★★★★

Lager: Völuteigi 17-19 - Mosfellsbæ  
Sími 660 0021 - Opið kl. 12-18:30  
laugardag 12:00 - 16:00  
[www.svefn.is](http://www.svefn.is)

Listhúsinu Laugardal, Reykjavík og Baldursnesi 6, Akureyri